

Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi

Ársskýrsla fyrir skólaárið 2020 til 2021

tekin saman af sviðsstjórum

Ida Løn

Kristjana Sigríður Skúladóttir

Efnisyfirlit

1	Starfið veturinn 2020-2021	4
1.1	Inngangur	4
1.2	Tölulegar upplýsingar.....	7
1.3	Fundarról skólaársins	10
1.4	Erlend samstarfsverkefni	11
1.5	Stiklur úr skólastarfinu	11
2	Skýrslur kennslustjóra og fagstjóra	17
2.1	Svið: Tungumál, samfélagsgreinar og lífsleikni	17
2.1.1	Danska.....	17
2.1.2	Enska	19
2.1.3	Íslenska.....	21
2.1.4	Ergó	26
2.1.5	Bragi	28
2.1.6	Samfélagsgreinar.....	29
2.1.7	Goði	31
2.1.8	Tungumál: franska, spænska, þýska.....	31
2.1.9	Íslenska sem annað tungumál.....	35
2.2	Svið: Listir, íþróttir, starfsmenntir, stærðfræði og raungreinar	36
2.2.1	Leiklist	37
2.2.2	Myndlist, nýsköpun og miðlun.....	37
2.2.3	Grunnnám matvæla- og ferðagreina og almen matreiðsla og bakstur	40
2.2.4	Hönnun og textíll.....	41
2.2.5	Íþróttir	42
2.2.6	Hestagreinar	44
2.2.7	Raungreinar.....	46
2.2.8	Sjúkraliðagreinar	48
2.2.9	Stærðfræði	49
2.2.10	Verknám.....	52
2.3	Sérnámsbraut.....	60
2.4	Bókasafn.....	66
2.5	Skýrsla félagslífs- og forvarnafulltrúa.....	73
2.6	SKOH - Skólinn í okkar höndum	76
2.7	Flóafár	79
2.8	Kátir dagar.....	79
2.9	Skýrsla jafnréttisfulltrúa.....	79
2.10	Skólastarf í fangelsum	80
2.11	Náms- og starfsráðgjöf.....	92
2.12	Grunnmenntabréf	100
2.13	Kerfisstjóri og tölvuþjónusta	103
2.14	Prófstjórn	107
2.15	Fjarnám grunnskólanema	109
2.16	Sjálfsmat.....	111

Skólameistari

Olga Lís Garðarsdóttir

Aðstoðarskólameistari

Sigursveinn Már Sigurðsson

Áfangastjóri

Björgvin E. Björgvinsson

Sviðsstjórar

Ida Løn

Kristjana Sigríður Skúladóttir

Jóhanna Guðjónsdóttir

Tungumál, samfélagsgreinar og Ergó

Stærðfræði, raungreinar, starfsmenntir, listir og íþróttir

Sérnámsbraut

Kennslustjórar

Ásdís Björg Ingvarsdóttir

Eyrún Björg Magnúsdóttir

Gylfi Þorkelsson

Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir

Guðfinna Gunnarsdóttir

Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir

Ólafur Einarsson

Svanur Ingvarsson

Hrefna Clausen

List-, matvælagreinar og íþróttir

Samfélagsgreinar

Litla-Hraun, Sogn

Íslenska

Enska

Stærðfræði

Raungreinar

Verknám

Erlend mál, önnur en enska

Verkefnastjórar/fagstjórar

Borgþór Helgason

Grímur Lúðvíksson

Guðbjörg Grímsdóttir

Hrefna Clausen

Íris Þórðardóttir

Ida Løn/Pelle Carøe

Ragnheiður Eiríksdóttir

Sissel Tveten

Sverrir Geir Ingibjartsson

Ægir Sigurðsson

Málmiðngreinar

Rafiðngreinar

Skólinn í okkar höndum

Umsjón með nemendum með erlendan bakgrunn

Sjúkraliðagreinar

Danska

Ergo

Hestamennska

Íþróttir

Bragi

Náms- og starfsráðgjafar

Agnes Ósk Snorraddóttir

Anna Fríða Bjarnadóttir

Bjarney Sif Ægisdóttir

Sjálfsmatshópur

Ida Løn

Kristjana Sigríður Skúladóttir

Sigursveinn Már Sigurðsson (formaður)

Félagslífs- og forvarnarfulltrúar

Ingunn Helgadóttir

Tómas Davíð Ibsen

Jafnréttisfulltrúi

Eyrún Björg Magnúsdóttir

Umsjón með Gettu betur

Stefán Hannesson

Fréttastjóri heimasíðu

Guðfinna Gunnarsdóttir

Umsjón með Grunnmenntabré

Bjarney Sif Ægisdóttir

1 Starfið veturinn 2020-2021

1.1 Inngangur

Skólaárið 2020 til 2021 var þrítugastaogníunda starfsár skólans. Ársskýrsla þessi er gefin út til að varpa ljósi á skólaárið sem var afar óvenjulegt ár í ljósi heimsfaraldursins Covid-19. Raktir eru helstu atburðir og upptakur á skólaárinu, hér má finna upplýsingar um hverjir gegndu hvaða hlutverkum og hvernig gekk. Sjá má skýrslur frá hverri deild fyrir sig þar sem fag- og kennslustjórar fjalla um hvernig starfið gekk í vetur, nýjungar, hvað tókst vel og hvað má betur fara. Tölulegar upplýsingar um skólaárið eru reifaðar, hvernig nemendur skiptast á brautir sem og hvernig þeim gekk að mæta í skólann og standast námskörfur.

Skýrslur bókasafns, félagsmála- og forvarnafulltrúa, grunnmenntabráar, náms- og starfsráðgjafa, skólahalds fangelsa á Íslandi, sjálfsmats, verkefnisins Skólinn í okkar höndum, skýrsla prófstjóra, skýrsla um fjarnám grunnskólanema og tölvuþjónustunnar eru birtar hér. Allar þessar skýrslur eru einnig aðgengilegar á vef skólans.

Skólaárið hófst með fundi starfsmanna föstudaginn 14. ágúst 2020 og starfsdegi kennara mánudaginn 17. ágúst. Í upphafi ársins voru 849 nemendur skráðir til náms við skólann, þar af 204 nýnemar.

Nýnemadagurinn fór fram 18. ágúst, nýnemar mættu í skólann og fengu góða kynningu á skólanum, aðstöðunni, tölvukerfunum, nemendafélaginu, bókasafni, náms- og starfsráðgjöf og fleiru sem tengist því að byrja í framhaldsskóla. Dagurinn var aðlagður að gildandi reglugerð vegna covid. Nemendur komu í hús í þremur hollum kl. 8:15, kl. 10:45 og kl. 13:30.

Töflubreytingar: Rafrænar töflubreytingar fóru fram þriðjudaginn 18. ágúst á milli kl. 9:00 og 12:00.

Fyrsti kennsludagur var mánudaginn 24. ágúst en þá hófst kennsla kl. 8.15 samkvæmt stundaskrá.

Áfangamessan á haustönninni var rafræn og sett á vef skólans miðvikudaginn 14. október. Hún fólst í kynningum frá deildum á námsframboði.

Síðasti kennsludagur haustannar var föstudaginn 4. desember.

Fyrsti prófdagur annarinnar var mánudaginn 7. desember og sá síðasti mánudagurinn 14. desember, en þann dag fóru fram sjúkrapróf.

Síðasti starfsmannafundur annarinnar var þriðjudaginn 15. desember en þá var námsmat einnig birt nemendum og rafræn prófsýning fór fram með þeim hætti að kennarar voru aðgengilegir nemendum sem vildu fara yfir námsmat annarinnar.

Brautskráning á haustönninni fór fram laugardaginn 19. desember í tveimur hollum kl. 13 og 14:30, í húsakynnum skólans án aðstandenda vegna fjöldatakmarkana.

Dúx skólans á haustönn 2020 var Þórunn Anna Guðbjartsdóttir og hlaut hún einning virðurkenningu frá Hollvarðasamtökum FSu. Alls brautskráðust 53 nemendur frá skólanum af ýmsum brautum. Nemendur hér fyrir neðan hlutu verðlaun. Formaður skólanefndarinnar Ingvar Pétur Guðbjörnsson hafði tekið upp einstaklega hátíðarlega fráfaraæðu sem var sýnd á stóra tjaldinu.

Viðurkenningar á brautskráningu, haustönn 2020:

Nafn nemenda	Lýsing	Stúdentsbraut/lína/grein
Gyða Sveinbjörg Kristinsdóttir	Góður árangur	Hestagreinar, stúdentspróf
Íris Beata Dudziak	„Metnaður þinn er til fyrirmyndar í námi“	Studentpróf í félagsvísindum
Íris Beata Duzdiak	Mjög góður árangur	Þýska, stúdentspróf
Katrín Birna Sigurðardóttir	Framúrskarandi árangur	Danska, stúdentspróf
Martin Bjarni Guðmundsson	Mjög góður árangur	Þýska, stúdentspróf
Thelma Dögg Tómasdóttir	Mjög góður árangur	Hestagreinar, stúdentspróf
Þórunn Anna Guðbjartsdóttir	Framúrskarandi árangur 6 áfangar með 10 í einkunn	Stærðfræði, stúdentspróf
Þórunn Anna Guðbjartsdóttir	Framúrskarandi árangur	Íslenska, stúdentspróf
Þórunn Anna Guðbjartsdóttir	Framúrskarandi árangur og áhuga	Spænska, stúdentspróf

Skipting brautskráðra á brautum, haustönn 2020:

Fjöldi nemenda sem lauk/luku námi	Braut/lína	Stytting brautar
3	Húsasmíðabraut	HÚS
31	Opin lína	ST-1
2	Félagsgreinalína	ST1-F
3	Hestalína	ST2-H
1	Vélvirkjabraut	VV H
2	Stúdentsbraut starfsnám	ST2
1	Listalína	ST2-L
5	Náttúrufræðilína	ST1-N
1	Viðskipta- og hagfræðilína	ST1-VH
3	Íþróttalína	ST1-Í
1	Listalína	LNB

Vorönn 2021. Fyrsti kennsludagur vorannar var fimmtudaginn 7. janúar 2021, sá dagur ásamt föstudeginum 8. janúar var kenndur í fjarkennslu en staðnám hófst í skólanum, skv. stundaskrá mánudaginn 11. janúar. Ný eyktaskipan var tekin upp með samfelldum tvöföldum tímum. Breyting á eyktaskipan var gerð til að létta álag á nemendum, hafa færri fög á dag, en einnig til að létta álag í skólanum sjálfum, fækka nemendum sem stöldruðu við í húsi vegna eyðu í stundaskrá þar sem það var ekki í boði vegna sóttvarnaraðgerða. Sóttvarnaraðgerðir voru mjög áberandi, sérstaklega í upphafi annar með tilheyrandi reglum og tilmælum sem allir fóru eftir. Síðasti kennsludagur var föstudaginn 6. maí og lokapróf hófust mánudaginn 9. maí. Birting námsmats var þriðjudaginn 17. maí. Brautskráning fór fram laugardaginn 22. maí í óhefðbundinni brautskráningu, 104 nemendur brautskráðust. Vegna samkomutakmarkana var brottfarendum skipt niður í tvo hópa, tvær athafnir fóru fram kl. 11 og kl. 13:30. Tveir aðstandendur voru leyfðir með hverjum útskriftarnemanda. Kristín Ólafsdóttir var dúx skólans.

Viðurkenningar á brautskráningu, vorönn 2021:

Nafn nemenda	Lýsing	Stúdentsbraut/lína/grein
Arney Ólöf Arnardóttir	Góður árangur	Hestalína
Brynjar Gísli Stefánsson	Frábær árangur	Húsasmíðabraut
Elísabet Erla Birgisdóttir	Framúrskarandi árangur 6 áfanga með 9,66 í meðaleinkun	Matreiðslu á starfsbraut

Gígja Marín Þorsteinsdóttir	Menntaverðlauna Háskóla Íslands fyrir frábæra frammistöðu á stúdentsprófi þar sem fjölbreyttir hæfileikar njóta sín þ.e. tónlist, íþróttir, þátttaka í félagslífi og bóklegur námsárangur.	
Gígja Marín Þorsteinsdóttir	Frábær störf í félagslífi nemenda	
Guðný Von Jóhannesdóttir	Einskær áhugi og mjög góður árangur	Danska, enska, franska, spænska, þýska og kínverska.
Guðný Von Jóhannesdóttir	Dugnað, góða ástundun og metnað	Saga
Guðný Von Jóhannesdóttir	Mjög góður árangur	Íslensku
Jón Ingi Guðfinnsson	Framúrskarandi árangur	Íþróttir á starfsbraut
Kristín Ólafsdóttir	Framúrskarandi árangur	Stærðfræði
Kristín Ólafsdóttir	Framúrskarandi námsárangur	Danska
Kristófer Agnarsson	Framúrskarandi áhuga og dugnað	Hönnun, textíl og trésmíði á starfsbraut
Kristrún Júlía Halldórsdóttir	Framúrskarandi árangur	Hönnun og textíl
Lýdía Líf Aronsdóttir	Framúrskarandi árangur	Stærðfræði
Lýdía Líf Aronsdóttir	Glæsilegur árangur	Félagsgreinar
Lýdía Líf Aronsdóttir	Mjög góður árangur	Enska
Lýdía Líf Aronsdóttir	Mjög góður árangur	Íslenska
Oliver Gabriel Figlarski	Framúrskarandi árangur	Stærðfræði
Oliver Gabriel Figlarski	Frábær námsárangur	Náttúrufræðigreinar
Sigurbjörg Steinarsdóttir	Framúrskarandi árangur	Stærðfræði
Sveinn Bergsson	Frábær árangur og mikinn metnaður	Vélvikjargreinar

Skipting brautskráðra á brautum, vorönn 2021:

Fjöldi nemenda sem lauk/luku námi	Braut/lína	Stytting brautar
16	Húsasmiðabraut	HÚS
4	Alþjóðalína	ST1-F
38	Opin lína	ST-1
5	Rafvirkjabraut	RA H
9	Félagsgreinalína	ST1-F
3	Hestalína	ST2-H
5	Vélvirkjabraut	VV H
4	Stúdentsbraut starfsnám	ST2
1	Grunnmentabré	GRB
2	Listalína	ST2-L
5	Sérnámsbraut	SB
6	Náttúrufræðilína	ST1-N
4	Viðskipta- og hagfræðilína	ST1-VH
1	Íþróttalína	ST1-Í
1	Listnámsbraut	LNB

Eftirfarandi starfsmenn hættu á árinu og er þeim þakkað gott starf:

Haustönn: Árni Blandon, Ingibjörg Ólöf Sigurðardóttir, Helgi Kristinsson og Helgi Þorvaldsson

Vorönn: Birna Sigurkarlsdóttir, Ingibjörg Ó. Sigurðardóttir, Laufey Danívalsdóttir, Sigurður Grímsson og Vigdís Guðjónsdóttir

Framkvæmd ársskýrslu FSu skólaárið 2020-2021

Kennslu- og fagstjórar skiluðu skýrslum deilda föstudaginn 28. maí að loknum starfsdögnum 25.-26. maí, ekki var gefin endurgjöf á skýrslurnar, heldur voru þær einungis lesnar yfir og í framhaldi sett fram tillaga að verklagi fyrir skýrslugerð komandi árs sem er eftirfarandi:

- Staðreyndir teknir saman jafn óðum frá upphafi skólaárs.
- Deildir skila fyrsta uppkasti föstudaginn 27. maí.
- Endurgjöf til kennslu- og fagstjóra í vikunni 30. maí – 3. júní.
- Lokaskil frá deildum: Miðvikudaginn 8. júní í lok vinnudags.
- Sviðsstjórar taka saman og vinna tölulegar upplýsingar.
- Ársskýrslan tilbúin til birtingar 15. júní 2022.

1.2 Tölulegar upplýsingar

Á haustönn 2020 voru dagskólanemendur 849 talsins þann 14. september sem notaður er til viðmiðunar fyrir fjölda nemenda sem hóf nám þennan vetur. Við upphaf annar lögðu nemendur í dagskóla undir 25.142 nýjar framhaldskólaeiningar en við lok annarinnar stóðust 19.776 einingar. Þannig töpuðust 21,3% eininga yfir önnina. Þetta hlutfall var 17,7% á haustönn 2019. Upplýsingar um aldur, kyn, brautir og annað miðast því við 849 nemendur í dagskóla í upphafi annar. Nýnemar í dagskóla á haustönn voru 204 talsins.

Í upphafi vorannar 2021 voru, viðmiðunardaginn 28. janúar, skráðir nemendur í dagskóla 775 talsins. Við upphaf annar lögðu nemendur í dagskóla undir 22.356 framhaldskólaeiningar en við lok annarinnar stóðust 18.670 einingar. Þannig töpuðust 16% eininga á önninni. Til samanburðar má geta þess að vorið 2020 töpuðust 19% eininga og vorið 2019 var hlutfallið 22%. Námsárangur í dagskóla, samkvæmt þessum tölum, er því talsvert betri en síðastliðnar tvær vorannir.

Í eftirfarandi töflu má sjá dreifingu dagskólanemenda á brautir skólaárið 2020-2021 m.v. viðmiðunardagana 14. september og 28. janúar.

Nemendur á brautum		Haustönn 2020	Hlutfall	Vorönn 2021	Hlutfall
GHÁ	Grunnnám háriðna	12	1.41%	12	1.55%
GMF	Grunnnám matvæla- og ferðagreina	12	1.41%	10	1.29%
GRB	Grunnmenntabré	27	3.18%	22	2.84%
HE	Hestamennska	2	0.24%	2	0.26%
HÚS	Húsasmiðabraut	59	6.95%	66	8.52%
ÍþB	Íþróttabraut	9	1.06%	8	1.03%
LNB	Listnámsbraut	10	1.18%	6	0.77%
RA	Rafvirkjabraut	61	7.18%	55	7.10%
SB	Sérnámsbraut	55	6.48%	49	6.32%
SJ	Sjúkraliðabraut	10	1.18%	10	1.29%
ST-1	Stúdentsbraut-Opin lína	294	34.63%	271	34.97%
ST1-A	Stúdentsbraut-Alþjóðalína	16	1.88%	16	2.06%
ST1-F	Stúdentsbraut-Félagsgreinalína	41	4.83%	35	4.52%
ST1-Í	Stúdentsbraut-Íþróttalína	42	4.95%	38	4.90%
ST1-N	Stúdentsbraut Náttúrufræðilína	70	8.24%	54	6.97%
ST1-VH	Stúdentsbraut Viðskipta- og hagfræðilína	23	2.71%	24	3.10%
ST-2	Viðbótarnám til stúdentsprófs	5	0.59%	5	0.65%
ST2-H	Stúdentsbraut Hestalína	26	3.06%	25	3.23%
ST2-L	Stúdentsbraut Listalína	22	2.59%	20	2.58%
VV	Vélvirkjabraut	53	6.24%	47	6.06%
Samtals:		849	100%	775	100%

Við Fjölbrautaskóla Suðurlands leggja nemendur stund á fjölbreytt nám og í eftirfarandi töflu má sjá hversu margir stunduðu nám í iðnnámi, starfsnámi, bóknámi og á sérnámsbraut síðastliðinn vetur.

	Hautönn 2020	Vorönn 2021	Skammstöfun brauta
Nemendur á iðnbrautum	197	190	GHÁ, GMF, HÚS, RA og VV
Nemendur á starfsnámsbrautum	60	57	HE, SJ, ST2-H og ST2-L
Nemendur á bóknámsbrautum	537	479	GRB, ÍPB, LNB, ST-1, ST1-A, ST1-F, ST1-Í, ST1-N, ST1-VH og ST-2
Nemendur á sérnámsbraut	55	49	SB
Samtals:	849	775	


Eftirfarandi tafla sýnir hvernig nemendur skólans skiptast eftir kyni:

Nemendafjöldi - Kyn	Hautönn 2020	Hlutfall	Vorönn 2021	Hlutfall
kk	466	54.89%	441	56.90%
kvk	383	45.11%	334	43.10%
Samtals:	849	100%	775	100%


Eftirfarandi tafla sýnir hvernig aldurskipting nemenda var þetta skólaárið:

Nemendur undir 18 ára	Hautönn 2020	Hlutfall	Vorönn 2021	Hlutfall
kk	236	27.80%	195	25.16%
kvk	239	28.15%	199	25.68%
Samtals:	475	55.95%	394	50.84%
Nemendur 18 ára og eldri	Hautönn 2020	Hlutfall	Vorönn 2021	Hlutfall
kk	230	27.09%	246	31.74%
kvk	144	16.96%	135	17.42%
Samtals:	374	44.05%	381	49.16%
Heildarfjöldi nemenda	849		775	

Nemendur í Fjölbrautaskóla Suðurlands koma víða að. Stærstur hluti er þó úr Árborg, Hveragerði og Ölfusi. Á myndinni hér að neðan má sjá hvernig búseta nemenda sl. vetur skiptist eftir pósthúmerum.




Eftirfarandi mynd sýnir hversu margar einingar nemendur höfðu í stundartöflunni sinni á viðmiðunardögum haustannar 2020 og vorannar 2021. Inn í þessum nemendafjölda eru allir nemendur skólans, þ.m.t. grunnskólanemendur sem stunda fjarnám í stöku áföngum.



Góð skólasókn er lykill að góðum árangri í námi. Hér má sjá skólasóknareinkunnir nemenda fyrir vorönnina 2021. Haustönnin 2020 fór að langmestu leyti fram í fjarnámi vegna Covid19 og því var ekki gefin skólasóknareinkunn fyrir hana.



Einkunnadreifingu fyrir skólaárið 2020-2021 má sjá á eftirfarandi mynd. F stendur fyrir fall án tölulegrar einkunnar, t.d. ef nemandi fellur á mætingu og er sjálfkrafa skráður úr áfanga eða hann skilar sér ekki til lokaprófs. H táknar að nemandi hætti sjálfur í áfanganum og S stendur fyrir staðinn áfanga án tölulegrar einkunnar.



1.3 Fundarról skólaársins

Þrír fundartímar eru fastir í töflu allra kennara (tveir hjá Braga kennurum). Á þriðjudögum var tími kl. 12:50 ætlaður fyrir Bragatíma. Á miðvikudögum kl. 10:25 – 11:20 og á föstudögum kl. 14:50 – 15:45, voru fundir til faglegs samráðs og deildarfunda. Dagskrá fundanna er skipulögð af stjórnendum (á Áttufundum) í upphafi hverrar annar og var hún, skólaárið 2020 til 2021, sem hér greinir.

Fundaröl haust 2020 – kennsla fór fram að langmestu leyti í fjarnámi vegna Covid19

- 28.08 Kennarafundur á Teams
- 2.09 Kennarafundur á Teams
- 9.09 Deildafundir á Teams
- 16.09 Samráð
- 23.09 Kennarafélag FSu
- 25.09 Kennarafundur í sal og á Teams
- 30.09 Deildafundir – áfangar í boði
- 2.10 Sjálfsmatsfundur
- 9.10 Kennarafundur
- 25.11 Samráð
- 27.11 Kennarafundur
- 2.12 Samráð

Fastir fundartímar í stundatöflu voru á miðvikudögum og föstudögum kl. 14:35-15:30

Fundaröl vor 2021

- 13. 01 Samráð
- 20. 01 Samráð
- 27. 01 Samráð

29.01 Kennarafundur
 3.02 Fundur sviðsstjóra með kennslu- og fagstjórum
 5.02 Sjálfsmatsfundur
 10.02 Samráð
 17.02 Samráð
 24.02 Undirbúningur áfangamessu
 26.02 Kennarafundur
 3.03 Rafræn áfangamessa
 5.03 SKOH fundur
 12.03 Örnámskeið fagráðs og óvissuferð starfsmannafélags
 17.03 Samráð
 24.03 Samráð
 26.03 Kennarafundur
 14.04 Fundur sviðsstjóra með kennslu- og fagstjórum
 21.04 Samráð
 30.04 Kennarafundur
 5.05 Samráð

1.4 Erlend samstarfsverkefni

Fjölbrautaskóli Suðurlands hefur verið virkur þátttakandi í Erasmus+ verkefnum undanfarin ár. Erlend samstarfsverkefni á þessu skólaári hafa þó að mestu legið í dvala vegna Covid19. Þau verkefni sem FSu er þátttakandi í árin 2020 -2021 eru:

- Inclusion, sport, culture (umsjón Eyrún Björg Magnúsdóttir).
- Character matters – values and virtues (umsjón Ragnheiður Eiríksdóttir og Guðmundur Björgvin).
- Edu – paths (umsjón Ronald Guðnason). Verkefnið lokið þó svo að lokaferðalagið hafi ekki verið farið vegna tvöfalda force majeure, annars vega Covid og hins vega fráfalls umsjónarmanns sumarið 2020.

1.5 Stíklur úr skólastarfinu

Fjölbrautaskóli Suðurlands fær jafnlaunavottun

Unnið var að jafnlaunavottun við FSu á sl. Skólaári. Það voru skólameistari, aðstoðarskólameistari og fjármálastjóri sem báru hita og þunga af þeirri vinnu sem reyndist mjög lærdómsrík fyrir alla hlutaðeigandi. Unnið var með systurskólunum FS, FB, og FÁ sem einnig unnu að innleiðingu jafnlaunavottunar. Margrét Sanders frá Strategíu var ráðgjafi skólanna. Skólinn fékk viðurkennda vottun frá Icert vottunarstofu í júní sl.

Það var Sigurður M Harðarson sem var úttektarstjóri þegar tími var kominn til að loka vinnunni. Það er krafa um að endurskoðun sé gerð reglulega til að hægt sé að viðurkenna jafnlaunavottun stofnana. Næsta úttekt verður að ári. Óútskýrður launamunur við FSu reyndist vera 3,5% sem gefur stofnuninni tilefni til að rýna gögnin áður en næsta úttekt verður gerð að ári.

“Niðurstaða úttektarteymis iCert var, að lokinni vottunarúttekt, að jafnlaunakerfi Fjölbrautaskóla Suðurlands uppfyllir kröfur staðalsins ÍST 85:2012. Úttektarteymi mælir því með vottun jafnlaunakerfis FSu innan gildissviðsins „allir starfsmenn Fjölbrautaskóla Suðurlands“.

Það þótti við hæfi að vekja athygli á vottuninni á fyrsta starfsmannafundi haustannar 14. Ágúst sl. En þá mætti Sigurður Harðarson og afhenti okkur skjal með vottuninni innrammaða.

Samstarfssamningur Fjölbrautaskóla Suðurlands og Landbúnaðarháskóla Íslands

Fimmtudaginn 13. Ágúst var undirritaður samningur á milli Fjölbrautaskóla Suðurlands og Landbúnaðarháskóla Íslands (Lbhl) um sameiginlega náttúrufræðibraut/búfræðisvið til stúdentsprófs. Nemendur taka fyrstu tvö árin við FSu og geta síðan hafið nám við Lbhl í búfræði eða á garðyrkjubrautum skólans. Nemendur útskrifast síðan með sameiginlega gráðu sem stúdent og búfræðingur eða garðyrkjufræðingur. Allt að fimm nemendur árlega sem innritast á brautina eiga vísa skólavist í búfræði annars vegar og garðyrkju hins vegar hjá Lbhl eftir að hafa lokið þeim hluta námsins sem fram fer við FSu.

“Skólinn er staðsettur í einu stæsta landbúnaðarhéraði landsins og því er þessi samningur og námsfyrirkomulag afar heppilegt fyrir nemendur okkar sem hyggjast starfa við landbúnað, hvort sem um er að ræða búskap eða garðyrkju. Við erum afar ánægð með að geta boðið þetta námsúrræði í FSu og hlökkum til að sjá viðbrögð samfélagsins á Suðurlandi við þessum möguleika,” segir Olga Lís Garðarsdóttir skólameistari FSu.

“Það er afar ánægjulegt að hefja formlegt samstarf við FSu um sameiginlega braut til stúdentsprófs og búfræðings/garðyrkjufræðings. Tækifæri innan landbúnaðar eru mikil og víða þörf á nýliðun. Það er því einkar gleðilegt að umsóknir í starfsmenntanám Landbúnaðarskólans hafa aldrei verið fleiri en í ár”, sagði Ragnheiður I. Þórarinsdóttir rektor Lbhl við undirskrift samningsins.

Nám í golfakademíu FSu fer vel af stað

Golfakademía FSu fer mjög vel af stað, en um er að ræða nýja akademíu við FSu sem hófst nú á haustönn. Tíu nemendur stunda nám í golfi 4 sinnum í viku þar sem farið yfir helstu þætti golfsins, tækni, venjulegt spil á velli og golfreglur. Að auki stunda nemendur styrktar- og liðleikaæfingar í Kraftbrennslunni.

Nemendur er mjög spenntir og finnst frábært að mæta á æfingu og vinna í sinni íþrótt á skólatíma.

Aðstaða til kennslu er til fyrirmyndar, en nemendur æfa sig á golfvelli Golfklúbbs Selfoss. Þar eru 9 holur, gott æfingarsvæði í fallegu umhverfi og ný innanhúsæfingaraðstaða. Kennarar í golfaakademíu eru Hlynur Geir Hjartarson, PGA golfkennari og Ástmundur Sigmarsson.

Glæsilegt kennslueldhús tekið í notkun

Nýtt faglegt kennslueldhús var opnað í FSu í haust eftir miklar endurbætur. Kennarar og nemendur á Grunnnámsbraut matvæla- og ferðagreina ásamt nemendum í valáföngum í bakstri og matreiðslu eru mjög ánægð með nýja kennslueldhúsið sem er mjög vel tækjum búið og öll aðstaða til fyrirmyndar eldhúsið er líka mjög bjart og fallegt. Grunnám matvæla- og ferðagreina er 70 eininga námsbraut með námslok á 1. Hæfniprepi. Námið skiptist í bóklegar og verklegar faggreinar. Námið er ætlað nemendum sem stefna að því að vinna við ferðaþjónustu eða stefna að frekara námi í matvælagreinum, s.s. matreiðslu, matartækni, bakstri, framreiðslu og kjötið, einnig greinum tengdum ferðaþjónustu. Námið er einnig góður undirbúningur fyrir nám í matvælafræði og næringarfræði. Fagmenn í sérgreinum koma að GMF náminu. Að sögn Guðríðar Egilsdóttur fagkennara við GMF braut reynist eldhúsið mjög vel og sér hún fram á að nú sé komin aðstaða til áframhaldandi kennslu í matvælagreinum á Suðurlandi.

Fjallgöngur í Fjölbraut

Á haustönn 2020 voru tveir mismunandi fjallgönguáfangar eru kenndir. Annar áfanginn hefur nú þegar lokið sínum göngum, einni göngu á Ingólfsfjall og annari þar sem gengið var yfir Fimmvörðuháls. Hinn áfanginn fer í nokkrar stuttar fjallgöngur. Búið er að ganga á Mosfell í Grímsnesi og að Kambagati fyrir ofan Hveragerði. Næst verður gengið á Ingólfsfjall frá Alviðru og þar á eftir á Hátind í Grafningi. Að lokum verður svo gengið um Reykjadal og Ölkelduháls.



Heimavist opnuð við FSu

Í september var undirritaður samningur milli FSu og Valdimars Árnasonar eiganda Selfoss Hostel um að rekin verði heimavist fyrir skólann að Austurvegi 28 Selfossi. Samningurinn er afrakstur vinnu starfshóps sem skipaður var af stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) í janúar 2019. Í hópnum sitja Einar Freyr Elínarson oddviti Mýrdalshrepps og formaður hópsins, Anton Kári Halldórsson oddviti Rangárbings eystra, Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri Skaftárhrepps og Núi Mar Jónsson tilnefndur af Ungmennaráði Suðurlands. Starfshópurinn lagði ályktun fyrir stjórnir allra sveitarfélaga sem hlut eiga í skólanum. Þar var skorað á skólanefnd og stjórnendur skólans til að vinna að uppbyggingu heimavistar og á mennta- og menningarmálaráðherra að beita sér í málinu. Ályktunin var samþykkt samhljóða í öllum sveitarstjórnnum og í kjölfarið hófst vinna í ráðuneytinu. Henni lauk í maí sl. Með ákvörðun ráðherra um að kannaður yrði möguleikinn á því að leigja húsnæði á Selfossi og starfrækja þar heimavist við FSu og var það gert með skólameistara og skólanefnd skólans. Nú hefur það verið gert og fram að áramótum verða í boði 10 herbergi á vistinni en árið 2021 verða þau 15. Heimavistin er hugsuð fyrir nemendur sem ekki hafa tækifæri til að nýta almenningsgöngur til að mæta í skólann. Niðurstaðan er mikið ánægjuefni fyrir Sunnlendinga enda er um að ræða lykilþátt þess að tryggja jafnrétti til náms fyrir ungmenntu í landshlutanum.

Spjaldtölvur að gjöf

Nemendur á rafvirkjabraut fengu í liðinni viku spjaldtölvur gjöf frá SART, Samtökum rafverktaka á Íslandi, Rafiðnaðarsambandinu og Endurmenntun rafiðnaðarins.

Spjaldtölvurnar nýtast vel til að skoða allt kennsluefni rafvirkjunar á rafbok.is sem er síða sem Rafmennt heldur úti.



að

Velgengni í stærðfræðikeppni

Hildur Tanja Karlsdóttir (15 ára) lenti í 5.-6. Sæti yfir landið í forkeppni stærðfræðikeppni framhaldsskólanema á yngra stigi. Keppnin fór fram rafrænt þriðjudaginn 13. Október 2020. Öllum framhaldsskólanemum landsins er boðin þátttaka í keppninni. Þetta er því annað árið í röð sem nemendur frá F.Su. lenda í toppsætum forkeppinnar. Vonandi verður það hefð hér eftir. Hildur Tanja tók svo þátt í úrslitakeppni sem fram fór í HR í byrjun mars 2021. Í kjölfarið var henni svo boðið að taka þátt í sex vikna æfingarabúðum í júní og júlí á vegum Háskóla Íslands og læra þar og æfa með þátttakendum í Ólympíuliði Íslands í stærðfræði.

Mannréttindafræðsla á sérnámsbraut

Á haustönninni fengu nemendur á sérnámsbraut mannréttindafræðslu. Í uppgjöri á áfanganum valdi hver og einn nemandi þau réttindi sem honum fannst mikilvægust og skrifaði á miða. Miðana límdu nemendur svo á hendur sem þeir höfðu teiknað eftir sinni eigin og sést afraksturinn á meðfylgjandi mynd. Hendurnar voru að sjálfsögðu í öllum litum í stíl við fjölbreytileikann í lífinu.



Lokaverkefni og örverkasýning í leiklist

Nemendur í leiklist í FSu höfðu í nógu að snúast á síðustu dögum kennslu í byrjun desember, en þá fengu þau að snúa aftur í kennslustundir með þeim takmörkunum sem nú gilda. Þau frumsýndu átta örverk sem nemendur í íslenskuáfanganum Ritlist og tjáning (ÍSLE3RT05) höfðu skrifað. Æfingar í kennslustundum voru stopular vegna fjarkennslu og héldu nemendur sér heitum með því að æfa í hópum á Teams. Frumsýningin gekk vonum framar og gríðarlega gaman að sjá þessi verk komast á svið. Magnað var að sjá hversu vel tókst að koma þessu til skila þrátt fyrir að allir leikarar væru með grímur.

Gettu betur

Gettu betur lið FSu hafði betur gegn liði FB í í fyrstu umferð Gettu betur þann 6. janúar. Leikar fóru 17-11. Lið FSu laut svo í lægra haldi gegn liði Menntaskólans við Hamrahlíð eftir skemmtilega keppni þriðjudaginn 12. Janúar.

Kvöldskóli FSu

Á vorönn var boðið upp á nám í húsasmíði og rafvirkjun í kvöldskóla í FSu og hófst kennsla mánudaginn 11. Janúar. Aðsókn í námið var mjög góð og eru hópar fullir. Nemendur ljúka áföngum fyrstu annar á viðkomandi brautum. Önninni er skipt í tvær lotur og eru 2-3 áfangar kenndir í einu.

Samstarf körfuboltaakademíu FSu og Real Betis á Spáni

Selfoss Karfa kynnir með stolti verkefni sem unnið hefur verið að undanfarna 12 mánuði með Real Betis á Spáni. Um er að ræða samning um náð samstarf þessara tveggja félaga við uppbyggingu ungra og efnilegra leikmanna til að undirbúa þá fyrir hæsta getustig körfuboltans. Félögin munu vinna að sameiginlegri, faglegri sýn er varðar liðsuppbyggingu, umgjörð, þróun leikmanna frá öllum hliðum og hinum æðri markmiðum körfuboltans.

Real Betis er félag sem leikur í ACB deildinni á Spáni, deild sem talin er vera sú besta í heimi, að NBA deildinni frátalinni. Samstarf við spænska liðið er því stórt skref fram á við fyrir okkar litla félag, mikilvægur stuðningur við áframhaldandi vaxtarmöguleika og sókn Selfoss Kórfa að háleitum markmiðum á öllum sviðum.

Brúsasaga

FSu hefur undanfarin ár unnið að því að huga að umhverfismálum í starfi skólans og tekur þátt í verkefninu Græn skref í ríkisrekstri og er Grænfánaskóli. Nýverið ákvað skólinn í samráði við umhverfisnefnd að gefa öllu starfsfólki vatnsbrúsa. Hugsunin er að fólk sé með brúsana í vinnunni og noti. Þetta ýtir undir vatnsdrykkju og minnkar uppvas og vinnu. Skapandi fólk innan skólans fékk þá hugmynd að láta merkja brúsana og útfærði Agnes Snorradóttir, náms- og starfsráðgjafi merkinguna í samráði við Magnús Stephensen Magnússon, FabLabstjóra. Brúsarnir voru svo merktir í FabLabi skólans. Útkoman er mjög skemmtileg. Sannkallað innanhúsverkefni sem eykur hollustu og sparar orku.



Vetrarleikar hestabrautar FSu

Vetrarleikar FSu voru haldnir á félagssvæði Hestamannafélagsins Sleipnis á Selfossi fimmtudaginn 18. Febrúar í frábæru veðri. Sem fyrr kom það í hlut nemenda á fyrsta ári á hestabraut að sjá um mótið og bera ábyrgð á öllum undirbúningi og framkvæmd þess. Keppt var í þremur greinum, tölti, mjólkurtölti og 100m skeiði. Með framlögum frábærra styrktaraðila var unnt að veita vegleg verðlaun í öllum greinum. Þátttökurétt áttu allir nemendur sem stunda nám við Fjölbrautaskóla Suðurlands og var þátttaka afar góð.



Hespuhúsið heimsótt

Nemendur í HÖTE3HH, Hönnun og Þráðlist, fóru nýverið í vettvangsferð og heimsóttu Hespuhúsið, jurtalitavinnustofu sem staðsett er í Ölfusi. Þar tók Guðrún Bjarnadóttir á móti nemendum og kynnti fyrir þeim jurtalitun. Hún var með ýmislegt í pottunum sem hún sýndi eins og hýði af lauk, rabbarbararót og lúpínu. Nemendur fengu fræðslu um efnisnotkun og aðferðir við jurtalitun á garni. Mjög fróðleg og skemmtileg ferð. Kennari í hönnun og þráðlist er Guðbjörg Bergsveinsdóttir.

Plokkað og flokkað

Þann 13. Apríl fóru nemendur í UMHV1SU05 út að plokka í nágrenni FSu. Nemendur hópuðu sig saman og létu hendur svo sannarlega standa fram úr ermum. Flestir létu sér nærumhverfið duga og komu hróðug til baka með fulla poka af rusli sem að sjálfsögðu var svo flokkað úr í viðeigandi flokkunarhólf. Sumir gengu lengra, fóru um stærra svæði á Selfossi og einn hópurinn fór alla leið til Hveragerðis til að fegra umhverfið þar líka. Vel gert hjá þessum nemendum sem mega vera ánægð með dagsverkið sitt!



Miðbær heimsóttur

Nemendur í inniklæðningu (NNK2HH05) heimsóttu nýverið JÁ verk og skoðuðu byggingar í nýjum miðbæ hér á Selfossi. Þar tóku þeir Guðjón Þórisson og Sævar Sverrisson á móti hópnum og fræddu nemendur um húsin. Margt fróðlegt var skoðað, þar á meðal mismunandi klæðningar úti og inni, frágang á rakavörn, hljóðeinangrun veggja og glers, loftþéttipróf húsa, nýja tegund milliveggja, mikilvægi góðrar umgengi á byggingarstað, út á hvað Svansvottun

gengur og margt, margt fleira. Nemendur voru mjög ánægðir með virkilega góða og fróðlega heimsókn um nýja miðbæinn.

Samstarfsverkefni – kynning á málefnum flóttafólks

Dagana 19. Til 26. Apríl stóðu nemendur í áföngunum FÉLA2FL05 og FÉLA3RS05 fyrir kynningu á málefnum flóttafólks og réttindastöðu þeirra. Nemendur áfanganna höfðu unnið saman að veggspjöldum með kynningarefni, tölfræði, staðreyndum og vakningarefni, og verið í samstarfi við Solaris og Amnesty. Samstarfið við Amnesty er með áherslu á málefni Rohingya, sjá nánar [hér](#). Samstarfið við Solaris snýst um að kynna starfsemi samtakanna og standa nemendur líka að happdrættissölu til styrktar starfsemi þeirra. Nánar má kynna sér starfsemi Solaris [hér](#). Alltaf er hægt að taka þátt í starfsemi Amnesty í gegnum heimasíðu þeirra.

Málstofa sjúkraliðabrautar

Síðasta vetrardag var haldinn málstofa sjúkraliðabrautar. Þar kynntu sjö útskriftarnemendur brautarinnar sín lokaverkefni fyrir gestum og kennara. Þessir nemendur munu svo útskrifast um næstu jól, hafandi lokið öllu bóklegu námi á vorönn, en þeir munu ljúka verklegum hluta næsta haust.

Flutt voru verkefni um sorg, hrygg skekkju, hvítbæði, ofbeldi í æsku, nýrnasteina, geðklofa og ADHD. Verkefni voru afar athyglisverð og nemendum til mikils sóma. Fagstjóri sjúkraliðabrautar Íris Þórðardóttir.

Okkar Everest

Þriðjudaginn 27. Apríl gengu nokkrir nemendur ásamt kennurum á Eyjafjallajökul. Farið var með rútu að Seljavöllum, þaðan sem gengið var á topp jökulsins. Undir jöklinum er eldkeila sem gaus síðast árið 2010. Fjallið er eitt af hæstu fjöllum Suðurlands, 1666m hátt og reynir á líkamlegt og andlegt þol göngumanna. Hluta af leiðinni var gengið í línu, en það er mikilvægt öryggisatriði þegar gengið er yfir sprungusvæði eins og oft má finna á jöklum. Að lokinni göngu fundu einhverjir fyrir þreytu og einhver eymsli gerðu vart við sig, en umfram allt voru allir glaðir og ánægðir með sjálfa sig og afrekið. Nemendur stóðu sig eins og hetjur og voru sjálfum sér og skólanum sínum til sóma.



R + J = Ást

Nemendur í leiklist frumsýndu í liðinni viku verkið R+J=Ást í litla leikhúsinu við Sigtún. Verkið byggir á sögu Shakespeare um Rómeó og Júlíu, en söguvið, tími og persónur hafa tekið miklum beytingum. Verkið gerist í á Suðurlandi árið 1989 þar sem Rúrí erfingi Emmmessís og Júlía Kjörís fella hugi saman á busaballi FSu, en örlögin hafa ekki gert ráð fyrir að sú ást fái að blómstra. Nemendur unnu verkið í hópavinnu og unnu með senur í spuna. Kennarinn leikstýrði, límdi saman og skrifaði viðbætur. Um nokkurt skeið leit út fyrir að ekki yrði hægt að sýna vegna aðstæðna, en með elju, seiglu og úthaldi nemenda tókst að lokum að klára verkið. Þau voru að vonum stolt þegar sýningu lauk, enda gríðarlega mikil vinna sem liggur að baki uppsetningar. Verkefnið var unnið í samstarfi við Leikfélag Selfoss sem útvegaði húsnæði og aðstoð við leikmynd, búninga, ljós og hljóð.



Viðburðarríkur vetur í Fab Lab

Fab Lab áfangar hafa nú verið kenndir við FSu í nokkur misseri, bæði á 2. Og 3. Hæfnisþrepi. Fab Lab kemur af ensku orðunum Fabrication Laboratory, eins konar framleiðslu tilraunastofa eða smiðja með tækjum og tólum til að búa til nánast hvað sem er. Þar gefst einstakt tækifæri til að þjálfa sköpunargáfuna og hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd með því að hanna, móta og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni. Fab Lab Selfoss er með aðstöðu innan veggja FSu og er afar vel tækjum búin. Fyrir utan mikinn tölvukost má þar finna stóran laserskera, vinylskera, hitapressu, þrívíddarprentara og fræsara. Nemendur læra undirstöðu atriði í notkun á hugbúnaði sem gerir þeim kleift að teikna upp sína hönnun og framleiða svo í þessum tækjum og í raun er hugmyndaflugið það eina sem getur stoppað för! Nemendur hafa í vetur framleitt ýmislegt. Þeir hafa hafa teiknað og framleitt fjölbreytta gripi úr plexigleri og timbri, framleidd alls konar límmiða s.s. á tölvurnar sínar, gluggamerkingar og drykkjarbrúsa, merkt textíl s.s. pennaveski, peysur, boli og töskur. Heilt dúkkuhús leit dagsins ljós fullbúið húsgögnum, hólfastkipting í hnífaparaskúffuna og svo mætti lengi telja. Fab Lab er ekki bara fyrir skóla á svæðinu heldur er einnig opið almenningi til þess að hrinda hugmyndum í framkvæmd. Nefna má tvö skemmtileg dæmi sem hafa verið gerð nú á vordögum, annars vegar lagði Fab Lab Selfoss hönd á plóg við framleiðslu á “hljóðfærum” þeim sem Daði og gagnamagnið skörtuðu í Eurovision og hins vegar var farandverðlaunagripur Skjálftans unnin að hluta til í smiðjunni. Fab Lab er í boði á hverri önn í FSu og eru áhugasamir, hugmyndaríkir, drífandi og skapandi hvattir til að kynna sér námið og sækja um!

2 Skýrslur kennslustjóra og fagstjóra

2.1 Svið: Tungumál, samfélagsgreinar og lífsleikni

Sviðsstjóri: Ida Løn

2.1.1 Danska

Kennslustjóri: Pelle Damby Carøe

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
SOS	DANS1DL05	DANS2FJ05
BS	DANS1DL05	DANS1DL05 DANS2ME05
PDC	DANS2FJ05 DANS2ME05	DANS2FJ05 DANS3KD05
IL	DANS2FJ05 DANS3BF05	DANS2YL05 DANS2ME05
IS	DANS1DL05	

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Við höfum verið að leggja meiri áherslu á munnlega færni. Þ.e.a.s. endurskoðað og rætt hvernig best er að meta munnlegu prófin, og hvaða leið er best fyrir nemendur að undirbúa sig (þetta verður útskýrt betur undir „Námsmat“).

Við höfum líka verið að vinna með nýja skáldsögu og á annan hátt heldur en vanalega. Okkur fannst mjög snemma að nemendur ættu erfitt með bókina (vegna lengdar og innihalds), og við þurftum þess vegna að bregðast við þessu strax faglega. Það var lögð meiri áhersla á ákveðna kafla í prófum, en ekki verið að „prófa“ bókina sem heild (en samt var unnið með alla kafla í hópum). Þetta var gert til þess að einfalda söguþráðinn fyrir nemendur, ásamt því að vinna markvisst með ákveðna kafla sem að okkur fannst lærdómsríkir og með gott innihald.

Það má ekki heldur gleyma að við höfum að hluta verið með fjarkennslu. Það hefur þýtt að við höfum þurft að breyta kennslunni og verkefnum. Sem betur fer er kennslan okkar í dönsku byggð á að nemendur vinni, og við erum til staðar til þess að aðstoða („Learning by doing“). Við höfum verið að leggja áherslu á að nemendur vinni vekefnin í tímunum á Innu, og höfum við alltaf verið til taks á Innu (í fjarkennslutímum) til þess að aðstoða og hjálpa til ef þess þarf. Einnig hafa fleiri próf farið fram á Innu rafrænt vegna ástandsins, sem er góð og jákvæð þróun fyrir framtíðina, ásamt okkar þróunar í eigin starfi.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Áfangarnir í dönsku eru símatsáfangar, og við erum mjög ánægð með það fyrirkomulag.

Við höfum verið að ræða hversu mörg próf okkur finnst að eigi að vera yfir önninna. Yfirleitt erum við með allt frá 12-16 próf yfir önninna. Þetta er gert til þess að meta hvern færniþátt fyrir sig u.þ.b. 25% (lestur, ritun, hlustun og munnlegt). Okkur finnst mikilvægt að meta alla færniþætti jafnt.

Eins og áður nefnt, hefur verið rætt á deildarfundum hvernig hægt væri að breyta námsmatsaðferðum í munnlegum prófum. Það hefur verið lögð áhersla á að meta hvað nemendinn getur faglega í dönsku, sem að tengist ekki bara undirbúningnum. Þ.e.a.s. að leggja meiri áherslu á samtalið í prófinu (það sem er óundirbúið), heldur en undirbúninginn. Okkur finnst ennþá undirbúningurinn skipta máli, og hann þarf að vera partur af námsmatinu. Við vorum þó sammála um að samtalið skiptir mestu máli og hafa sumir kennarar breytt námsmati/námsaðferðum til þess að meta þessa færni betur í prófum.

Einnig hefur einkunnadreifingin í dönsku síðastliðnar annir verið rædd. Í dönsku er meðaleinkunin ekki há, og við höfum verið að ræða ástæðu þess á deildarfundum. Í dönsku erum við s.s. með 12-16 próf yfir önnina. Þetta þýðir, að nemendur sem hafa verið að standa sig mjög vel í 8-10 prófum, þurfa ekki endilega að leggja mikla vinna í prófin sem eru í lok annar (eða sleppa kannski 1-2 próf sem ekki voru tekin í byrjun annar) vegna þess að þau eru nú þegar búin að ná áfanganum. Þetta þýðir að nemendur sem í raun og veru átti að fá 7-8 í meðaleinkunn, enda kannski frekar á 5-6 í meðaleinkunn. Við höfum þess vegna verið að ræða hvað við getum gert í námsmatinu til þess að breyta þessari þróun/hugsun hjá nemendum.

Við ákváðum að hugsa málið yfir sumarið, og ræða þetta betur áður en kennslan hefst aftur eftir sumarið. Þetta er mikilvægt, og við verðum að finna leið til þess að hvetja nemendur áfram.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Skólaárið hefur verið öðruvísi vegna ástandsins, og þess vegna hafa kennarar ekki sótt námskeið sem tengjast beint dönskukennslunni á þessari önn. Dönskukennarafélagið á Íslandi hefur hins vegar verið með fyrirlestra á netinu yfir skólaárið, þó svo að það hafi ekki verið mikið.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Við erum stöðugt að nýta okkur námsefni af netinu (sérstaklega á www.dr.dk). Þ.e.a.s. sjónvarpsþættir, greinar og meira sem við notum t.d. í verkefnum (lestur, ritun, hlustun og munnlegt). Við erum ekki að nota kennslubækur í dönsku, og við leggjum mikla áherslu á að uppfæra og búa til nýtt efni á hverri önn fyrir sig. Með því að hafa tekið kennslubækur úr kennslustofunni, höfum við skapað meiri virkni og fjölbreytni.

Í sambandi við lesturinn notum við hins vegar smásögubækur og skáldsögubækur (skáldsögur rafrænar sem e-bækur). „De gale“ er ný rafræn e-bók sem var notuð í fyrsta skipti síðastliðna haustönn í DANS2ME05. Einnig var bókin notuð núna á vorönn í DANS2ME05.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Halda áfram stöðugt að uppfæra námsefni af netinu.

Endurskoða prófin (líka rafrænu á Innu), og hvernig hægt er að bæta og setja þau upp betur.

Finna leið til þess að hvetja nemendur til þess að klára öll prófin.

Nýta okkur að það sem við höfum lært í ástandinu á Innu (í sambandi við fjarkennslu og próf á Innu sem dæmi).

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Það er mikilvægt að það sé eins aðbúnaður í öllum kennslustofum. Sem dæmi lendir maður oft í að það sem er í stofu 211, er ekki eins í stofu 201. Það gætu t.d. verið mismunandi útfærslur á hljóðkerfi, gluggatjöldum og skjávörpum. Þetta gerir það að verkum, að maður þarf alltaf að vera með plan A, B og C. Það væri gott ef hægt væri að gera eins (í tengslum við kennsluna) í öllum kennslustofum, svo að maður þarf ekki að óttast um að eitthvað virki ekki eins og á að gera. Það væri t.d. hægt að fara yfir þetta allt áður en kennslan hefst á hverju önn.

Annað

Við þökkum kærlega fyrir krefjandi og skemmtilegt skólaár.

2.1.2 Enska

Kennslustjóri: Guðfinna Gunnarsdóttir

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Guðfinna Gunnarsdóttir	ENSK3VE05 ENSK3FO05 ENSK1HA05 ENSK2OL05(grunnskóli)	ENSK2OR05 ENSK2HB05 Sogn ENSK2YL05 (grunnskóli)
Helgi Þorvaldsson	ENSK2OR05	
Ingibjörg Ingadóttir	ENSK1HF05 ENSK2HB05	
Ingunn Helgadóttir		ENSK1HA05
Kristín Runólfssdóttir	ENSK2OL05 ENSK2HC05	
Kristjana Hrund Bárðardóttir	ENSK1RX05	ENSK1RX05

Luis F. T. Meza		ENSK2HC05 ENSK2HB05
Magndís Huld Sigmarsdóttir	ENSK1HA05 ENSK2HB05 ENSK3FO05	ENSK2HC05 ENSK1HA05 ENSK3AE05
Paola Daziani	Litla Hraun ENSK2OR05	Litla Hraun ENSK2OR05 ENSK3YL05
Ægir Pétur Ellertsson	ENSK2HB05 ENSK2OR05	ENSK2OR05 ENSK3AE05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Kennarar dýpkuðu skilning sinn og færni í rafrænni kennslu og virtist fjarkennsla ekki hafa haft mikil áhrif á námsárangur. En að sjálfsögðu var mikill munur að fá að hitta nemendur þó grímuklæddir væru.

Kennari vann efni yfir á rafrænt form í enskuáföngum á starfsbraut sem hentar þeim nemendum mun betur en að nota ljósrit. Einnig var í ENSK1HF stuðst við gagnvirkt efni þar sem viðmið evrópsku tungumálamöppunnar eru lögð til grundvallar.

Yndislestur á 3. þrepi var færður alveg yfir á fjarnámsform og reyndist vel.

Áfangar á 3. þrepi henta mun betur til fjarkennslu en neðri áfangar eðli málsins samkvæmt.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

ENSK2HB05 var gerður að símmatsáfanga á vorönn og eru þá allir áfangar í ensku kenndir í símati. Unnið er sérstaklega með munnlega færni með munnlegum prófum í öllum áföngum og hefur tæknin og fjölbreyttir möguleikar á miðlun ýtt undir frambórun í vinnu með munnlega færni.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

L M stundar doktorsnám við HÍ samhliða kennslu og lýkur að auki námi til kennsluréttinda í júní 2021.

KHB tók masterclass í raddbeitingu hjá Kristjönu Stefánsdóttur og námskeið um „Menntun til sjálfbærni“ hjá EHÍ á vegum Landverndar.

GG tók leiklistarnámskeið í Listaháskóla Íslands sumarið 2020. Einnig tvö leikritunarnámskeið á vorönn, eitt hjá Leikfélagi Selfoss í umsjá Karls Ágústs Úlfssonar og annað hjá leikfélaginu Hugleik í umsjá Árna Kristjánssonar.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Ný alhliða kennslubók, Academic Skills tekin inn í ENSK1HA og hefur reynst vel. Nýjar smásögur voru notaðar í ENSK2HC og ENSK2HB og skipt um skáldsögur í nokkrum áföngum, en það er gert reglulega.

Nýjum titlum var bætt við bókalista í yndislestri.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Kennslustjóri fékk þá hugmynd eftir samtöl við nokkra iðgreinakennara í vetur að þróa námsefni og verkefni sérsniðin að þeim starfsgreinum sem nemendur leggja stund á við skólann. Hugmyndin er að í ENSK1HF, ENSK1HA, ENSK2HB

og ENSK2HC (sem tilheyra kjarna á starfgreinabrautum) verði nemendum í starfsnámi boðið upp á verkefnavinnu þar sem þeir vinna með orðfærni og orðaforða tengt þeirra iðngrein. Kennslustjóri fór á deildarfund í Hamri og var þar veltekið. Beðið var um samstarf með iðngreinakennurum, þar sem mikilvægt er að fá hugmyndir þeirra að efni og hvers konar texta og færni sem mikilvægt er að nemendur kunni á enskri tungu. Markmið enskudeildar er að auka áhuga þessa nemendahóps á ensku sem og fá nemendur til að huga að hvernig enska nýtist þeim í framtíðar störfum. Deildin kallar þetta verkefni „Iðngreinaenska“ og er stefnt að þegar upp verði staðið muni 25% af námsmati í ofangreinum áföngum snúi að sérgrein viðkomandi nemenda. Sannarlega spennandi verkefni sem allir kennarar deildarinnar eru tilbúnir að takast á við. Þarna skapast einnig tækfæri á meiri tengingu Hamars við Odda og þverfaglega vinnu.

Deildin telur að skólinn megi leggja meiri áherslu á þverfaglega vinnu. Kennarar eru ánægðir með nýja eyktarskipan.

Einn kennari hyggst flétta „Menntun til sjálfbærni“ inn í námsefnið í ENSK1HF05.

Á góðum starfsdegi við lok vorannar gaft tími til að fara yfir alla áfanga sem kenndir eru í ensku, skoða námsmat, vinnu nemenda og kennara og röðun efnis. Deildin telur að áfangar og uppsetning þeirra í kjarna sé í jafnvægi sem og vinnumat nemenda og kennara.

Heilmikið var rætt um samfellu í námsefni og efnispáttum náms og var þar ritun og lestur sérstaklega til umfjöllunar.

Ákveðið var að breyta grunnbók í tveimur áföngum til samræmis við aðra áfanga til að tryggja samfellu í efnistöku í kjarnaáföngum á 1 og öðru þrepi. Kennsluefni er sífellt endurskoðað og besta tækifærið til skipta um námsefni er að ræða slíkt og ákveða við lok vorannar.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Laga loftleysið í vinnuaðstöðunni á 2. hæð, Útverkum. (Brussuselshjáleigu)

Annað

Fundur með grunnskólakennurum í efstu bekkjum grunnskóla fór fram á vorönn og var það vel þegið að fá samtalsvettvang. Þar var mikið rætt, bækur bornar saman, rætt um fjarnám grunnskólanemenda og einnig var tekinn spjallhringur þar sem kennarar sögðu frá verkefnum, námsefni og fyrirkomulagi kennslu. Einstaklega gott að hitta þennan hóp, tengjast og deila hugmyndum.

Þrír kennarar tóku að sér að klára önnina vegna forfalla eins úr hópnum og er þeim þakkað sérstaklega fyrir að bregðast skjótt og örugglega við.

Helgi Þorvaldsson lét af störfum um áramót eftir langan og farsælan feril innan skólans. Enskudeildin þakkar honum gott samstarf.

2.1.3 Íslenska

Kennslustjóri: Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Bertha I. Johansen	ÍSLE1GA05 ÍSLE2OS05 ÍSLE2BV05	ÍSLE1GB05 ÍSLE2BV05 ÍSLE3MV05

Guðbjörg Grímsdóttir	ÍSLE1GA05 ÍSLE2OS05 ÍSLE3RT05	ÍSLE2OS05 ÍSLE3NB05 ÍSLE3HE05
Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir	ÍSLE1GA05 ÍSLE2OS05 ÍSLE3RT05	ÍSLE1GB05 ÍSLE2OS05
Katrín Tryggvadóttir	ÍSLE2BV05 ÍSLE3HE05	ÍSLE2BV05 ÍSLE3HE05 ÍSLE3PJ05
Laufey Danivaldsdóttir	ÍSLE1FA05 ÍSLE1GA05 ÍSLE3KB05	ÍSLE1GA05 ÍSLE2BV05
Rósa Marta Guðnadóttir	ÍSLE3KB05 ÍSLE3ME05	
Stefán Hannesson	ÍSLE1RX05 ÍSLE1GA05 ÍSLE2OS05	ÍSLE3NB05 ÍSLE1RX05
Puríður M. Björnsdóttir	ÍSLE1FA05 ÍSLE1FB05 ÍSLE3HE05 ÍSLE3ME05	ÍSLE1GA05 ÍSLE2OS05 ÍSLE3HE05 ÍSLE3NB05

Nýjungar í kennsluháttum, -gögnum og -bókum á skólaárinu

Kennsla á haustönn var afar flókin og fór í fyrstu fram bæði með stað- og fjarnámi en síðan nær eingöngu í fjarnámi út árið. Reynt var að sinna samtímis fjar- og staðnámi því í hópunum voru bæði nýnemar og eldri nemar en einvörðungu nýnemar máttu mæta. Það var verulega flókið og alls ekki hægt að mæla með slíku.

Kennarar þurftu að endurskoða allt skipulag, kennslu, verkefni og próf. Þeir beittu margs konar ráðum til að halda nemendur að námi og aðstoðuðu þá í gegnum fjarfundabúnað, tölvupóst og síma. Þetta jók allt vinnu. Skil milli vinnutíma og kennslu urðu óljós. Nemendur virtu oft ekki vinnutíma kennara og báðu um aðstoð á flestum tímum sólarhrings, virka daga jafnt sem helgar.

Eftir að hafa tekið að okkur neyðarfjarkennslu á haustönn var kærkomið að stíga aftur inn í kennslustofurnar og hefja staðkennslu á vorönn. Margir voru að vonum frekar hikandi fyrst um sinn enda ábyrgðin mikil við að gæta að smitvörnum. Kennsla fór almennt ágætlega af stað. Nemendur sátu hver við sitt borð og hæfileg fjarlægð var í næsta borð. Til að byrja með var lítið um hópavinnu, reyndar nánast ekki neitt. En eftir því sem á leið fóru kennarar að gefa nemendum kost á að vinna meira saman og umræður fóru eftir það að aukast í tímum. Allt leitaði í átt að því jafnvægi sem þarf að vera í eðlilegri kennslu.

1.þrep

Kenndir voru þrír áfangar, einn fornámsáfangi og tveir að auki, GA og GB. Í fornámi var kennsla með nokkuð hefðbundnum hætti og fengu nemendur að mæta að mestu leyti í skólann allan tímann. Skáldsaga var lögð til grundvallar kennslu í öllum áföngum og unnin fjölbreytt verkefni í tengslum við söguna. Ekki var haft framhald á

fornáminu á vorönn eins og oftast hefur verið heldur fóru nemendur upp í GA.

ÍSLE1GA05 og ÍSLE1GB05 eru nýir áfangar á 1. þrepi, kenndir í fyrsta skipti á skólaárinu. Í GA fara allir þeir nemendur sem fá C og C+ í íslensku við lok grunnskóla en ekki í sinn hvorn áfangann eins og áður. Þetta er gert til að allir þessir nemendur búi yfir sama grunni þegar þeir halda áfram á 2. þrepi. Hægt er að ljúka þrepinu að loknum fyrri áfanganum ef árangur er nægur. Kennsla í áföngunum er bæði hóp- og einstaklingsmiðuð og byggir á leiðsagnarnámi, jákvæðri styrkingu og hvatningu. Sérstakt námsefni var sett saman til að mæta þörfum áfanganna og verður það slípað til fyrir komandi skólaár. Báðir þessir áfangar fengu til sín skáld á vorönn. Björgvin Páll Gústafsson sem er höfundur bókarinnar *Án filters*, sem lesin er í GA og Kristín Helga Gunnarsdóttir höfundur *Fjallaverksmiðjunnar* sem lesin er í GB heimsóttu hópana í skólann og vöktu mikla lukku. Áfangarnir eru enn í þróun, vel gengur að móta þá og þeir lofa góðu.

2.þrep

Kenndir eru tveir áfangar á 2. þrepi og eru báðir skylduáfangar.

ÍSLE2OS05 tekur á málvari og ritun og byggir að einhverju leyti á leiðsagnarnámi. Þessi áfangi er í sífelldri endurskoðun og hefur smám saman þróast og breyst. Á haustönn var verkefnahefti, sem sett var saman af kennurum deildarinnar, kennt í rafrænu prufueintaki. Það gafst ágætlega en talið var að það þarfnaðist frekari þróunar. Á vorönn var rafræna bókin *Hagnýt* skrif eftir Gísla Skúlason notuð. Það gekk ekki nógu vel þótt ekki sé bókinni um að kenna. Á vordögum var unnið áfram við þróun verkefnaheftisins og verður það notað í prentaðri útgáfu á næsta skólaári. Námsmat áfangans er í formi símats sem samanstendur af málvarsprófi, fjölbreyttri verkefnavinnu, ritun, framsögn sem þó var of lítið af á skólaárinu og þarf að bæta.

ÍSLE2BV05 er bókmenntahluti þrepsins. Hann byggir á fornum kveðskap, kvæðum og sögum. Í áfanganum er *Gylfaginning* ávallt kennd, einnig valin *Eddukvæði*, *dróttkvæði* og *Íslendingasaga*, en reynt er að kenna hverja sögu ekki margar annir í röð. Í BV felst námsmátið bæði í símati og lokaprófi. Nemendur skrifa heimildaritgerð sem og ritgerð sem reynir á ályktunarhæfni, útskýringar og túlkanir út frá námsefni. Þeir vinna ýmis verkefni, einstaklings- og hópverkefni, sem reyna á lesskilning og hjálpa nemendum að tileinka sér efnið. Ákveðið var á deildarfundi 14. Apríl að gera breytingar á áfanganum með því að tengja fornbókmenntir betur við nútímann. Einnig þarf að skoða um leið umfang áfangans.

3.þrep

Kenndir voru fjórir áfangar að venju á hvorri önn, heimildaritunaráfangi sem er skylduáfangi, tveir bókmenntaáfangar auk skapandi skrifa á haustönn og málvísindaáfangi á vorönn.

ÍSLE3HE05 er eini skylduáfangi þrepsins. Hann er í nokkuð föstum skorðum. Bygging hans er alltaf skoðuð í upphafi anna og breytingar gerðar í litlum skrefum. Nú var kynning ritgerðar (beinagrind og efni) á miðri önn. Það var góð breyting. Leiðsagnarnám er í hávegum haft í áfanganum. Ritgerðarskrif eru ferli og þátttökan í því, skipulagið, skrifin, heimildalesturinn og skoðanamyndunin hjá nemandanum á efninu er það sem skiptir máli. Kennarar sjá ekki ástæðu til að hafa próf í áfanganum annað en það próf sem fólgið er í að nemendur verja ritgerðir sínar í annarlök þegar þeir segja frá vinnu sinni, efni og niðurstöðum.

ÍSLE3NB05 var með nokkuð hefðbundnu sniði, hér var sama bók höfð í bókmenntasögu og áður, þ.e. Skáld skrifa þér – brot úr bókmenntasögu frá 1920 til nútímans en efni þjappað aðeins saman og endað með samantektar verkefni sem reyndi á hæfni nemenda. Áfanga lauk með bókmenntaritgerð úr kjörbók auk munnlegs prófs, sem var nýlunda. Það kom vel út. Námsmat var fjölbreytt. Dagur Hjartarson sem er höfundur bókar sem lesin var í áfanganum heimsótti alla hópa áfangans í gegnum fjarfundabúnað á vorönn og heppnaðist sú heimsókn vel.

ÍSLE3BB05 þar er áhersla á að kynna sér barnabókmenntir á margvíslega vegu. Grunnbókin er Raddir barnabókmenntanna. Auk hennar eru margvíslegar barnabókmenntir lesnar og verkefni unnin. Námsmat er símat.

ÍSLE3PS05 í áfanganum voru kenndar bækurnar Upp við fossa og Skugga-Sveinn. Námsmat áfangans byggir á fjölbreyttu símati og lokaprófi sem hvort um sig hefur 50% vægi af lokaekinn.

ÍSLE3MV05 er málvísindaáfangi þar sem málið er skoðað út frá mismunandi sjónarhorni. Nemendur skoðuðu tungumál í sögulegu ljósi (málsaga) sem og merkingar-, setninga-, beygingar- og orðmyndunarfræði íslenskunnar. Í upphafi áfangans voru fræðin skoðuð og nemendur tileinkuðu sér orðræðu málvísindanna. Þeir leystu ýmis verkefni og tóku próf úr þessum hluta. Síðan lásu þeir fræðigreinar og unnu smærri og stærri verkefni þar sem þeir skoðuðu ýmis málfræðileg atriði sem þeir skiluðu í formi skýrslu og/eða kynningar. Þannig að námsmatið fólst bæði í hlutaprófum, skýrsluskrifum og kynningum. Hugmyndin er að breyta röðuninni og áherslum þegar áfanginn verður kenndur næst. Halda skal þó í fyrsta hlutann, s.s. að nemendur kynni sér fræðin en til þess að undirbúa þá betur undir lokaskýrslu og skýrsluskrif almennt þá er ætlunin að lesa og skoða betur fræðigreinar sem og lokaritgerðir (BA/BS).

ÍSLE3RT05 er áfangi sem ber sterk merki sköpunar, tjáningar og ritunar. Nemendur unnu að skapandi skrifum, blöndu af ýmis konar æfingum, smásöguskrifum og ljóðagerð. Þá voru tvær skáldsögur lesnar til að nemendur gætu áttað sig vel á ýmsum bókmenntaþáttum í sköpunarvinnunni. Námsmat áfangans er símat.

Innri endurskoðun deildar

Eftir að kennarar deildarinnar voru komnir vel af stað með kennsluna á vorönn og allt var komið í sinn vanagang sneru kennarar sér að innri endurskoðun í deildinni. Byrjað var á að skoða vinnu nemenda í þeim tilgangi að kanna hvort vinnuálag væri of mikið, of lítið eða hæfilegt. Þá voru einhver próf og prófhlutar tímamældir og skoðaðir af kennurum ásamt því að önnur próffræðileg atriði voru tekin til skoðunar. Í kjölfarið fór af stað heilmikil umræða í deildinni um próf, prófagerð og námsmat almennt. Í flestum tilvikum voru kennarar nokkuð sammála um eðli, gerð og uppbyggingu prófa þótt einhverjir hnökra fundust sem auðvelt er að laga. Hins vegar kom í ljós að samræming við yfirferð var ekki alltaf algjörlega eins, þótt oftast væri hún mjög sambærileg. Þessari vinnu þarf því að fylgja eftir á komandi vetri. Eftir þessa yfirferð voru vinnubrögð endurskoðuð og hnykkt enn frekar á að samræmi sé gott í yfirferðinni. Talið er að með góðum undirbúningi og hnitmiðaðri skilgreiningu á mati á svörum, s.s. með hjálp matskvarða og sundurhlutunar á efnisatriðum ætti að fást mjög nákvæmt mat sem ekki er á neinn hátt ólíkt milli kennara.

Vinnuálag kennara hefur einnig verið til umræðu í deildinni. Allir eru sammála um að það sé allt of mikið og hafi aukist á undanförunum árum. Allir hafa þurft að nýta hluta af helgum og jafnvel heilu helgarnar til þess að sinna yfirferð og undirbúningi. Tíminn sem fer í 100% starf er því kominn vel fram úr því sem fólk er ráðið til. Kennarar hafa nefnt að þeir fái samviskubit af því að nýta helgar til eðlilegra samskipta við fólkið sitt og hafi upplifað að þeir væru að svíkjast um í vinnunni þegar þeir nýttu helgar til að sinna sjálfum sér, vinum og vandamönnum. Ástæðan fyrir þessu mikla álagi er líklega að nám er að verða sífellt verkefnaþjálfara og nemendur gera þá kröfu á kennara að þeir fái umsagnir um hvert einasta verkefni sem þeir vinna. Við þessu verður að bregðast og endurskoða verkefni og yfirferð þeirra. Það er hægt að gera á margan hátt án þess að skerða gæði náms og kennslu.

Einnig var skoðað hversu vel námsáætlanir og áfangalýsingar ríma saman. Þegar ný Aðalnámskrá kom síðast var kennsla í íslensku stokkuð upp í F.Su og nám aðlagð að henni. Áætlanir voru gerðar og síðan var kennt eftir þeim. Með tímanum hafa áfangar þróast og slípast til og eru nú flestir að verða nokkuð góðir. Einhverjir hafa líka dottið út og aðrir sameinast. Við þetta allt saman hafa eðlilega orðið einhverjar breytingar sem nú er verið að yfirfara og skoða.

Ný eyktaskipan á vorönn

Á vorönn var tekin upp ný eyktaskipan og kennarar telja að nokkuð vel hafi gengið að aðlaga nám og kennslu að breyttu tímaskipulagi. Sumum þykir þó að heppilegra væri að hafa ekki einvörðungu tvöfalda tíma þótt þeir hafa ýmsa kosti s.s. til að taka stærri próf og einnig að hægari nemendur fá þá örugglega það svigrúm sem þeir þurfa í próftöku.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í flestum áföngum er símat sem byggist upp á fjölbreyttu námsmati s.s. mati á verkefnum sem stundum er í formi leiðsagnarnáms en einnig prófum, viðtölum, upptökum og framsögn. Þótt símat hafi marga kosti hefur það einnig þann ókost, eins og einn kennari deildarinnar bendir á að nemendur fá ekki endilega þjálfun í að taka stærri próf í gegnum símatið. Nemendur þurfa að læra að taka viðamikil próf hyggi þeir á frekara nám. Þeir þurfa að læra að lesa undir próf, virða próf og sýna kunnáttu sína í námsefninu. Lokapróf eru orðin fátíð og það telur kennarinn ekki góða þróun. Skólinn þarf að undirbúa nemendur fyrir frekara nám og lokapróf eða önnur stór próf eru liður í því. Í háskólum eru enn talsvert mörg lokapróf. Lokapróf úr grunnskólum eru nánast aflögð og ef þau eru ekki í framhaldsskólum þá er nemandi ekki vel undirbúinn til að takast á við háskólanám. Ef námsmat er eingöngu fólgið í verkefnaskilum og skyndiprófum þá nær nemandi heldur aldrei heildarsýn á námsefnið og hann sér aldrei heildarmyndina sem fæst með því að lesa eða rifja upp allt námsefnið.

Í ÍSLE2BV05 og ÍSLE3PJ05 var 50% lokapróf og eru það einu áfangar íslenskunnar þar sem lokapróf eru. Í hinum eru oftast einhver próf með allt að 35% vægi. Í ÍSLE3HE05 þurfa nemendur að verja lokaritgerðina og telst það ígildi prófs.

Í sumum áföngum gefst nemendum kostur á að vinna sig frá prófi með því að ná tilskildum árangri á önninni. Kennari þar sem slíkt er viðhaft telur það hvetjandi en því miður reyni nemendur stundum að beita brögðum til að ná takmarkinu. Annar telur að það sé ekki jöfnun á milli nemenda þegar sumir geti sleppt lokaprófi en aðrir ekki. Námsmat og tilhögun þess þarf því að skoða betur í deildinni næstkomandi vetur og finna leið sem allir eru sáttir við að teknu tilliti til hvers áfanga. Það er því einsýnt að taka þarf upp umræðu um námsmat á komandi vetri.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Katrín

Námskeið um Ólafs sögu helga Haraldssonar. Sextán klst. Námskeið sem Endurmenntun HÍ stóð fyrir. Ármann Jakobsson var fyrirlesari á námskeiðinu.

Námskeið um Egils sögu Skalla-Grímssonar. Sextán klst. Námskeið sem Endurmenntun HÍ stóð fyrir. Torfi Tulinius var fyrirlesari á námskeiðinu.

Guðbjörg Dóra

Framhaldsskólakennarinn á krossgötum: Hagnýt verkfæri náms og kennslu. Rafrænt námskeið sem haldið var á vorönn á vegum Menntavísindasviðs HÍ.

Memoir: 2 klst ritunarnámskeið með Adam Dalva sem Gullkistan stóð fyrir.

Guðbjörg Gríms

Memoir: 2 klst ritunarnámskeið með Adam Dalva sem Gullkistan stóð fyrir.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Halda þarf áfram því góða starfi sem unnið er í deildinni. Taka þarf upp umræðu um hvort þörf sé á að fjölga stærri prófum, hvort sem þau eru tekin á önninni eða í lokin. Ræða þarf hvort sú skoðun að nemendur „fljóti“ í gegnum

námið á símati sé rétt því ef svo er er þarf að laga það. Þá þarf að halda áfram að skoða annað námsmat og hlutfall milli einstakra námsþátta. Einnig þarf að skoða hvernig bæta megi lesskilning nemenda og auka áhuga þeirra á námi. Að auki þarf að yfirfara verkefnaskil, hafa þau vel ígrunduð og skerpa skilin á milli verkefna sem kennarar fara yfir og hinna sem ætti að vinna án yfirferðar kennara. En umfram allt, þarf að sjá til þess að nemendum líði vel, þeir sýni metnað og langi til að læra og standa sig vel.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Nokkrir kennarar deildarinnar bendir á að skólayfirvöld ættu að hvetja til meiri metnaðar í námi og gera skólann að einstaklega áhugaverðri námsveröld sem nemendur tengja sig við. Minna þarf nemendur á gildi þess að stunda nám sitt vel með því að taka betur þátt í undirbúningi og þátttöku í tímum og skila verkefnum á tilsettum tíma. Sýna þannig ábyrgð í eigin námi og lífga upp á skólabraginn, ekki einvörðungu af því nemandinn sé skyldugur til þess, heldur einkum vegna þess að hann langi til þess. Nemandur sem finna sig tengdan skólanum eru ólíklegri til brotthvarfs en hinir sem eru þar án þess að finna sig hluta af heild.

Kennari deildarinnar telur að námið og jafnvel námsefnið við skólann hafi farið minnkandi. Það þyrftu að vera fleiri skylduáfangar á brautum til þess að brautirnar verði bitastæðari og gefi betri undirbúning fyrir frekara nám. Háskólar leggja áherslu á íslensku og komið hefur fram að þeir telja að nemendur séu ekki nógu ritfærir og málfari þeirra sé oft ábótavant. Kennurum deildarinnar ber saman um að lesskilningur sé á hröðu undanhaldi hjá nemendum, orðaforði sé slakur og máltifinning ekki með sama hætti og áður. Ekki væri því úr vegi að bæta við skylduáfanga í íslensku á brautir og þá hugsanlega að gera heimildarritungaráfangann að lokaverkefni í staðinn.

Til þess að ýta undir metnað og faglega vinnu nemenda utan kennslustofunnar s.s. við hópvinnu og heimanám væri gott að skapa ný námssvæði og gera þau aðlaðandi. Þannig væri námið sett í forgang. Sum svæði skólans eins og allar svalir á annarri hæð henta einstaklega vel til þessa. Ef þetta væri gert bærast góður vinnukliður inn í kennslustofur og ekki þyrfti lengur að loka fram til að fá frið fyrir hávaða sem skapast oft af tölvuleikjum og fíflagangi á svölunum.

Kennslustjóri mælir með að hugað verði að því að koma upp góðri og aðgengilegri aðstöðu fyrir samvinnu kennara, bæði í litlum og stórum hópum. Samráð í fögum er mikið í íslensku, almennt ein klukkustund á viku í hverjum áfanga sem kennari kennir. Samráð fer almennt fram á skólatíma og þá er oft lítið svigrúm til að finna staði fyrir fundi. Hugsanlega mætti útbúa vinnuaðstöðu í litla herberginu inn af Andrésfjósnum með hringborði og nokkrum stólum.

Þá eru ákveðin vandræði þegar þarf að láta nemendur taka sjúkrapróf utan kennslustunda þar sem enginn staður er til þess nema vinnuaðstaða kennara. Slíkt er oft illa séð enda hefur það í för með sér ýmsar hömlur.

Annað

Tilhlökkun er hjá nemendum og kennurum að mæta á komandi haustönn sem verður vonandi með venjulegra sniði en undanfarnar annir. Nýnemar frá sl. Hausti þurfa t.d. að kynnst skólanum betur og stemningunni í framhaldsskólum sem hefur farið að mestu framhjá þeim.

2.1.4 Ergó

Fagstjóri: Ragnheiður Eiríksdóttir

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Birna Sigurkarlsdóttir	FÉLA1SA05	
Eyrún Björg Magnúsdóttir	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Guðbjörg Grímsdóttir	FÉLA1SA05	UMHV1SU05

Guðmundur B. Gylfason	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Gunnar Rafn Borgþórsson	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Ingunn Helgadóttir	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Hrefna Clausen		UMHV1SU05
Ragnheiður Eiríksdóttir	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Stefán Hannesson	FÉLA1SA05	
Sabína St. Halldórsdóttir		UMHV1SU05
Tómas Davíð Ibsen	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Ægir Sigurðsson	FÉLA1SA05	UMHV1SU05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Kennsluhættir í þessum áföngum voru með svipuðum hætti og áður, 2 og 2 kennarar að vinna saman með stóran nemendahóp. Leitast var við að skipta hópnum stundum upp og nýta plássið fyrir framan stofuna til að dreifa betur úr nemendum og að báðir kennarar séu þá virkir við að aðstoða nemendur. Kennarahópurinn í heild deildi með sér verkum með að endurskoða og búa til verkefni og kom margt gott út úr þeirri samvinnu.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Áfangarnir eru báðir símatsáfangar og eru mjög verkefnamiðaðir þar sem leitast er við að hafa fjölbreytt verkefni, bæði hópa- og einstaklingsverkefni. Ígrundun er mikilvæg þegar fengist er við svona málefni og því var í báðum áföngum haldin hugleiðingabók sem gildir líka til einkunnar. Verkefnin eru frekar mörg og gilda svipað svo vinnan varð jöfn yfir önnina.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ekki gafst kostur á fara á nein námskeið sem tengjast beint áföngunum, m.a. vegna ástandsins. Eyrún fór á námskeiðið Framhaldsskólinn á krossgötum.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Engar eiginlegar kennslubækur eru í Ergó-áföngunum en stuðst var við bókina Hugskot í FÉLA1SA05 og bókina Verður heimurinn betri sem er gefin út af SP í UMHV1SU05. Mikið af góðu efni og myndböndum af netinu voru nýtt og eru kennarar duglegir að uppfæra það.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Halda áfram að þróa áfangann. Vera duglegri að skipta verkum milli kennara. Bæta við meiri fræðslu um fjármálalæsi og kynjafræði.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Við óskum eftir að skólinn standi undir kostnaði varðandi vettvangsferð á hvorri önn. Við stefnum á gróðursetningarferð og menningarferð. Nemendur óska eftir meiri óformlegu námi utan skólahúsnæðis.

Við erum svakalega þakklát fyrir þetta fallega rými sem er komið fyrir framan st. 201, það nýtist mjög vel og nemendum líður vel þar. Þar sem við erum að kenna umhverfisfræði er afar mikilvægt að flokkun og annað tengt umhverfisvitund sé til fyrirmyndar í skólanum. Ræstingafólk skólans kvartaði yfir að nemendur voru látnir flokka sorp sem þau tíndu kringum skólann í viðeigandi tunnur, það gengur ekki.

2.1.5 Bragi

Fagstjóri: Ægir Sigurðsson H20 og Ragnheiður Eiríksdóttir V21

Kennarar á haustönn 2020

Nafn kennara:	Áfangi:
Ágústa Ragnarsdóttir	BRAG1SA01
Bertha Ingibjörg Johansen	BRAG1SA01
Brynja Ingadóttir	BRAG1SA01
Eyrún Björg Magnúsdóttir	BRAG1SA01
Gunnar Rafn Borgþórsson	BRAG1SA01
Hrefna Clausen	BRAG1SA01
Magnús Huld Sigmarsdóttir	BRAG1SA01
Ragnheiður Eiríksdóttir	BRAG1SA01
Sólveig Sigmarsdóttir	BRAG1SA01
Puríður Magnúsína Björnsdóttir	BRAG1SA01
Guðbjörg Grímsdóttir	BRAG1SC01
Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir	BRAG1SC01
Guðfinna Gunnarsdóttir	BRAG1SC01
Ingunn Helgadóttir	BRAG1SC01
Jón Sigursteinn Gunnarsson	BRAG1SC01
Stefán Hannesson	BRAG1SC01
Tómas Davíð Ibsen Tómasson	BRAG1SC01
Ægir Sigurðsson	BRAG1SC01

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu:

Kennsla á haustönn var með óhefðbundnu sniði þar sem nemendur hittu kennara lítið vegna Covid. Lögð var áhersla á kennarar væru í beinu sambandi við sína nemendur í gegnum síma og tölvu.

Námsmat:

Á haustönn var námsmat með sama hætti og undanfarin ár. Áfangarnir eru símastsáfangar þar sem nemendur vinna verkefni í tengslum við eigið nám og námsferla.

Annað:

Í lok haustannar óskaði undirritaður eftir að vera ekki bragastjóri á vorönn þar sem hann væri ekki að kenna Braga á vorönn. Starf bragastjóra er að stórum hluta að undirbúa dagskrá og kennslu, taldi undirritaður að réttara væri að það væri í höndum einhvers sem kensdi Braga á vorönn. Á vorönn 2021 tók Ragnheiður Eiríksdóttir við stjórn Braga.

Kennarar á vorönn 2021

Nafn kennara:	Áfangi:
Ágústa Ragnarsdóttir	BRAG1SB01
Bertha Ingibjörg Johansen	BRAG1SB01
Brynja Ingadóttir	BRAG1SB01
Eyrún Björg Magnúsdóttir	BRAG1SB01
Gunnar Rafn Borgþórsson	BRAG1SB01
Hrefna Clausen	BRAG1SB01

Magnús Huld Sigmarsdóttir	BRAG1SB01
Ragnheiður Eiríksdóttir	BRAG1SB01
Sólveig Sigmarsdóttir	BRAG1SB01
Puríður Magnússína Björnsdóttir	BRAG1SB01

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu:

Kennsla á vorönn var með nokkuð hefðbundnu sniði þar sem nemendur gátu hitt kennara vegna Covid að uppfylltum sóttvarnarreglum. Kennsluáætlun var með svipuðu sniðu og áður en þar sem viðburðir eins og Kátir dagar og Flóafár voru felldir niður vegna Covid og hluti áfangans hefur farið í að kynna það og gef þeim tíma til undirbúnings þá var meiri áhersla lögð á viðtöl við nemendur til að fylgjast með líðan þeirra og námsframvindu.

Námsmat:

Á vorönn var námsmat með sama hætti og undanfarin ár. Áfangarnir eru símastsáfangar þar sem nemendur vinna verkefni í tengslum við eigið nám og námsferla.

Annað:

Ragnheiður Eiríksdóttir tók að sér umsjón með þessum áfanga til einnar annar og var því lítið að huga að breytingum á honum.

2.1.6 Samfélagsgreinar

Kennslustjóri: Eyrún B. Magnúsdóttir

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Birna Sigurkarlsdóttir	FÉLA2AF05	FÉLA2AF05
Bjarney Sif Ægisdóttir		UPPE2UM05
Erla Brimdís Birgisdóttir		SÁLF3PS05
Erla Brimdís Birgisdóttir		SÁLF2IN05
Erla Brimdís Birgisdóttir		UPPE2UM05
Eyrún B. Magnúsdóttir	FÉLA2Aff05	FÉLA2AF05
Eyrún B. Magnúsdóttir	FÉLA3ST05	FÉLA3RS05
Helgi Hermannsson		FÉLA2FL05
Ingunn Helgadóttir	VIÐS2SM05	KÍNA2TS05
Lárus Bragason	SAGA2YA05	SAGA2YA05
Lárus Bragason	SAGA3SS05	SAGA3FM05
Tómas Davíð Ibsen Tómasson	SAGA2YA05	SAGA2YA05
Tómas Davíð Ibsen Tómasson	SAGA2SÍ05	SAGA2SÍ05
Tómas Davíð Ibsen Tómasson	SAGA3MS05	

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Nýjungar einkenndust af meiri rafrænu námi og blöndu af stað- og fjarnámi. Verkefni voru yfirfarin með það í huga að mögulega þyrfti að stökkva alfarið í fjarkennslu hvenær sem er. Allt árið vorum við stöðugt að aðlaga kennsluna að einhverju leyti að Covid 19 takmörkunum. Hluta af árinu fór kennslan fram á netinu og fyrirlestrar voru teknir upp

heima og sendir til nemenda sem áttu í framhaldi að vinna verkefni og skila. Próf voru einnig sett upp á Innu sem gekk mjög vel. Þetta er fyrirkomulag mun nýtast mörgum í framtíðinni.

Samvinna á milli FÉLA2FL05 og FÉLA3RS05 með þemaviku og einnig sameiginlegir fyrirlestrar frá Rauðakrossinum og Amnesty Ísland.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat. Allir sáttir við það. Einn kennari notaði Office 365 Forms til að nemendur gætu unnið sjálfsmat/ígrundun á áfangann í lokin.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Framhaldsskólakennarinn á krossgötum. Fjölbreyttar kennsluáðferðir í sögu kennslu á vegum Sögukennarafélagsins og Endurmenntunar. Sköpunarkraftur og Svefn hjá EHÍ í maí. Rafrænir hádegisfyrirlestrar á vegum HR í vetur: Stelpur og ADHD og Eru íþróttir barna orðnar að keppni fullorðinna?

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Íslands- og mannkynssaga 2 frá lðnú sem er rafkennslubók í SAGA2YA05 eftir áramót.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Ný kennslubók í inngangsáfanganum í Sálfræði. Nýjar kennslubækur í grunnáfanganum í Félagsfræði og Mannfræði. Fundur deildar um samvinnuverkefni innan deildar.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Félagsgreinar myndu græða á að vera alltaf í sömu stofu og jafnvel geta haft vinnusvæði tengt eins og við myndlistarstofu og Ergó stofu. Þar sem mikið er um hópavinnu, spilagerð og veggspjaldanotkun jafnvel er gott að geta haft hlutina á sama stað frekar en að flakka milli margra stofa. Þjóða upp á áfanga sem fjarnámsáfanga líka, ekki sem val í staðkennsluáfanga heldur væri hægt að sækja um t.d. féla3mp05 sem annað hvort fjarnám eða staðnám. Ef ekki næðust nógu margir nemendur í báða möguleikana væri búið að hafa þann fyrirvara á að kannski þyrfti að bjóða upp á hann sem bara staðnám eða bara fjarnám, eftir valtolum. Með því myndum við einfalda heilmikið varðandi eldri nemendur sem eru að vinna með námi og eru á samning um mætingu og í endalausum relli um hitt og þetta öðruvísi en þeir sem mæta gera, myndum mæta þeim sem eru með langvarandi hamlandi veikindi og lenda í falli önn eftir önn af því þeir hafa ekki getað mætt nóg eða sinnt kröfum nóg vegna uppsetningar áfanga og þeim sem koma lengra að og hafa ekki möguleika á húsnæði eða hafa ekki efni á húsnæði.

Annað

Það vantar að hafa upplýsingatækni og aðferðafræði sem skyldufag á bóknámsbrautum. Öll aðferðafræði sem er í boði í dag er í vali.

Mikil vöntun er á nýrra / uppfærðu kennsluefni í uppeldisfræði.

Erum hlynnt því að einblína meira á brautirnar og hafa frekar aðeins meira val á hverri braut fyrir sig en að hafa opna línu. Keðjur greina detta frekar upp fyrir.

2.1.7 Goði

Umsjón: Guðbjörg Grímsdóttir og Guðfinna Gunnarsdóttir

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Guðfinna Gunnarsdóttir		GOÐI3GG05
Guðbjörg Grímsdóttir		GOÐI3GG05

Áfanginn hefur fest sig í sessi, endurgjöf frá nemendum hefur verið mjög jákvæð og greinileg þörf fyrir valáfanga af þessu tagi á þessu þrepi.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Höfum báðar áhuga á að búa til áfanga í menningarläsi sem flokkast getur sem almennur áfangi á 3 þrepi og passar vel á margskonar brautir.

2.1.8 Tungumál: franska, spænska, þýska

Umsjón: Hrefna Clausen

	Haustönn	Vorönn
Hrefna Clausen	FRAN1CC05	
Gunnþórunn K. Sveinsdóttir	SPÆN1BB05 SPÆN1CC05	SPÆN1BB05 SPÆN1CC05
Sigríður Guðmundsdóttir	SPÆN1AA05	SPÆN1AA05 SPÆN1BB05

Brynja Ingadóttir	ÞÝSK1AA05 ÞÝSK1BB05 ÞÝSK1CC05	ÞÝSK1AA05 ÞÝSK1AX04 ÞÝSK1BB05 ÞÝSK1CC05 ÞÝSK1AA05 LH ÞÝSK1BB05 LH
-------------------	-------------------------------------	--

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Áfram var haldið við að móta námsefni að breyttum aðstæðum vegna heimsfaraldursins. Haustönn 2020 hófst með blönduðu stað- og fjarnámi þar sem kennt var í fjarnámi í tveimur stökum tímum vikunnar en staðnám í samfelldu tímum þar sem ekki máttu fleiri en 15 nemendur vera í hverri stofu. Þurfti þá að tvískipta stærri hópum og nemendur mættu í þessa samfelldu tíma í skólann á 2ja vikna fresti þar til sóttvarnarreglur voru aftur hertar og staðnám að mestu afnumið. Þessi blandaða stað-og fjarkennsla reyndist afar bagaleg jafnt fyrir kennara sem nemendur. Nemendur í byrjunaráföngum, AA, áttu sérstaklega erfitt með að fóta sig í þessu fyrirkomulagi.

Nemendur þriðja tungumáls telja fjarnám tímafrekara en staðnám og voru flestir fegnir að mæta í staðnám á vorönn. Nýtt fyrirkomulag var þó sannarlega mikil reynsla fyrir nemendur, sem lærðu sjálfsga og sjálfstæðari vinnubrögð, sýndu seiglu og þrautseigju og komu auga á gildi þeirra styrkleika í námi. Sumir þeirra nýju kennsluhátta sem urðu til með tilkomu fjarnáms munu halda sér í staðkennslu til frambúðar og nýtast vel í skóla eins og FSu þar sem margir nemendur eiga um langan veg að fara, oft í vondum veðrum og ófærð.

Stór hluti tungumálanáms felst í líflegum umræðum, samveru og þjálfun mannlegra samskipta innan veggja kennslustofunnar. Allt þetta er mikilvægur þáttur í að styrkja námið og efla nemendur en vill fara fyrir lítið í fjarnámi þar sem krafist er ólíkra kennsluhátta og verkefnagerðar. Hlutverk kennara er að tileinka sér kosti beggja þessara kennsluaðferða.

HC Fran1CC var eini frönskuáfanginn sem kenndur var skólaárið 2020-’21. Kennsluhættir, framsetning námsefnis, og þjálfun færniþátta var aðlöguð að fjarkennsluformi. Notkun fransks mynd-og hljóðefnis af neti var stórauðin en dregið markvisst úr efni kennslubókar. Markmiðið var að nýta sér það gífurlega magn efnis sem finnst á netinu og miðar að því að þjálfa, vekja áhuga og gefa nemendum þessa getustigs ferska innsýn í franskt tungumál og frönskumælandi menningu. Lagt var af stað í þeim tilgangi að brjóta upp hefðbundna kennsluhætti staðnáms með tilheyrandi notkun kennslubókar og búa til efni sem miðaði að því að auka fjölbreytni og sköpun í verkefnavinnu sérhvers nemanda. Undirbúningsvinna fyrir verkefni af þessu tagi er vissulega tímafrek fyrir kennara því vanda þarf valið til að finna hvað best hentar og nóg af misgóðu frönsku kennsluefni er í boði á netinu. Vinnan margborgaði sig, flestir nemendur kunnu vel að meta þessa nýbreytni, verkefni skiluðu sér vel og í takt við það sem lagt var upp með.

GKS/SG í SPÆN1BB05 og SPÆN1CC05 var alfarið kennt í fjarnámi frá október en nemendur í SPÆN1AA05 mættu í staðnám þar til sóttvarnarreglur voru hertar enn frekar.

Gríðarlegur tími fór í utanumhald á verkefnaskilum og innlögn á námsefni.

Nemendum gekk vel að skila verkefnum og þeir sem á annað borð stunduðu námið náðu langflestir að klára önnina. Nokkrir hnökrar komu fram á tækniþjónustu Innu þar sem að upptökur á fjarkennslutímum tóku oft einn til tvo sólarhringa að hlaðast inn. Í SPÆN1AA05 var eingöngu unnið með fjarfundakerfi Innu, og var kerfið orðið nokkuð lipurt undir lok annar. Kennsla fylgdi stundaskrá og nemendur voru fremur duglegir að mæta í fjarkennslutíma.

BI Á haustönn 2020 fór kennsla að mestu leyti fram í gegnum fjarkennslutíma í Innu. Flestar kennslustundir voru í formi verkefna í Innu, eftir innlögn frá kennara. Verkefnaskil voru sveigjanlegri en áður. Stærsti hluti nemendahópsins sinnti náminu vel og sýndi mikinn sjálfsga og seiglu. Þeim sem síður voru vanir að sinna heimanámi reyndist fjarnámið erfitt því þá skorti sjálfsga og án venjulegs staðnáms og eftirfylgni kennara í stofu sóttist þeim námið illa. Áhrif þessa mátti einnig sjá á vorönn þrátt fyrir að þá væri kennt í staðkennslu, því áhugi og kapp þessara nemenda við námið hafði dregist saman og þeir áttu í meira basli við að tileinka sér efnið. Nemendur sem ekki náðu lágmarkseinkunn á haustönn skiluðu sér flestir í staðnám á vorönn, reynslunni ríkari.

Talþjálfun var minni í fjarkennslu en í staðkennslu. Nemendur á fyrstu önn í þýsku stóðu sig þó vonum framar í munnlegu prófi í lok annar, þrátt fyrir litla munnlega þjálfun.

Þjálfun í hlustun var verulega aukin í fjarnámi haustannar í öllum þýskuáföngum og verkefnin notuð í stað hlustunarprófs. Líttlestrarbækur voru til munnlegs prófs í tveimur efri áföngunum, bæði í fjar- og staðnámi. Lestur líttlestrarbóka gefur góða raun, eykur orðaforða og lesskilning nemenda og bætir upp skort á lestri stuttra texta í áföngunum. Algengt er að nemendur komi sjálfum sér á óvart í munnlegu prófi og undrast færni sína í að tala þýskuna.

Greinilegt var á vorönn að grímunotkun og fjarnám hefur afleiðingar. Í staðkennslu vorannar 2021 voru nemendur hlédrægari og kynntust lítið innan hópsins svo andrúmsloft í tímum var ekki eins gott og venja er.

Þýskukennsla fanga: Tveir nemendur stunduðu fjarnám í þýsku á vorönn. Luku þeir tveimur áföngum hvor. Um var að ræða tvo fyrstu áfangana. Verkefni og próf voru ýmist rafræn eða á pappír. Námsbækur í þýsku eru vel upp byggðar og henta vel til fjarnáms. Í Innu er einnig mikið af efni sem notað er til viðbótar námbókum. Fjarnám veður þó aldrei eins og staðnám því leiðbeiningar kennara og talþjálfun eru, eðli málsins samkvæmt, þeir þættir sem helst verða útundan í fjarnámi en mest er þörfin fyrir slíkt í byrjunaráföngunum. Hins vegar er mikið til af góðu hlustunarefni á netinu sem nýtist einkar vel í fjarnámi. Ekki hafa allir fangar jafnan aðgang að neti og setur það þeim nemendum ákveðnar skorður.

Áhugavert verður að þróa áfram þýskukennslu í fangelsum. Vonandi sýna fleiri fangar faginu áhuga.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat var tekið upp í öllum áföngum þriðja tungumáls á vorönn 2020 og hefur því verið viðhaft í þrjár annir. Umræða um að segja skilið við lokapróf og taka upp símat, hafði verið nokkur í deildinni undanfarin ár en skrefið ekki stigið fyrir en í kjölfar heimsfaraldurs og fjarkennslu. Oft virðist skorta nokkuð á frumkvæði og yfirfærslu upplýsinga meðal nemenda í námi. Hyggjuvit nemenda þarf að þjálfar betur og gæta þess að matreiða námsefnið ekki of nákvæmlega ofan í þá heldur efla þjálfun í að lesa á milli línanna, draga ályktanir og minna á að það má læra af mistökum. Nemendur allra deilda skólans virðast stöðugt vera að fjarlægast allt heimanám og eiga erfiðara með að setja sig í vinnustellingar utan kennslustofunnar. Krafa um lítið heimanám og að allt nám fari fram á skólatíma eykst jafnt og þétt. Ef þróunin er í þessa átt þarf kennari að vera mjög markviss í uppbyggingu kennslustunda svo tíminn nýtist sem best við námið og stuðla að markvissum vinnubrögðum við námið í kennslustundum til að sem stærstur hluti þess geti farið fram innan kennslustunda og á skólatíma.

GKS/SG Tvö hlutapróf voru á önninni með sama inntaki og í lokaprófi áður. Námsmatið var þó ekki alveg hið sama og áður þar sem nemendur gátu ekki alltaf mætt í tíma til að taka próf heldur þreyttu það oft heima í gegnum Innu. Það gekk að flestu leyti vel en þó eru ýmis atriði sem þarf að hafa í huga við heimapróf þar sem nemendur hafa aðgang að öllum gögnum og aðstoð og nemendur sem stóðu tæpt með að ná markmiðum áfanga en komust áfram, gætu lent í vandræðum í næsta áfanga áfangakeðjunnar. Að semja góð gagnapróf á INNU getur reynst snúið og skrifast að hluta á reynsluleysi kennara við slíka prófagerð. Gagnlegt væri að kynna sér betur aðferðir við verkefna- og prófagerð fjarnáms.

BI Á haustönn voru öll próf rafræn heimapróf, en á vorönn voru flest kafla- og hlutaprófin á pappír. Nemendum fannst þægilegra að taka próf á pappír.

Fimm nemendur tóku stöðupróf í þýsku þetta skólaár, fjórir þeirra fengu alla þrjá áfangana metna, enda með þýsku sem annað móðurmál og einn nemandi fékk hluta af fyrsta áfanga metinn

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Lítið var um endurmenntunarnámskeið hjá kennurum þriðja tungumáls á þessu starfsári utan skyndihjálparnámskeiðs á starfsdögum skólans í maí. Fundað var reglulega í deildinni, jafnt á formlega boðuðum deildarfundum sem og í óformlegu samtali í sameiginlegu vinnurými tungumálakennara á 2. hæð skólans. Allar faglegar umræður um starfið, kosti og galla kennsluaðferða og námsefnis eru gríðarlega mikilvægar og forsenda allra framfara.

Fjarkennsla á tímum covid-19 heimsfaraldurs var stórt og viðamikil námskeið fyrir alla kennara og ávinningur þeirrar reynslu mun vissulega skila sér inn í skólastarf næstu annir.

BI var þriðja árið í röð í samvinnu við þýskukennara í FVA og Borgarholtsskóla og skiptist á hugmyndum, verkefnum og prófum við þýskukennara. Samvinna sem þessi er mjög mikilvæg fyrir einyrkja og sannarlega ígildi námskeiðs eða símenntunar.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

GKS/SG í spænsku voru bækurnar Nuevo español en marcha notaðar eins og verið hefur undanfarin ár. Í skoðun er að leita að nýjum bókum. Allar kennslubækur hafa sína kosti og galla og nauðsynlegt að vera sífellt á tánum með að finna bækur sem henta betur til kennslu hér í skólanum. Verði CC áfangi og jafnvel DD færður upp um þrep, væri áhugavert að skipta líka aðeins um gír í kennslubókunum sem eru búnar að vera í notkun í nokkuð langan tíma.

BI Eftir þriggja ára notkun námsbókanna „Starten wir!“ eru nú hugleiðingar um breytingar.

Þáttur hlustunar í þýskukennslu hefur aukist þetta skólaár þar sem mikið er nú til af góðu efni á netinu. Breytt stокkatafla með tveimur samliggjandi tímum tvisvar í viku gefur góða raun í þýsku.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Hefja vinnu við að færa CC áfanga þriðja tungumáls upp um þrep. Einnig væri gott að hafa meira samráð með dönskudeild þar sem fáir kennarar kenna í deild þriðja tungumáls og gagnlegt gæti verið að hafa víðtækara samráð við fleiri tungumálakennara, jafnvel einu sinni í mánuði. Brýnt er að kynna sér betur aðferðir við verkefna- og prófagerð fjarnáms.

Þar sem félagsfærni nemenda hefur beðið hnekki í covid-ástandi síðustu þriggja anna, er mikilvægt að unnið verði markvisst að eflingu félagslegra tengsla og félagsfærni nemenda í skólastofunni. Kennarar verði meðvitaðir um að nota kennsluaðferðir sem efla samvinnu og samskipti nemenda í og utan skólastofunnar.

Skipuleggja mætti samráðsfundi eða hafa einhvers konar málþing þar sem kennarar leggja í sameiginlegan pott það sem þeir taka með sér eftir fjarkennsluannirnar þrjár í því markmiði að miðla reynslu og auka samtal um skólaþróun innan veggja skólans.

Leggja þarf könnun um gæði náms og kennslu fyrir nemendur eftir miðja önn eða í lok hverrar annar, í öllum áföngum. Vinna þarf markvissar spurningar fyrir slíka könnun svo hún gefi skýr og greinileg svör.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Kennarar þriðja tungumáls vilja skerpa vinnulag, senda skýrari fyrirmæli milli stjórnenda og kennara og gera verkferla skólans skýrari. Allir kennarar stóðu frammi fyrir gjörbreyttum áskorunum í starfi þegar heimsfaraldurinn reið yfir og margir skynjuðu ákveðið óöryggi um útfærslu fjarkennslunnar og nýtingu tækninnar.

Vankantar á INNU, þó vissulega hafi hún þróast til hins betra þegar á leið, urðu til þess að fólk varð að stóla á annan hugbúnað við kennsluna og þreifa sig sjálft áfram.

Skýr fyrirmæli eru alltaf af hinu góða og samræmi þarf að ríkja í störfum kennara innan skólans þó svo að frelsið til að velja sé alltaf jákvætt.

FSu ætti að fella niður formlega prófaviku og kalla hana námsmatsvikuna eða uppskerudaga. Með breyttri stokkatöflu ætti nú að vera gerlegt að leggja lokapróf fyrir í síðustu tímum í kennsluviku annarinnar. Í próftöflu eru, hvort sem er, flest eða öll prófin hlutapróf.

Franska er nú í fyrsta skipti ekki lengur í boði sem valkostur þriðja tungumáls. Dregið hefur úr vali nemenda á frönsku-og þýskuáföngum undanfarin ár og meirihluti valið spænsku sem þriðja mál. Enn fyrirfinnast þó nemendur sem vilja eiga þess kost að auka við tungumálaþekkingu sína í framhaldsskóla og sakna þeirrar fjölbreytni í námsframboði tungumála sem þar hefur lengstum mátt ganga að vísri en virðist nú á hröðu undanhaldi.

2.1.9 Íslenska sem annað tungumál

Fagstjóri: Hrefna Clausen

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Hrefna Clausen	ÍSÁN1GA05	ÍSÁN1GB05
Hrefna Clausen	ÍSÁN1GB05	ÍSÁN2ÍA05
Hrefna Clausen	ÍSÁN1AA05	ÍSÁN1AA05 ÍSÁN1BB05
Sólveig Sigmarsdóttir	ÍSÁN2ÍA05	ÍSÁN2ÍB05
Sólveig Sigmarsdóttir	ÍSÁN3MA05	ÍSÁN3MA05
Sólveig Sigmarsdóttir	ÍSÁN3MB05	ÍSÁN3MB05
Sólveig Sigmarsdóttir	ÍSÁN3MC05	ÍSÁN3MC05
Sólveig Sigmarsdóttir	ÍSÁN1AA05	ÍSÁN1AA05 ÍSÁN1BB05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Tveir nýir 5 eininga áfangar í íslensku sem öðru máli hófu göngu sína á starfsárinu 2020 – 2021 og fengu áfangaheitið ÍSÁN1AA-05 og ÍSÁN1BB-05. Hlutverk áfanganna var tvíþætt, annars vegar aðstoð við heimanám og hins vegar markviss talþjálfun. Ekki reyndist vel að vinna með báða þessa þætti í sömu kennslustundinni enda vænlegast að aðstoð við heimanám fari fram í sérstökum kennslustundum eða námsveri. Markvisst var unnið með talþjálfun í gegnum leiki, spil, munnlegar kynningar og samtöl. Mikil þörf er á að auka vægi talþjálfunar í kennslu íslensku sem annars máls fyrir nemendur á öllum þrepum námsins. Eðli málsins samkvæmt hentar þó þessi talþjálfun misjafnlega eftir getustigi sérhvers nemanda. Erfitt getur reynt að samræma paravinnu, æfingar, leiki og samtöl í kennslunni þar sem mikil breidd er á munnlegri færni þessara nemenda sem koma úr öllum íslenskuáföngunum saman í kennslustund.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Allt námsmat var í formi símats. Unnið var markvisst með færniþættina, hlustun, lestur, tal og ritun. Í munnlegum áföngum var námsmatið þríþætt: frásögn, samtal og kynning. Til stóð að fara í vettvangsferð sem hluta af námsefni áfangans, en ekki varð af henni vegna heimsfaraldurs.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Þann 17. mars 2021 fór fram gagnlegur samráðsfundur með grunn- og framhaldsskólakennurum á Suðurlandi um íslenskukennslu nemenda með erlendan bakgrunn, (sjá greinargerð um fundinn sem send var til skólameistara og sviðsstjóra).

Sökum heimsfaraldursins fóru kennarar ekki á nein námskeið en tóku þátt í skipulagðri vinnu á vegum Árborgar um samstarf milli grunnskóla sveitarfélagsins og Fjölbrotaskóla Suðurlands um málefni nemenda með íslensku sem annað mál. Um var að ræða þátttöku í svokölluðu Fjölmenningatrymi Árborgar undir stjórn Aneta Stanislaw Figlarska verkefnisstjóra Árborgar í málefnum nemenda með erlendan bakgrunn. Í teyminu eru leik- og

grunnskólakennarar í Árborg auk tveggja kennara frá FSu, þeirra Hrefnu Clausen og Sólveigar Sigmarsdóttur. Teymið hittist nokkrum sinnum yfir veturinn á fjarfundum og ræddi m.a. um þekkingar-, færni- og hæfniviðmið í vinnu sem er komin er af stað í námskráargerð fyrir nemendur með erlendan bakgrunn. Brýnt er að efla tengsl milli kennara allra skólastiga á Suðurlandi sem kenna þessum nemendahópi í þeim tilgangi að bæta upplýsingaflæði milli skólastiga og auka fagmennsku og samræmi í kennslu fagsins.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Allt kennsluefni hefur verið útfært og frumsamið af kennurum. Leitað hefur verið í sjóð Menntamálstofnunar og víðar á netinu þar sem efni er að finna fyrir nemendur með íslensku sem annað mál. Hlustunarefni hefur verið sótt í spilara RÚV og lesskilningur hefur verið þjálfður með lestri ýmiskonar greina á netinu. Verkefni hafa verið frumsamin og löguð að þörfum nemenda. Mikið hefur einnig verið sótt í ýmis konar verkefnabanka, jafnt rafræna sem bóklega.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Ekki er lengur hægt að una við að nemendur með erlendan bakgrunn hrekist um skólakerfið með tilviljanakenndu námsvali. Því er nauðsynlegt að framhaldsskólinn marki sér skýrari stefnu í því hvernig best sé að haga kennslu og umsjón nemenda með annað móðurmál en íslensku. Styrkja þarf stöðu þeirra og gera þá færari í að fóta sig í skólakerfinu og íslensku samfélagi. Mynda þarf teymi kennara, námsráðgjafa og skólastjórnenda sem hefði það hlutverk að semja áfangalýsingar fyrir alla íslenskuáfangana. Þannig mætti beina þeim á markvissari hátt en verið hefur í það nám sem hentar færni þeirra í íslensku og stuðla að því að þeir raðist strax í upphafi náms í viðeigandi áfanga. Hlutverk teymisins fælist einnig í að hafa yfirumsjón með þessum brothætta nemendahópi og vinna í nánú samstarfi við aðra fagkennara þeirra til að veita nauðsynlegan stuðning við nám í öðrum greinum en íslensku. Teymið væri einnig í samstarfi við fulltrúa nemenda í þeim tilgangi að virkja nemendur með erlendan bakgrunn til aukinnar félagslegrar þátttöku í skólasamfélaginu og draga úr hættu á einangrun þeirra. Tölfræðin sýnir að þessi brothætti nemendahópur vill oft flosna upp frá námi án þess að ná árangri.

ÍSAN hefur ekki átt sér ákveðið rými innan námsbrauta skólans. Fagið hefur verið afgangsstærð og tímabært að skerpa hlutverk þess, markmið og áherslur. Skilgreina þarf kennsluna sem kennslu þriðja tungumáls en ekki sem kennslu íslensku sem móðurmáls.

Annað

Færri nemendur voru skráðir í Ísuna á liðnu starfsári en oft áður. Ekki er nein sýnileg skýring á því en vonir eru bundnar við að aukning verði í nemendafjölda næsta starfsárs.

Meira hefði mátt fara fyrir samvinnu og undirbúningi kennara í hinum nýju AA og BB áföngum sem eru vissulega enn í mótun og margt sem má af fyrsta starfsárinu læra. Það sem stendur upp úr hjá kennurum eftir veturinn er að sjá nemendur blómstra þegar þeir koma fram og tjá sig af öryggi á íslenskri tungu. Þar sannast að aukin tungumálafærni styrkir sjálfmynd nemenda.

2.2 Svið: Listir, íþróttir, starfsmenntir, stærðfræði og raungreinar

Sviðsstjóri: Kristjana Sigríður Skúladóttir

Listgreinar, hússtjórnargreinar og íþróttir

Kennslustjóri: Ásdís Björg Ingvarsdóttir

2.2.1 Leiklist

Umsjón: Guðfinna Gunnardóttir

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Guðfinna Gunnarsdóttir	LEIK1AA05	LEIK2UP05
	LEIK2AB05	LEIK1SX02
	LEIK2AC05	

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Á vorönn var boðið upp á uppsetningaráfanga þar sem taka átti þátt í Þjóðleik. Þjóðleik var aflýst, en hópurinn var staðráðinn í að setja upp verk og vann hörðum höndum að því alla önnina. Árangur erfiðisins var svo frumsýndur í maí. Verkið R+J=Ást var frumsýnt í litla leikhúsinu við Sigtún í samstarfi við Leikfélag Selfoss. Hópurinn æfði í húsi leikfélagsins frá miðjum mars og mætti á æfingar utan skólatíma til að verkefnið gæti orðið að veruleika. Um stund leit út fyrir að ekki tækist að ljúka verkinu vegna sóttvarna og sóttkví, en þetta hafðist við mikinn fögnuð hópsins.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Á haustönn var unnið í samstarfi við íslenskuáfangann ritun og tjáning ÍSLE3RT. Nemendur í íslensku unnu leiktexta, stuttverk sem leiklistarnemendur tóku og unnu áfram. Vegna takmarkana var ekki hægt að vera í eins miklu samstarfi við íslenskunemendur eins og venjulega, en leiklistarnemendur sýndu stuttverkin og léku með grímur og fjarlægðartakmörkunum sem var óvenjuleg reynsla.

Leiklist á starfsbraut á vorönn gekk mjög vel. Nemendur bjuggu til morðsögu sem unnin var sem stuttmynd.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Leiklistarnámskeið í Listaháskóla Íslands sumarið 2020. Einnig tvö leikritunarnámskeið á vorönn, eitt hjá Leikfélagi Selfoss í umsjá Karls Ágústs Úlfssonar og annað hjá leikfélaginu Hugleik í umsjá Árna Kristjánssonar.

Annað

Gaman væri að sjá og vinna í þróun og samtali um listabraut skólans og er undirrituð alltaf til í spjall. Skapandi greinar eru framtíðin 😊

2.2.2 Myndlist, nýsköpun og miðlun

Umsjón: Ágústa Ragnarsdóttir

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Ágústa Ragnarsdóttir	MYNL2TK05	MYNL2TK05 (1)
	MYNL2MS05	MYNL2TK05 (2)
	MYNL1SX05	NÝMI2FL05
	MYNL1SX02	NÝMI2HF05
	NÝMI2GM05	MYNL1SX/Y05
	BRAG1SA01	BRAG1SB01
		MYNL2/3TK05 (Litla Hraun)

Elísabet H. Harðardóttir	MYNL1LM05 (1)	MYNL1LM05
	MYNL1LM05 (2)	MYNL3ML05
	MYNL1SX/Y05	MYNL3SS05
		MYNL1SX/Y05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Það má segja að nú séu áfangar farnir að rúlla algjörlega eftir nýja kerfinu og engir nýir áfangar að líta dagsins ljós í augnablikinu í myndlist, nýsköpun og miðlun. En þó sömu áfangar séu endurteknir eru þeir í sífelldri endurskoðun og taka mjög oft einhverjum breytingum á milli anna, mismiklum þó.

Eins og hjá öllum öðrum voru nýjungar í kennsluháttum einkum tengdar fjarkennslu sem reyndist nokkuð snúin þar sem um verknám er að ræða sem þó fylgdi að mestu mætingarháttum bóknáms þ.e. oft lítill staðviðvera og rakst þá jafnvel á Hamarsverknámsgreinar sem voru kenndar í sér stundartöflu.

Upphengjur voru settar á jarðhæð Odda sem gerir okkur kleift að sýna þar málverk á striga.

Sérnámsbrautaráfangar liðu einkum fyrir COVID á haustönn þar sem þeir áfangar féllu nánast niður með öllu og voru ekki heldur kenndir í fjarkennslu. En á vorönn voru nokkrir áfangar í myndlistinni, fjölbreyttir að vanda og svo myndvinnsluáfangi (NÝMI1XM05). Sá reyndist afar snúinn þessa önnina þar sem nemendur voru á mjög breiðu getustigi og áfanginn flókinn í grunninn. Áfanginn krefst lágmarks tölvugetu, að nemendur komist inn á INNU og fleira leynisorðs tengt. Því varð kannski ekki eins mikið af kennslu á Photoshop, sem er útgangspunkturinn, heldur greip kennari til smáforrits í síma þar sem hægt er að myndavinna á einfaldan máta og freistaði þess svo að kenna á þessi forrit samhliða. Þetta krafðist gríðarlegs undirbúnings langt um fram 2ja eininga áfanga.

MYNL2TK05, Teikning, var að mestu í fjarkennslu á haustönn og reyndust sum verkefni snúin í þeim kringumstæðum. Á vorönn var áfanganum breytt lítillega en ákveðið var að leggja enn meiri áherslu á fríhendisteikningu. Kennari er á því að þetta hafi gefist vel, að nemendur hafi öðlast meira sjálfsöryggi í teikningu og formskynjun. Hins vegar er spurning hvort ekki þurfi að fækka enn frekar verkefnum í áfanganum og ætla kennarar að skoða það. Eitt af þeim verkefnum sem var tekið út var möppumerking en í fyrsta sinn voru keyptar A3 plastmöppur sérstaklega ætlaðar fyrir teikningar, möppur sem gott er að ferðast með og fer vel um verkin í þeim. Þessi breyting er komin til að vera.

Teikning var kennd á Litla-hrauni á vorönn, bæði á 2. og 3. þrepi. Sú nýlunda var helst þar að búnir voru til tveir áfangar, annar 3 eininga og hinn 2 eininga, sem saman eru þá ígildi MYNL2TK05. Áfangarnir heita MYNL2SF03 og MYNL2FV02. Með þessu móti eru miklu meiri möguleikar fyrir nemendur að ljúka einhverju heldur en ef eingöngu er 3 eininga áfangi þar sem einungis 2 kennslustundir eru í viku hverri. Það var virkilega ánægjulegt að tilkynna nemendum þessa breytingu og nokkrir þeirra lönduðu sínum fyrstu 3 einingum, tveir kláruðu 5 einingar á öðru þrepi og einn lauk 3. þrepi í teikningu.

MYNL2MS05, Myndlýsingar og myndasögur, var kenndur á haustönn og gekk nokkuð vel miðað við aðstæður enda hópurinn óvenju sterkur. Áfanginn var kenndur eins og þar á undan þegar hann gekk í gegnum breytingar.

NÝMI2GM205, Grafísk miðlun, var kennd á haustönn og leið alveg sérstaklega fyrir Covid og fjarnám en nemendur geta að öllu jöfnu ekki unnið verkefnin annars staðar en í skólanum því það þarf sérstök forrit í þessa vinnu. Á endanum varð úr að aðeins 60% af námsefninu var klárað og er það miður.

NÝMI2FL05 var kennt bæði á haust- og vorönn og er komið í mjög góðan farveg.

NÝMI3HF05 er kennt samhliða 2. þreps áfanganum og er hann enn í mótun, bæðin vegna aukinnar reynslu kennara sem og að sífellt bætast við tæki til að kenna á. Í vetur var bætt við skylduverkefnum, það gafst vel og verða þau fleiri á næstu önn og eru þá einkum hugsuð til þess að nemandi sýni fram á kunnáttu bæði á hugbúnaði og vélbúnaði sem hann öðlaðist á 2. þrepi sem og bæta við þekkingu og grunnhæfni á ný tæki. Sjálfstæð verkefna vinna verður 50% áfangans.

Áfanginn MYNL1LM05, Litir og myndbygging er í boði á hverri önn. Hann gekk sinn góða vanagang en töluvert hefur færst í aukana að nemendur nái ekki að klára tilskilyllinn verkefnafjölda og koma því aftur áfangann og halda áfram þar sem frá var horfið. Þetta er heldur að aukast. Þess vegna verður áfanginn og verkefni aðeins endurskoðuð fyrir næsta vetur en samt reynt að halda uppi þeim kröfum sem þarf.

Á haustönn féll niður 3. þreps áfanginn Straumar og stefnur vegna ónógrar aðsóknar en tveir nemendur tóku þann áfanga á vorönn samhliða öðrum hóp og var það vel. Má hrósa skólanum fyrir þann sveigjanleika.

Þriðja þreps áfanginn Myndlist MYNL3ML05 var kenndur á vorönninni óbreyttur frá því síðast og gekk vel hjá allflestum nemendum. Afraksturinn verður til sýnis í Listagjanni í September n.k.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í öllum áföngum er notast við leiðsagnarmat og símat. Kennari gefur endurgjöf og ráðleggingar á meðan verk er unnið. Þá skráir kennari árangur jafnóðum að verkefnum loknum inn í INNU þar sem nemendur hafa strax aðgang að einkunnum sínum og geta ef þeir vilja og þurfa, betrum bætt sitt verkefni og skilað aftur. Nemendur vita frá upphafi fjölda, vægi og tímaramma verkefna. Ekki er bara endanlegt verk sem liggur til mats, heldur einnig vegferðin. Engin hefðbundin próf. Sú breyting sem sett var inn í áfangalýsingar myndlistar, nýsköpunar og hönnunar frá og með s.l. hausti þar sem krafist er hið minnsta 80% verkefnaskila þar með talið lokaverkefni auk meðaleinkunnar að lágmarki 5,0 til að standast áfangana hefur auðveldað kennurum endanlegt námsmat.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Lísa:

Eins og fyrir alla kennara var COVID stór kennsluáskorun sem krafðist ýmissa nýrra og breyttra aðferða, bæði hvað varðar verklag sem og tækni. Mikill lærdómur og áskorun.

Endurhæfing og viðhald kunnáttu, hugmyndavinnu og hæfni fer fram annað slagið í heimavinnu. Aðallega akrýlmálverk en einnig vatnslitir og fleira.

Helsta áskorunin var óvenjustórt akrýlmálverk sem Lísa færði svo skólanum að gjöf.

Ágústa:

Eins og fyrir alla kennara var COVID stór kennsluáskorun sem krafðist ýmissa nýrra og breyttra aðferða, bæði hvað varðar verklag sem og tækni. Mikill lærdómur og áskorun.

Endurhæfing og viðhald kunnáttu, hugmyndavinnu og hæfni fer fram í heimavinnunni þar sem myndlistarkonan og hönnuðurinn Ágústa er alltaf að, bæði frjálst og pantað. Aðallega teikning, vatnslitir og blek (málning þegar útverk eru unnin) en vissulega eitthvað um þrívíð verk líka sbr. farandverðlaunagrip fyrir Skjálftann þar sem t.d. kunnátta í FabLab kom sér afar vel. En það má alveg segja það að við það að kenna FabLab þarf stanslaust að vera í óformlegu námi til að tileinka sér nýjustu tækni.

Ágústa hélt 30 tíma veggjalistarnámskeið fyrir unglinga og fullorðna í Þorlákshöfn um mánaðarmótin júní/júlí.

Á haustdögum málaði Ágústa pantað listaverk á þann stærst flöt sem hún hefur tekið fyrir hingað til. Um var að ræða vegg sem var 15x5 metrar þar sem hann var hæstur. Fyrir utan að vera frábærlega skemmtilegt var það afar lærdómsríkt og enn frekari staðfesting á því að tæknin sem haldið hefur verið að nemendum í síðustu veggjalistaráföngum snarvirkar.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Engar kennslubækur, en nýjar eða bætтар glærur og kennslublöð í öllum áföngum.

FSu myndlist á Facebook er gríðarlega mikilvægt kennslugagn eftir því sem fleiri gögn hlaðast þar inn frá önn til annar. Kennarar halda einnig áfram að vera með sameiginleg gögn á drive, s.s. glærur, myndasöfn og fl. sem hægt er að sækja í. Sífellt er bætt þar við efni.

INNA var elskuð og dáð á tímum kórónaveirunnar. Allt efni aðgengilegt og ítarlegt, með tengingum í FSu myndlist og töluverðum viðbótum í formi myndbanda og PDF skjala.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Meitla enn frekar kröfur er varða verkefnaskil.

Setja meiri kröfur á vandvirkni, dýpt og tileinkun fremur en fjölda.

Taka til í grunnáföngunum til þess að ná þessu fram.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Fá hærri borð og stillanlega stóla í aðalkennsustofu myndlistar.

Þakgluggar eru lekir í myndlistarstofunni, afar hvítleitt í rigningu eða leysingum, fyrir utan hvað þetta hlýtur að skemma út frá sér.

2.2.3 Grunnám matvæla- og ferðagreina og almen matreiðsla og bakstur

Umsjón: Guðríður Eigilsdóttir

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Guðríður Eigilsdóttir	VBFM1VA12	VBFM1VB12
	VÞVM1VA01	VÞVM1VB01
	IEMÖ1GÆ02	ÖROF1ÖF01
	ÖRVR2HR02	
Guðbjörg Bersveinsdóttir	MATR1SX02	MATR1SX02
Jórunn S. Birgisdóttir	MATR1VA02	MATR1VA02
	BAKA1SK02	BAKA1SK02
	MATR1SX02	MATR1SX02
	SMÁR1SX02	

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Nýtt kennslueldhús var tekið í notkun í október þar með breyttist öll aðstaða til kennslu til hins betra. Kennslueldhúsið er mjög vel tækjum búið og fer vel um nemendur og kennara.

GMF braut var í verklegri kennslu báðar annir en vegna endurnýjunar á eldhúsi og covid, voru keyptir matarpakkar frá fyrirtækinu Eldum rétt fyrir nemendur. Nemendur gerðu verkefnin heima og skiluðu myndum og umsögn þeirra sem neyttu matarins. Þetta var eitthvað sem við höfðum ekki gert áður. Nemendur lærðu að skoða þessa möguleika á því að velja sér hollan mat sem þarf að elda heima. Val í matreiðslu voru með verkleg verkefni heima.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

GMF: Fjölbreytt símat, verkleg og bókleg próf ásamt vettvangsferðum.

MATR1VB02, MATR1SX02, BAKA1SK02, símat eftir hverja kennslustund.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Allir kennarar í matreiðslu þurftu að tileinka sér nýjar kennsluáðferðir á netinu vegna covid. Það var áskorun og mikil vinna.

Guðríður Egilsdóttir sótti 2 námskeið í vor 2 daga námskeið í Örverufræði matvælafyrirtækja frá Sýni og eins dags námskeið um Fæðuofnæmi og fæðuóþol frá lðunni

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Stærðfræði matvælagreina

Næringarfræði fyrir matvælagreinar

Efni frá Eldum Rétt

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Að halda áfram að efla matvælabraut skólans. Það væri hægt að bjóða upp á fjölbreytta áfanga í matreiðslu sem kenndir væri í lotum eftir skóla t.d. þjóðarrétta áfanga sem aftur væri hægt að tengja við og samþætta við aðra áfanga í skólanum.

Þar sem nýja kennslueldhúsið er mjög faglegt og vel tækjum búið er kominn tími á að skólinn bjóði upp á áframhaldandi nám í matvælagreinum. Þar væri möguleiki á að bjóða upp á t.d. matartækninám og matsveinanám.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Þar sem að kennslueldhúsið sjálft hefur stækkað á kostnað borðstofu, sem þar með er orðin of lítil til að hægt sé að bjóða gestum að borða með nemendum. Einnig er þörf á stærri fataklefa. Viljum við benda á að hægt er að nota rýmið við hlið kennslueldhúss væri tekið undir borðstofu og fataherbergi.

2.2.4 Hönnun og textíll

Umsjón: Guðbjörg Bergsveinsdóttir

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Guðbjörg Bergsveinsdóttir	HÖTE2HU05	HÖTE2HU05
	HÖTE2HU05	HÖTE3HH05
	FATN1SX05	FATN1SX05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Notaði netið meira og nemendur þurftu að vinna meira heima vegna covid.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat með verkefnaskilum í öllum áföngum. Notaðist við Excel.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Útsaumsnámskeið 5 dagar: Námskeið í að koma útsaumsmunstri yfir á efni, tvær aðferðir.

Vegna covid þá var ekki mikið um námskeið en ég lærði heilmikið á að kenna í gegnum netið og að útfæra textílkennslu í fjarkennslu.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Notaðist við það sem til var.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Koma á meiri heimavinnu og þá í tengslum við netvinnu.

Fá gestakennara.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Endurnýja tæki eftir þörfum.

Annað

Þessi vetur er búinn að vera mjög krefjandi og lærdómsríkur vegna covid. Mér finnst ég hafa lært heilmikið á þessum vetri og sé að alltaf er hægt að gera betur og líka að breyta.

Guðbjörg Bergsveinsdóttir

2.2.5 Íþróttir

Umsjón: Ásdís Björg Ingvarsdóttir

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Ásdís Björg Ingvarsdóttir	NÆRI2ÍP05	ÍPRÓ1PH03
	HBFR1HH05	ÍPRÓ2PL03
	ÍPRÓ1GX02	ÍPRÓ2PR02
	ÍPRÓ1PH03	ÍPRÓ2BL02
	ÍPRÓ2JF02	ÍPRÓ2JF02
	ÍPRÓ2BA02	ÍPRÓ1GX02
		ÍPRÓ1PX02
Gunnar Rafn Borgþórsson	ÍPRÓ1PH03	ÍPRÓ2PL03
	ÍPRÓ2PL03	UMHV1SU05

	ÍPRÓ2KN02	BRAG1SB01
	BRAG1SA01	
	FÉLA1SA05	
Ragnheiður Eiríksdóttir	ÍPRÓ2JÓ02	ÍPRÓ2JÓ02
Sabína S. Halldórsdóttir	ÍPRÓ1PH03	ÍPRÓ2PL03
	ÍPRÓ2PL03	ÍPRÓ2BL02
	ÍPRÓ1PX02	ÍPRÓ1GX02
	ÍPRÓ1SX01	ÍPRÓ1SX01
		UMHV1SU05
Sverrir Geir Ingibjartsson	ÍPRF2PJ05	ÍPRF2SS05
	ÍPJÁ3AÐ03	ÍPRF2SS05
	ÍPRÓ2JF02	ÍPRF3LL05
	ÍPRÓ2ÚF02	ÍPRG3BL03
	ÍPRÓ1PX02	ÍPRÓ2JF02
	LHRÍPR	ÍPRÓ1PX02
		LHRÍPR

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Þegar kenna þurfti í fjarkennslu vegna samkomubanns, urðum við oft að grípa til nýrra og öðruvísi kennsluhátta í íþróttum. Augljóslega var það gert af illri nauðsyn og ekki komið til að vera heldur neyðarráðstöfun á tímum heimsfaraldar. Ýmsar góðar hugmyndir vöknudú samt og fleiri möguleikar í kennsluháttum litu dagsins ljós sem hægt verður að nýta í framtíðinni. Kennarar íþróttadeildar vonast til að geta kennt í staðkennslu á næsta skólaári enda frekar snúið að kenna verklegar íþróttir í gegnum tölvu svo vel sé.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í verklegum íþróttum er eingöngu um símat að ræða. Þar gildir mæting 40-60%, mest í fjallgönguáföngunum sem kenndir eru fyrir utan stundatöflu.

Íþrótttaáfangarnir sem bæði eru bóklegir og verklegir eru líka símatsáfangar. Námið þar er metið út frá fjórum þáttum, mætingu, virkni, verkefnaskilum og prófi sem tekið er í lok annar.

Á haustönn fór nánast allt námið fram í fjarkennslu og voru verkefnaskil, próf og verklegar æfingar allt gert heima og skilað í gegnum Innu.

Á vorönn náðist að kenna staðnám að mestu leiti en ákveðið var að leggja fyrir heimapróf í Innu vegna smits sem kom upp í skólanum og sóttkvíar sem nokkrir nemendur lentu í í kjölfarið.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Segja má að skólaárið hafi verið eitt stórt námskeið í fjarkennslu og notkun forrita fyrir fjarnámið.

- Námskeið í skyndihjálpi.
- Þjálfaranámskeið frá KSÍ.
- Námskeið í stjórnun á vegum ÍSÍ og UMFÍ.
- Að verða betri en ég er til að ná hámarksárangri á vegum Endurmenntunar HÍ.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Engin ný kennslubók var notuð á árinu en námsefnið var yfirfært yfir í fjarkennsluform. Smám saman er efni af netinu og ýmis smáforrit að verða veigameiri sem hjálpargögn í kennslunni. Fjarkennsla í íþróttum ýtti undir það að nemendur notuðu smáforrit í síma/úri sem m.a. mæla virkni í hreyfingu.

Eins og áður sárvantar nýja kennslubók í heilbrigðisfræði, mikið notast við efni af veraldarvefnum.

Breytt stokkakerfi breytti íþróttakennslunni aðeins, þeir sem kenndu í samliggjandi stokkum fannst það gefast vel. Það gefur möguleika á enn meiri sveigjanleika á milli bók- og verklegrar kennslu.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Fá aðgang að nýja fjölnota íþróttahúsinu t.d. fyrir knattspyrnuáfanga.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Að reyna eins og hægt er að passa upp á að fjölmennir hópar í íþróttum fái aðgang að heilum sal í íþróttum.

Það gafst mjög vel að minnka hópana í ÍPRÓ1PH03 og ÍPRÓ2PL03. Kennari hefur meiri yfirsýn yfir nemendur og kennslan gengur betur með færri í hóp.

Annað

Kennarar í íþróttadeild vinna vel og náið saman. Kennarar samræma verkefnavinna og áherslur milli áfanga sem er að okkar mati mjög mikilvægt.

Við viljum einnig minnst á þakklæti okkar fyrir hversu vel hlúð er að íþróttum í FSu.

2.2.6 Hestagreinar

Fagstjóri: Sissel Tveten

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2020	Vorönn 2021
	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Sissel Tveten	HEST1GR05, REIM1GR05, HEST3PG04, REIM3PG05, FÓHE2FU05, FÓHE2HU03.	HEST2KF04, REIM2KF05, REIM3PK05, FÓHE3AU03.
Brynja Valgeirsdóttir		FÓHE1GR03
Áslaug Fjóra Guðmundsdóttir	HEST2GP05, REIM2GP05.	LOKH3HB03, LEIH2HE04, HEST1GF05 og REIM1GF05 Umsjónamaður starfsnáms
Freyja Hilmarsdóttir	REIM2GP05, REIM1GR05. Starfsbraut.	REIM1GF05, REIM2KF05. Starfsbraut.
ST, ÁFG, FH	VINU2FH02 og VINU3SH02	

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

-Rafræn kennsla er nýjung fyrir flestir kennarar í okkar deild. Þetta er búið að ganga vel og kennarar hafa öðlast reynslu í kennsluformi sem við munum nýta í einhverju formi áfram.

-Við vorum með tilraun á vorönn fyrir afreksknapa á hestabraut. Nemendur sem voru að keppa í meistaradeild æskunnar og meistaradeild ungmenna, voru að hluta í dreifinám tengd mótin og undirbúningurinn fyrir mótin.

Þetta var gert til þess að koma til móts við það gríðarlega vinnuframlag sem liggur á bakvið þáttöku í afreks íþróttir. Þau skiluðu inn nokkrum verkefnum tengd dreifináminu og kynntu fyrir samnemendum.

Okkur fannst þessi tilraun heppnast vel og hafði jákvæð áhrif á metnað og áhuga á hestíþróttina hjá öllum í hópnum.

-Við höfum nýtt okkur tengingin við æskulýðsstarfið hjá hestamannfélagið Sleipnir og grunnskólana og boðið þeim uppá fræðslu hjá nemendum í leiðbeinanda áfanganum.

-Við höfum fengið til liðs við okkur járningamaður til þess að kenna járningar og hófhirða í fóhe áfangana. Hún er ný útskrifuð úr járninga náminu í Wången í Svíþjóð.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

-Við erum með símat í alla áfanga, en höfum rætt um þörf á nýta okkur einnig lokapróf.

Við höfum velt fyrir okkur að hafa lokapróf til þess að hvetja til upprifjunar á efni annarinnar.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

-Reiðkennarar hafa nýtt sér rafræn endurmenntun Félag tamningamanna ásamt ymisleg önnur rafræn námskeið í vetur.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

-Við höfum tekið í notkun endurútgefnar og uppfærðar knapamerki 4 og 5 bækurnar.

-Á vorönn höfum við kennt ný verkleg knapamerkja próf.

-Þrír nýir kennsluhestar voru/verða keyptir í lok vor annar. Kennsluhestarnir eru mikilvægustu kennslugögnin okkar í verkleg reiðkennsla og það var komin tíma á endurnýjun.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

-Við munum líklegast gera nokkrar breytingar á hestabraut á næsta ári.

-Við höfum unnið í tillaga til að breyta LOK áfanganum í bóklegur HEST áfanga á 6. Önn þar sem árangur okkar í lok áfanganum hefur ekki verið nægilega góður að okkar mati, og við finnum fyrir þörf fyrir bóklegir tímar til að styðja við REIM á 6. Önn.

-Á næstu önn/annir munum við leggja áhersla á tenging við atvinnulífið með vettvangsferðir og kynningar sem hafa verið í lámarki síðustu annir vegna covid.

2.2.7 Raungreinar

Kennslustjóri: Ólafur Einarsson

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Brynja Valgeirsdóttir	LÍFF2EL05	LÍFF2EL05
		FÓHE1GR03
Hekla Þöll Stefánsdóttir	LAND2EL05	LAND2EL05
Jón Grétar Hafsteinsson	EFNA2AE05	EFNA2AE05
	EFNA3BB05	EFNA3BB05
	STÆR1AA05	NÆRI2AA05
Ólafur Einarsson	LÍFF2EL05	LÍFF2EL05
	UMHV2UU05	LÍFE2LN05
	LÍFF3VI05	JARÐ2JÍ05
	FUND1UN01	FUND1UN01
Vigdís Guðjónsdóttir	EÐLI2GR05	EÐLI2GR05
		EÐLI3VB05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Covid-farsótt hafði veruleg áhrif á kennslu á báðum önnum. Á haustönn var nánast eingöngu fjarnám og einnig hluta af vorönninni, því þurftu allir kennarar að aðlagast sig að þeim aðstæðum og var því mikil endurmenntun og nýjung í kennsluháttum.

Á haustönn var lítið um verklega kennslu í raungreinum vegna Covid-farsóttar og samkomutakmarkanna. Áhrif farsóttar á verklega kennslu á vorönn voru einnig þó nokkrar þar sem æfingar voru felldar niður vegna fjarlægðartakmarkana og sótthreinsunarkrafna. Það var breyting sem telst verulega neikvæð.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Á haustönn var símat í landafræði (LAND2EL05) en lokapróf fyrir þá sem náðu ekki 7 í annareinkunn. Þeir sem fóru í lokaprófið enduðu samt sem áður með sömu einkunn og þau voru með í annareinkunn og því var skipulaginu breytt á vorönn og lokapróf tekið út og áfanginn gerður eingöngu símatsáfangi.

Í efnafræði (EFNA2AE05 og EFNA3BB05) og næringarfræði (NÆRI2AA05) var lokapróf.

Símat í líffræðigreinum, umhverfisfræði (UMHV2UU05) og jarðfræði (JARÐ2JÍ05). Próf voru að mestu rafræn í öllum áföngum í líffræðigreinum og umhverfisfræði á haustönn. Það átti einnig við að hluta á vorönn í líffræðigreinum og jarðfræði. Í þessum greinum hafa rafræn próf ekki verið verið notuð áður við námsmat nema í umhverfisfræði.

Í eðlisfræði (EÐLI2GR05 og EÐLI3VB05) var lokapróf sem var með 50% vægi.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Hekla Þöll Stefánsdóttir fór á rafræna ráðstefnu um náttúrufræðimenntun á vorönn.

Ólafur Einarsson: Vistheimtarnámskeið á vegum Landverndar haldið í ágúst 2020 og var það fjarnámskeið og námskeið Samlífs (samtök líffræðikennara) vorið 2020 sem fjallaði um matvælaöryggi og matvælaframleiðsla á Íslandi á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands dagana 3. - 5. júní. Það má kannski bæta því við í ársskýrsluna.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Vistfræði var kennd á haustönn en hún hefur vart verið kennd eftir að þriggja ára kerfi var tekið upp, Ólafur Einarsson kenndi þennan áfanga í fyrsta sinn. Þetta var eini þriðja þreps áfanginn sem var kenndur í líffræðigreinum þetta skólaárið, en þeir hafa næstum alltaf dottið út eftir að kerfinu var breytt. Bók eftir Margréti Auðunsdóttur „Vistfræði og umhverfismál“ var notuð í vistfræði og að hluta til í umhverfisfræði og reyndist sú bók ágætlega.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Vinnudagur í upphafi annar var framfaraskref en það mætti hafa þá a.m.k. tvo til að gefa meira svigrúm til undirbúnings.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Verklegr kennsla er mikilvæg í öllum raungreinum, það er ekki hægt að sinna fleiri nemendum en 12 í verklegu. Hópastærð í raungreinum ætti að miða við það. Rými í kennslustofum leyfir ennfremur ekki að fleiri séu í verklegu.

Starf kennara í umhverfisnefnd Grænánans (FUND1UN01) hefur verið ólaunað frá upphafi frá því að umhverfisnefndin var fyrst komið á fót undir merkjum Grænánans haustið 2016. Starf kennara í umhverfisnefnd þyrfti að vera launað eins og er í flestum ef ekki öllum öðrum framhaldsskólum sem eru þátttakendur í Grænánaverkefninu.

Annað

Brynja Valgeirsdóttir og Hekla Þöll Stefánsdóttir eru nýir kennarar í við skólann. Báðar voru í hlutastarfi og í annarri vinnu samhliða kennslu í FSu. Vigdís Guðjónsdóttir var einnig nýr kennari við skólann en ásamt því að kenna eðlisfræði þá kenndi hún einnig stærðfræði. Það var veruleg áskorun fyrir nýja kennara að byrja að kenna við skólann á tímum farsóttar. Brynja Valgeirsdóttir kenndi einn áfanga á hestabraut á vorönn sem var fóðrun og heilsa íslenska hestsins (FÓHE1GR03).

Það er mikil vinna fyrir kennara að byrja með nýja áfanga, nýja kennslubók eða jafnvel engar kennslubækur og er afar undarlegt að vinna við þetta sé ekki tekið inn í vinnumat eða laun á einhvern máta.

Ólafur Einarsson og Ágústa Ragnarsdóttir höfðu umsjón með umhverfisnefnd (FUND1UN01) Grænánaverkefnisins. Starfið lagðist af þegar skólanum var lokað vegna Covid-farsóttar á vordögum en þráðurinn var tekinn upp í febrúar 2021 þegar samkomutakmörkunum fór að léttast og nemendur farnir að mæta að staðaldri í skólann. Þá þurfti að manna nefndina upp á nýtt þar sem nær allir þeir nemendur sem voru í nefndinni voru annað hvort útskrifaðir eða höfðu ekki áhuga á að starfa meira í henni. Nefndin hittist í hádeginu á miðvikudögum, styttri hádegishlé í nýrri stokkatöflu töfðu fyrir starfinu. Þema þessa árs er loftslagsbreytingar/samgöngur og vistheimt (<https://landvernd.is/graenfaninn-themu/>).

Það þurfa að vera til 12 almennilegar smásjár og víðsjár. Kaupa þarf eina smásjá og fimm víðsjár og ljós fyrir víðsjárnar.

Það þyrfti að fara yfir raungreinageymslu og taka til. Tól og tæki þarf að yfirfara, laga það sem er bilað og kaupa ný þar sem vantar. Steinasafn er ennfremur í ólestri og þarf að fara yfir það, skipuleggja, greina og merkja sýni.

2.2.8 Sjúkraliðagreinar

Fagstjóri: Íris Þórðardóttir

Sjúkraliðabraut skólaárið 2020 -2021

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Íris Þórðardóttir	HJÚK2TV05 SJÚK2GH05 HJÚK2HM05 LÍOL2IL05 VINN2LS08 VINN3ÖH08	LÍOL2SS05 HJÚK3LO03 HJÚK3FG05 VINN3GH08 SÝKL2SS05 SIÐF1SF05 LYFJ2LS05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Þær komu aðalega í kjölfar covid, ég lærði á teams, Zoom og spjall á Innu.

Endurnýjaði kynni mín á turnitin.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Verklegt próf í VINN áföngunum, sem náðust allir þrátt fyrir ástandið og tel ég það bara heppni

Símat – HJÚK2HM05, HJÚK3LO03, SIÐF1SF05, HJÚK3FG05 og LYFJ2LS05

Lokapróf í hinum áföngunum

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Enginn námskeið þetta árið, en lært heilan helling á google um zoom, teams og turnitin

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Nei

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Já og búinn að koma því í gegn að sýklafræðin verður, færð inn á 2 önn af 4 önn. Til þess að minnka álagið af 4 önn og þar sem álagið á 2 önn er lítið, var þetta mjög góð breyting

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Nei

Annað

Takk fyrir veturinn, hann var, aftur, öðruvísi 😊

2.2.9 Stærðfræði

Kennslustjóri: Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir

Kennarar og áfangar

Kennari	áfangar haustönn 2020	áfangar vorönn 2021
Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir	STÆR1AJ05 STÆR2TL05 STÆR2PT05	STÆR2RU05 STÆR2TL05 STÆR2PT05 STÆR3TL05
Ingvar Bjarnason	STÆR2HV05	
Ingunn Helgadóttir	STÆR1RX05	STÆR1RX05
Jón Grétar Hafsteinsson	STÆR1AA05	
Kjartan Ólason	STÆR1AJ05 STÆR1AJ05 STÆR2VF05 STÆR2VF05	STÆR1AJ05 STÆR1BB05 STÆR2RU05 STÆR2VF05
Kristjana Sigríður Skúladóttir	STÆR1AA05 STÆR2AR05 STÆR2RU05	STÆR2AR05 STÆR2TL05 STÆR3TL05
Magnús Másson	STÆR1AJ05 STÆR2RU05	STÆR2HV05 STÆR2RU05 STÆR2RU05
Renata Lis	STÆR1SX05 STÆR1XA05 STÆR2AF05 STÆR3FD05 STÆR3HD05 STÆR3SG05	STÆR1BB05 STÆR3FD05 STÆR3FD05 STÆR3HD05 STÆR3TD05

Vigdís Guðjónsdóttir	STÆR1AJ05	STÆR1AJ05
	STÆR1AJ05	STÆR2AF05
	STÆR2AR05	
	STÆR2AR05	
Ægir Sigurðsson		STÆR2AF05
		STÆR2VF05

Kennsluhættir á skólaárinu

Árið hófst með óhefðbundnu sniði vegna covid-19 og var haustönnin nær alfarið kennd í fjarnámi. Vorönnin var hins vegar næstum öll kennd í staðnámi. Við í stærðfræðideildinni höfum lengi óskað þess að kennarar stærðfræðideildar hafi tölvur með snertiskjá og er þörfin fyrir slíkt mun ríkari í fjarnáminu. Þetta kom meðal annars fram í óskum okkar um úrbætur í fyrra. Nú vorum við bænheyrð, skólinn studdi rausnarlega við okkur stærðfræðikennarana, þannig að nú eru stærðfræðikennarar komnir með fartölvu með snertiskjá til umráða. Þetta er mikil bylting og sem hefur áhrif á hæfni okkar til að tjá okkur með táknmáli stærðfræðinnar í gegnum tölvur í fjarnámi og við myndbandagerð. Hugmyndir okkar um að halda áfram með mentorakerfi þar sem eldri nemendur aðstoða þau yngri þurftu að bíða þetta skólaárið vegna ástandsins. Við erum samt enn spennt fyrir þeirri hugmynd að eldri nemendur geti unnið sér inn einingu með því að taka þátt í aðstoð við nemendur hvort sem það er í stoðtímum eða inni í hópum, þegar sóttvarnir skipa ekki jafn stóran sess í skólastarfinu.

Á vorönn sem var að mestu leiti kennd í staðnámi fórum við af stað með stoðtíma í stærðfræði á miðvikudögum kl. 14:35. Þetta var sett á laggirnar vegna mikillar eftirspurnar frá nemendum og foreldrum þeirra. Stoðtímarnir voru valfrjálssir fyrir nemendur en óskað var eftir að þau skráðu sig fyrir fram. Venjulega voru 2 kennarar að aðstoða þá nemendur sem mættu. Tímarnir voru misvel sóttir og oft komu fleiri í aðdraganda lotuprófa. Stoðtímarnir eru mikilvægir fyrir stærðfræðinemendur og ætlum við að halda þeim áfram. Mentorar gætu komið að miklu gagni í slíkum tímum, til þess að það gangi þarf að auglýsa eftir mentorum strax í upphafi haustannar meðan á töflubreytingum stendur.

Áfanginn STÆR3TL05 hefur alltaf verið lokaprófsáfangi þar sem nemendur hafa stundum kvartað yfir óvissu um hvernig þeir standa sig yfir önnina. Við ákváðum að bregðast við þessu og skiptum námsefninu upp í 3 lotur og gáfum nemendum kost á að sleppa lokaprófi ef þeir stæðust loturnar með hærri meðaleinkunn en 7. Þetta kom vel út að öllu leiti nema því að verkefnaskil í seinustu lotunni voru það seint að nemendur sem voru í óvissu með einkunnina voru það alveg fram á seinustu daga í lokavíkunni og svo var lokaprófið strax á mánudaginn eftir. Við gætum til dæmis lagað þetta með að hafa lokaprófið í þessum áfanga seinna í próftöflunni.

FSu tók aftur þátt í Bebras stærðfræðikeppni á þessu skólaári. Að þessu sinni auglýstum við keppnina á meðal nemenda og þeir sem vildu tóku þátt heiman frá sér. Einnig voru nemendur í tölvustærðfræði á haustönn með í keppninni. Hlutskörpust í keppninni í ár var Hildur Tanja Karlsdóttir og fékk hún borðspil í verðlaun frá stærðfræðideildinni. Nemendur frá FSu tóku einnig þátt í stærðfræðikeppni framhaldsskólanna og þar gekk Hildi Tönju líka mjög vel og hafnaði í 5.-6. sæti. Hildur Tanja tók í framhaldinu þátt í úrslitakeppni sem fram fór í HR þar sem hún keppti í stærðfræði við bestu stærðfræðinemendur landsins. Í kjölfarið var henni svo boðið að taka þátt í sex vikna æfingarbúðum í júní og júlí á vegum Háskóla Íslands og læra þar og æfa með þátttakendum í Ólympíuliði Íslands í stærðfræði. Við þökkum Hildi fyrir sinn þátt í að efla veg og virðingu skólans.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Flestir stærðfræðiáfangarnir eru settir upp í þrjár til fjórar lotur sem hverri um sig lýkur með lotuprófi. Nemendur sem ná ákveðinni lágmarkseinkunn úr lotunum eiga þá kost á að sleppa lokaprófi. Þessi viðmið voru aðeins mismunandi milli áfanga en við tókum þá ákvörðun að samræma þetta þannig að viðmiðið myndi miðast við einkunnina 6 í hægferðarhópum einkunnina 7 í öðrum hópum. Þeir sem ekki ná viðmiðum eiga þá kost á að taka lokapróf. Virkni nemenda yfir önnina er mun meiri í lotukerfinu en ella svo við viljum halda þessu hvatningarkerfi áfram. Á haustönn var nám og námsmat að mestu leiti í fjarnámi, við vorum þó með lokaprófin í skólanum. Á vorönn var hefðbundnara snið og var nánast öll kennsla og námsmat í staðarnámi sem og lokaprófin.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Námskeið sem kennarar stærðfræðideildar hafa sótt eru margvísleg og mikið framboð var á rafrænum námskeiðum í farsóttarástandinu. Meðal námskeiða eru t.d:

- Utís sem Ingvi Hrannar stóð fyrir á haustönn
- Námsstefna Flatar
- Framhaldsskólakennarinn á krossgötum
- Námssefnisgerð hjá Torfa Hjartarsyni
- Jákvæð sálfræði sem skólinn bauð upp á
- SketchUp - þrívíddarhönnun
- Revit-byggingarforrit
- Hugsandi skólastofa (á vegum Flatar)
- Python forritun
- Excel fyrir lengra komna- hjá endurmenntun
- SQL-fyrirspurnamálið

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Við tókum upp nýja kennslubók í áfanganum STÆR2HV05 sem heitir Stærðfræði 3A frá Iðnú og er eftir Gísla Backman og Helgu Björnsdóttur hjá tækniskólanum. Þessi námsbók tók við af MH- heftunum sem við vorum með áður.

Að öðru leiti hélst bókalistinn óbreyttur að mestu leiti.

Mikill áhugi er á að endurskoða námsefni í fornámsáföngunum STÆR1AA05 og STÆR1BB05, sérstaklega þeim síðarnefnda. Farið hefur fram mikil umræða um þessa fornámsáfanga innan deildarinnar en þá sækja oft nemendur sem hafa upplifað mikið vonleysi gagnvart faginu. Því er hugmyndin að taka markvissa uppbyggingu nemenda inn í áfangann með jákvætt hugarfar og vaxtarsjálfræði að leiðarljósi í öllum hópum. Einnig er hugmynd að bjóða upp á verkefni sem sýna hve stærðfræði er skemmtileg og gagnleg. Áfram munum við samt nota Upp á punkt sem grunnbók, þar sem við höfum ekki fundið aðra betri. Við erum einnig að hugleiða hvort það er ekki nóg að hafa einn fornámsáfanga í stað tveggja.

Lærum hvert af öðru

Seinasti fundur vetrarins var einskonar smiðja þar sem kennarar sýna hverjum öðrum sniðug verkefni, kennslufræði sem virkar vel, forrit eða eitthvað til að deila. Nú fengum við Vigdís til að sýna okkur DESMOS sem er forrit sem virkjar samskipti nemenda um stærðfræði og dýpkar hugtakaskilning. Eins sagði hún frá umræðutímum í stærðfræði í Versló þar sem einn hópur fær verkefni sem krefst umræðna meðan aðrir vinna í öðrum verkefnum. Kristjana sagði

frá markvissri notkun á kennslu í gróskuhugarfari og markmiðasetningu fyrir sérhvern áfanga. Einnig sýndi hún hvernig hún notar „tómata“ – tímastjórnun þar sem nemendur vinna í 25 mínútur með fullri athygli en taka svo 5 mínútna pásur á milli. Þessi leið kemur frá rannsóknum á hvernig heilinn virkar. Guðbjörg Helga sýndi svo GeoGebra (materials og classrooms) og vefsíður sem hún gerði með kennslumyndböndum í RU og AJ áföngunum. Við munum setja þessa punkta og fleiri inn í sameiginlegan banka.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Starfsáætlun ætti að að vera að mestu óbreytt frá fyrra skólaári fyrir utan að bæta við nokkrum þáttum:

Gott væri að í upphafi annarinnar í öllum stærðfræðiáföngum væri unnið með hugarfarið og hve miklu máli það skiptir fyrir námárangur að tileinka sér gróskuhugarfar. Taka svo að minnsta kosti smávegis tíma 2 vikum seinna í að láta nemendur setja sér markmið.

Við höfum ákveðið að safna saman banka með ganglegum verkefnum og kennsluhugmyndum fyrir deildina.

Til er mikið af kennslumyndböndum frá stærðfræðikennurum eftir neyðarfjarnámið á farsóttartíma sem við þurfum að safna saman. Til er heildstæður vefur með kennslumyndböndum fyrir RU og AJ en við getum gert fleiri og einnig endurskoðað og bætt þá sem til eru.

Prófum strax í upphafi haustannar að setja á laggirnar stoðtíma með mentorum. Það þýðir að við þyrftum að vera með tímana í miðvikudagsgati eða utan töflu. Mögulega má nýta hádegis.

Bjóða reglulega upp á vinnustofur þar sem við lærum hvert af öðru.

Nota eina kennslustund á haustönn fyrir Bebras og fara með nemendur í tölvustofu.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Við höfum kennt stærðfræði í stofum 306, 308 og stofum í lðu. Nú var stofu 306 breytt í tölvustofu. Þannig að okkur vantar skilgreinda stærðfræðistofu í stað stofu 306.

Við höfum sum haft áhuga á að færa okkur í átt til „thinking classrooms“ en þar þurfa nemendur að hafa „töflupláss“ á veggjunum, hraunaðir veggirnir hindra okkur að miklu leiti í þessu. Þannig að stærðfræðistofur með töfluplássi á öllum veggjum væru draumur.

Annað

Vigdís Guðjónsdóttir slóst í hóp stærðfræðikennara á skólaárinu en hún var í ársleyfi frá Verslunarskóla Íslands. Hún hyggst snúa aftur í Versló en við þökkum henni góða viðkyrningu og vel unnin störf hér við skólann.

2.2.10 Verknám

Kennslustjóri: Svanur Ingvarsson

Tréiðngreinar

Umsjón: Svanur Ingvarsson

Skólaveturinn 2020 - 2021

Nafn kennara:

Áfangi/ar

Áfangi/ar

haustönn

vorönn

Jón Sigursteinn Gunnarsson	EFRÆ1EF05	TRÉS1VT08
	TRÉS1VÁ05	TRÉS1SX05
	BRAG1SC01	

Lárus Gestsson	TRÉS1HV08	INRE2HH08
	HÚSA3HU09	HÚSA3PÚ09
		LOKA3HU08
		TRÉS1SX05
		TRÉS1HV08

Óskar G Jónsson	TRÉS1SX05	INN2HH05
	GLUH2GH08	HÚSV3HU05
	TEIK2HS05	LOKA3HU08
	FRVV1FB05	TRÉS1SX05
	GRTE1FA05	

Svanur Ingvarsson	TRÉS1SX05	GRTE1FA05
	GRTE1FA05	GRTE2FB05
	GRTE2FB05	TRST3HH05
	LEÐU1SX02	

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Fyrir utan aðlögun að Covid-19 ástandi og neðangreint, er lítið um að tala. Þó má nefna að ánægju okkar með nýja stokkatöflu vorannar. Hún auðveldaði stundatölu-smíðum að fjölga samliggjandi tímum sem við teljum mikilvægt, sérstaklega í verklegum táföngum.

LG.-Í innréttingaáfanganum var cnc yfirfræsarinn notaður í fyrsta skipti við smíði skilduverkefni áfangans, ég blandaði saman gömlum og nýjum aðferðum með þessu og var mikil ánægja hjá mér og nemendum með útkomuna.

Held við verðum að taka yfirfræsarann með inn í kennsluna og láta hann verða eitt af tannhjólum áfanga sem við teljum hann eiga heima í.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í öllum fagáföngum húsasmíðinnar var símat, en framkvæmt með mismunandi hætti, eftir kennurum og áföngum.

LG - Í verklegum áföngum hef ég skipt viðfangsefnum upp í verkefni eða mat sem ég set á Innu þrisvar á önn, verkefni og matið eru skráð með einkunnareglu í Innu og einkunn gefin þar jafnóðum, símat sem virkað hefur mjög vel. Er með bókleg verkefni á sama hátt í gegnum Innu í verklegum áföngum sem hluta af símati.

Ég held því fram að símat sem er sýnilegt nemendum jafn óðum sé hvetjandi og styðji þá sem eiga erfitt með að halda einbeitingu út önnina.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

LG - Ég hef nýtt mikið af mínum tíma sem aflögu er til að læra á tölvustýrða yfirfræsarann

okkar. Hef ekki sótt formleg námskeið á síðasta skólaári. Lít reyndar svo á að maður sé alla daga á námskeiði ef maður sér tækifæri í að uppfæra sig á daglegri reynslu.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim.

LG - Hef notað talsvert efni af vefnum þar sem mér finnst framboð kennsluefnis á tölvutæku formi nánast ófánlegt öðruvísi, þarna verður maður að fara varlega því höfundarréttur er alltaf það sem verður að hugsa út í. Öll bókleg verkefni hjá mér eru unnin í tölvu gegnum Innu, þannig að ég hef ekkert þurft að prenta verkefni út á pappír til nemenda.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

LG - Reyna eins og mögulegt er að hafa t.d. húsaáfangann í eins mörgum samliggjandi tímum og mögulegt er. Þetta á reyndar við í öðrum verklegum áföngum líka en sérstakleg húsinu,

þar sem mikill tími getur farið í að koma sér af stað í útivinnu. Leggja vinnu í að lesa saman hvaða áfangar geta verið saman í smíðastofum, getur skipt sköpum varðandi gott skipulag við kennslu. Þetta er orðið sérstaklega mikilvægt þegar aðsókn er orðin svona mikil.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

LG. Leggja mikla áherslu á að uppfæra námsefni og koma því í rafrænt form. Það er mjög lítið að fréttastofur þróun hjá IÐNÚ eða öðrum sem eiga að sjá um þau mál. Orðið svolítið þreyttur frasi að það vanti peninga, uppfærsla á námsefni er hluti af því að reka skólakerfi sem stenst skoðun á nútímavísi.

Annað

Covid- 19 hafði nokkur áhrif á starfið (kennslu og nám) hjá okkur í vetur, þó mun minna á vorönn. Þegar upp var staðið mátti sjá að nær enginn afsláttur var gefinn á yfirferð námsefnis og námsárangur svipaður.

Vélvirkjun

Fagstjóri: Borgþór Helgason

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Borgþór Helgason	AVVI3UV05	AVVI1VB05

	EFRÆ1MI05 HLGS2TI05 IÐNT3ML05 TSVÉ3T05	AVVI3UV05 EFRÆ1M05 HLGS2TI05 IÐNA3EI05 IÐNT2VB04 IÐNT3ML05 IÐNT3ML05 TSVÉ3TV05 VÖKT3VH05
--	---	--

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Í efnisfræði áfanganum voru 2 nýjungar stál var hitað upp og hert í ofni sem fengin var að láni og nemendur fengu að kynna þvi að vinna stál með eldsmiðju á gamla mátann.

Samstarf var á milli vélvirkja og rafmagnsdeildar þannig að vélvirkjar fræstu út prentplötu í cnc fræsarannum.

Í iðnreikningi notuðum við teikniforritið Inventor til að reikna út burðarþol í bitum.

Nemendur fengu að renna titanium en vegleg gjöf frá Össuri og Formúla 1 í Hveragerði barst FSu. Í henni voru skurðarverkfæri og efni; titanium ál stál og plast, sem kemur að góðum notum við kennsluna.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Notast var við símat og hefur það gengið ágætlega

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ég sótti massíft cnc námskeið sem Kristján B Ómarsson hélt og það hefur fært cnc kennsluna upp á annað stig.

Einnig tók ég alþjóðaréttindi í háspennukerfum í tvin og rafmagnsbílum sem mun nýtast vel við kennslu í aflvélavirkjun enda eru bílar og tæki óðum að breyta yfir í rafmagn sem orkugjafa.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Þetta kennsluár var það fyrsta eftir breytingu á vélvirkjabrautinni. Ofn var fengin að láni til að hita herða stál, Innventor tölvuteikniforritið var notað til að út reikna styrk í stálbitum. Gamalt afl var tekið upp og notað til að hita stál og kenna nemendum gamla tækni í meðferð stáls.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Það mætti gera örlitlar lagfæringar á vélvirkjabrautinni. Breyta IÐNT2VB04 áfanganum í 5 eininga áfanga svo að nemendur fái sambærilegt kennslumagn á viku eins og er í Tækniskólanum. Styttu mætti Logsuðuáfangann niður í 3 einingar og fá í staðinn áfanga í rafmótorum RRVV2RS05 og áfangann RAFL1GA03 í raflögnum enda dattu niður 3 rafmagnfræði áfanga við breytingu á vélvirkjabrautinni sem er ekki nógu gott fyrir nemendur.

Annað

Ég vildi þakka ykkur fyrir að gefa Kristjáni tækifæri á að koma og kenna mér CNC þetta hefur fært kennsluna upp á hærra stig.

Rafiðngreinar

Fagstjóri: Grímur Lúðvíksson

Kennari og áfangar

	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Grímur Lúðvíksson	RAFM1GR05 RATM2GA05 VGRV1ML05-1 VGRV1ML05-2 VGRV2PR03	RATM2GB05 TNTÆ2GB05-1 TNTÆ2GB05-2 VGRV1RS03-1 VGRV1RS03-2 VGRV3TP03 VGRV1ML05 Kvöldskóli

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Helstu breytingar felast í nýjum mannskap í kennslu. Það byrjuðu 2 nýjir kennarar á haustönn(Jóhann Snorri Bjarnason og Sigurður Ágúst Pétursson) og einn hætti um áramót(Helgi Kristinsson).

Einnig að á vorönn var kenndur kvöldskóli í fyrsta sinn. Kennt var fyrsta önnin með 12 nemendum.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat nema lokapróf í RATM.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Hef setið kennslu og þjálfun í FabLab m.a. fræsisvél, laserskera og vinylskera og notkun forrita sem því fylgir s.s.Incscape.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Hóf kennslu í notkun og forritun Arduino örgjörva-kit í áfanganum TNTÆ2GB05

Kennari og áfangar:

Jóhann Snorri Bjarnason (JSN) Haust 2020 Vor 2021

TNTÆ1GA03(1)	STÝR2GB05	
	TNTÆ1GA03(2)	RAFL3GD05
	STÝR3RD05	RAFM1SX05
	RAFM2GC05	RAFM1GR03
		RRVV2RS05
		VSME2GR05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Þar sem þetta er fyrsta önn í kennslu var allt nýtt og ekki um að ræða kennslureynslu til samanburðar. Kennslan var þó örugglega með eitthvað breyttu sniði frá fyrri árum því ný reynsla og aðrar áherslur koma inn. Þá voru námsgögn eða fyrri verkefni ekki til og því varð að útbúa ný verkefni og finna nýtt námsefni í flestum greinum.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum.

Notast var við símat í öllum greinum. Í verklegum greinum var eingöngu stuðst við námsmat en í bóklegum greinum þurftu nemendur að fara í lokapróf ef annareinkunn var undir 75%.

Námskeið sem kennarar hafa sótt.

Í vetur lauk ég við fyrra ári við HÍ til kennsluréttinda fyrir iðnmeistara, samtals 30 einingar.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu.

Rafbók er mikið notuð til kennslunnar. Að auki var nokkuð mikið notast við efni úr eldri kennslubókum og annað sem til eru í skólanum og hefur verið notað undanfarin ár. Einnig var sótt efni af ábyrgum síðum á netinu.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs.

Drög að kennsluskiptingu næstu annar liggur fyrir.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Deildin er að stækka mjög hratt. Því fylgir að bæta þarf við búnaði og stækka húsnæði til kennslunnar. Tvöfaldir hópar kalla á tvöföldun í efni og plássi til verklegar kennslu.

Kennari og áfangi

Sigurður Ágúst Pétursson (SP) Haustönn 2020 Vorönn 2021

LYST3RB05	RAFM3RF05
RAFM1GA05(1)	RAST2RB05
RAFM1GA05(2)	RAFL1GB03(1)
RAFM3RE05	RAFL1GB03(2)
RAFM1GA05(9)	RAFL3RE04
FRLA3RB05	RAFM1GA05(K)
RAFM2GB05(9)	

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsaðferðum.

SP: Símat var í flestum áföngum, í RAFM1GA05 var lokapróf ef nemendur voru undir 75% árangri yfir önnina. Í RAFM3RF05, sem er lokaáfangi í rafmagnsfræði, var lokapróf hjá öllum. Símat var í öðrum áföngum.

Námskeið sem kennarar hafa sótt.

SP. Lauk fyrsta ári í kennslufræði í HÍ og er einnig skráður á námskeið í forritanlegum raflögnum I og II (KNX) síðustu vikuna í maí.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu.

SP. Rafbók er mest notuð ásamt efni af netinu. Nýr raflagnastaðall ÍST200 kom út á síðasta ári. Einnig er ég að nútímavæða gögnin fyrir lýsingartækni.

Tillögur að starfsáætlun næsta árs.

SP. Er að vinna að því að geta tekið alfarið við kennslu í forritanlegum raflögnum en undan farin ár hefur verktaki séð um hluta kennslunar. Með námskeiðum og auknum búnaði ætti það að verða veruleiki.

Annað.

SP. Fyrsta árið hefur gengið mjög vel. Líkar vel við kennsluna og næ vel til nemenda. Hlakka til áframhaldandi starfs við kennsluna.

Kennari og áfangi

Pór Stefánsson	RAFM1GR05 RLTK2RB05 STÝR1GA05 2 hópar STÝR3GC05	RAFM2GB05 2 hópar dagskóli. RAFM3DG05 dagskóli STÝR2GB05 2 x hópar dagskóli 50% á mótí Jóhanni Bjarnasyni. RLTK3B05 dagskóli RAFL1G03 kvöldskóli STÝR1GA05 kvöldskóli
----------------	--	---

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Lokapróf í RAFM2GB05 og RAFM3DG05

Háriðngreinar

Umsjón: Elinborg Arna Árnadóttir

Nafn kennara:

Áfangi/ar

Áfangi/ar

haustönn

vorönn

Elinborg Arna Árnadóttir

HÁRG1GB02

HÁRG2GB02B

HLIT1GB01

HLIT2GB01B

	HKLI1GB03	HKLI2GB03B
	IÐNF1GB04	IÐNF2GB04B
	ITEI1GB05	HPEM2GB02B
	ITEI1GB05	ITEI1GB05B
HÁRG1VA03	HÁRG1VA03	
Póra Valdís Hilmarsdóttir	HÁRG1SX02	HÁRG1GR03

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat er í öllum áföngum. Það á ekki við um valáfangann

Námskeið sem kennarar hafa sótt

- Eitt fagnámskeið: Sjálfstyrking í kennslu- verklýsingargerð og vinnuaðferðir. Anna Steinsen leiðbeindi. Pivot point LAB og verklýsingar. Kennarar Nancy Norheim, Sigurlaug Ingvarsdóttir og Hafdís Grétarsdóttir.
- Nokkur námskeið á netinu.
- Selfossi 5. og 6. ágúst
- Endurmenntun Háskóla Íslands.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim.

Í haust tókum við í notkun nýtt Pivot point kennslukerfi sem ber heitið LAB. Mikil vinna hefur farið í að koma sér inn í það. Kennslubækur eru þær sömu og hafa verið, Hársnyrting undirstöðuatriði, lesbók og vinnubók. Íslensk þýðing á Pivot point kennslubókum. Þessar bækur eru notaðar allar fjórar annirnar, þó fáum við viðbætur árlega með því nýjasta í hártísku og tækni.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Er að vinna í kennsluvefnum LAB ásamt því að setja upp og undirbúa fjórðu önnina sem verður kennd í fyrsta skipti á vorönn 2022.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Það er bara ansi allt yndislegt í Hamrinum.

2.3 Sérnámsbraut

Sviðsstjóri sérkennslu: Jóhanna Guðjónsdóttir

Sérnámsbraut F.Su er nú að ljúka sínu tuttugasta og níunda starfsári. Skráðir nemendur í upphafi haustannar voru 55. Nýnemar voru alls 15. Í lok annar var nemendafjöldinn kominn niður í 48.

Skráðir nemendur í upphafi vorannar voru 49 en tveir nemendur hættu námi. Kynjahlutfall stúlkna lækkaði á skólaárinu, fór úr 38% í 32% á haustönn og niður í 28% á vorönn. Enginn nemandi útskrifaðist af sérnámsbraut í lok haustannar en fimm nemendur að vori; allir nema einn eftir fjögurra ára nám.

	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Nafn kennara:	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Berglind Bergsveinsdóttir	FÉLA1XC04	FÉLA1XD02
	FÉLA1XD02	ÍSLE1SX05
	ÍSLE1SX05	ÍSLE1XD04
	ÍSLE1XC05	LÍFS1XA04
	STÆR1SX05	STÆR1XB05
		STÆR1XD04
Eva Dögg Jafetsdóttir	ENSK1SX04	ENSK1SX04
	ENSK1XA04	ENSK1XB04
	ENSK1XC04	ÍSLE1XT05
	FÉLA1XC04	ÍÞRÓ1XH05
	ÍSLE1XT05	LÍFS1XA04
	ÍÞRÓ1XH05	STÆR1XB05
	STÆR1SX05	STÆR1XC04
Guðmundur Björgvin Gylfason	ENSK1SX04	ENSK1SX04
	ENSK1XA04	ENSK1XB04
	ENSK1XC04	LÍFS1XA04
	FÉLA1XC04	ÖKUN1SX01
	SPI11XA01	
Hafdís Garðarsdóttir	BRAG1XA01	ÍSLE1SX05
	FÉLA1XC04	ÍSLE1XB05
	ÍSLE1SX05	ÍSLE1XD04
	ÍSLE1XA05	LÍFS1XA04
	ÍSLE1XC05	SPI11XA01
	KVIK1SX02	STÆR1XC04
	STÆR1SX05	STÆR1XD04
	STÆR1XA05	
Jóhanna Guðjónsdóttir	ÍSLE1SX05	ÍSLE1SX05
	ÍSLE1XA05	ÍSLE1XB05
	ÍSLE1XC05	ÍSLE1XD04
	STÆR1SX05	STÆR1SX05
	STÆR1XA05	STÆR1XB05
Linda Rut Larsen	BRAG1XA01	ÍSLE1SX05

	FÉLA1XC04	ÍSLE1XB04
	ÍSLE1SX05	ÍSLE1XD04
	ÍSLE1XA05	LÍFS1XA04
	ÍSLE1XC05	STÆR1SX05
	KVIK1SX02	STÆR1XB04
	STÆR1SX05	STÆR1XC04
	STÆR1XA05	STÆR1XD04
Þorbjörg Vilhjálmsdóttir	ENSK1SX04	ENSK1SX04
	ENSK1XA04	ENSK1XB04
	ENSK1XC04	ÍSLE1SX05
	FÉLA1XC04	ÍSLE1XB05
	ÍSLE1SX05	ÍSLE1XD04
	ÍSLE1XA05	KVIK1SX02
	ÍSLE1XC05	LÍFS1XA04
	SPIL1XA01	
Axel Benediktsson		SPIL1XB02
Ágústa Ragnarsdóttir	MYND1SX02	MYND1SX05
	MYND1SX05	MYND1SY05
		NÝMI1XM02
Ásdís Björg Ingvarsdóttir	ÍPRÓ1GX02	ÍPRÓ1GX02
		ÍPRÓ1PX02
Brynja Ingadóttir		ÞÝSK1AX04
Elísabet Helga Harðardóttir	MYND1SX05	MYND1SX05
	MYND1SY05	MYND1SY05
		MYND1SX02
Freyja Hilmarsdóttir	REIM1SX02	REIM1SX02
Guðbjörg Bergsveinsdóttir	FATN1SX05	FATN1SX05
	MATR1SX02	MATR1SX02
Guðfinna Gunnarsdóttir		LEIK1SX02
Helgi Hermannsson	TÖLF1SX02	
Helgi Kristinsson	RAFM1SX05	
Ingunn Helgadóttir	STÆR1RX05	STÆR1RX05
Jóhann Snorri Bjarnason		RAFM1SX05
Jón Sigursteinn Gunnarsson		TRÉS1SX05
Jórunn Sigríður Birgisdóttir	MATR1SX02	BAKA1SX02
	SMÁR1SX02	MATR1SX02
Kristjana Hrund Bárðardóttir	ENSK1RX05	ENSK1RX05
Lárus Gestsson		TRÉS1SX02
Óskar Guðbjörn Jónsson	TRÉS1SX05	TRÉS1SX02
Renata Lis	STÆR1SX05	
	STÆR1XA05	
Sabína Steinunn Halldórsdóttir	ÍPRÓ1SX01	ÍPRÓ1GX02
	ÍPRÓ1PX02	ÍPRÓ1SX01
		ÍPRÓ1PX02

Stefán Hannesson	ÍSLE1RX05	ÍSLE1RX05
Svanur Ingvarsson	LEÐU1SX02	
	TRÉS1SX05	
Sverrir Ingibjartsson	ÍÞRÓ1ÞX02	ÍÞRÓ1ÞX02
Vigdís Guðjónsdóttir	EÐLI1XA02	
Þuríður Magnúsína Björnsdóttir	ÍSLE1FB05	
Þóra Valdís Hilmarsdóttir	HÁRG1SX02	

Stuðningsfulltrúar á haustönn voru Aðalbjörg Kristín Kristinsdóttir, Alma Sigurjónsdóttir og Lovísa Bragadóttir, auk Dagnýjar Freyju Guðmundsdóttur sem vann í tvo mánuði í 50% starfshlutfalli. Allar í 84% starfshlutfalli á ársgrundvelli (100% hlutfall á starfstíma skóla). Á vorönn sá Jóhanna Sigrún Haraldsdóttir um stuðning í þrjá tíma á viku.

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Á haustönn voru tvær nýjar námsgreinar kenndar í fyrsta sinn. Um var að ræða námsgreinarnar tjáskipti og skynörvun og hreyfipjálfun en tilurð þeirra tengdist beint nýnema með fjölfötun sem þarf aðstoð við allar athafnir daglegs líf og tjáir sig ekki markvisst. Um var að ræða einstaklingstíma. Í tjáskipti og skynörvun voru markmið námsins tvíþætt. a) að finna viðeigandi lausnir varðandi tjáskipti og meta þörf nemandans og getu hans til tjáskipa. b) að örva mismunandi skynjanir nemandans eins og bragð, lykt, heyrn, sjón og snertingu. Sett var fram einstaklingsáætlun með markvissri skráningu sem var endurmetin reglulega yfir önnina. Í hreyfipjálfuninni var áhersla lögð á teygjur og líkamsstöðu sem og að liðka vöðva og örva blóðrás nemandans í samráði við sjúkraþjálfara hans en unnið var út frá mati á getu nemandans og þörfum. Í báðum þessum námsgreinum var mikil áhersla lögð á daglegar skráningar sem byggði á teymisvinnu þroskaþjálfara og stuðningsfulltrúa.

Á vorönn var boðið upp á kennslu í tölvuleiknum Minecraft í fyrsta sinn. Kennslan gekk mjög vel og á næstu önn er líklegt að hóparnir verði tveir talsins.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Námsmat á skólaárinu var hefðbundið, þ.e. lokapróf var einungis í íslensku eins og löng hefð er fyrir. Símat er langalgengasta námsmatsformið á sérnámsbraut.

Námskeið og ráðstefnur sem kennarar hafa sótt

Fjölbreyttir kennsluhættir á starfsbrautum – spennandi leiðir til að efla kennslu og nám nemenda á starfsbrautum. Námskeið á vegum EHÍ, haldið 11. og 12. ágúst 2020 frá kl. 9 til 16 báða dagana. Mættir voru Guðmundur Björgvin, Linda, Hafdís og Jóhanna.

Þjónandi leiðsögn. Fyrirlestur haldinn af Arne Friðriki Karlssyni hjá Reykjavíkurborg 17.8 2020 frá kl. 8:30 til 11:30 vegna nýnema með krefjandi hegðun. Fyrirlesturinn var í boði SvF. Árborgar/Vallholts 27. Mættar voru Alma, Aðalbjörg og Lovísa.

Að takast á við krefjandi einstaklinga – fyrirbyggjandi aðferðir. Fyrirlestur haldinn af Arne Friðriki Karlssyni hjá Reykjavíkurborg 28.8 2020 frá kl. 13 til 16 vegna nýnema með krefjandi hegðun. Mætt voru Alma, Aðalbjörg, Lovísa, Berglind, Eva Dögg, Guðmundur Björgvin, Hafdís, Þorbjörg og Jóhanna.

Mennt er máttur. Fjölbreytt þjónusta fyrir nemendur með sérþarfir á öllum skólastigum. Vorráðstefna Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins haldin 10. og 11.9 2020 í alls 16 klst. Mætt voru Berglind, Eva Dögg, Guðmundur Björgvin, Hafdís, Linda, Þorbjörg og Jóhanna.

Líkamsbeiting. Námskeið um líkamsbeitingu vegna nýnema með fjölfötlun í F.Su. Kennari var Guðrún Herborg Hergeirsdóttir og fór fram í F.Su. 25.9 2020 kl. 8 til 10. Mættar voru Eva Dögg, Alma, Aðalbjörg og Lovísa.

Málþroskaraskanir grunnskólabarna – einkenni, afleiðingar og úrræði. Fyrirlesturinn var auglýstur innan F.Su af Bjarney námsráðgjafa. Fyrirlesari var Álfhildur Þorsteinsdóttir, talmeinafræðingur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshlíðar, þann 29.10 2020 frá kl. 14 til 15. Linda, Þorbjörg og Hafdís mættu.

En ég var einn! Strákar sem rekast á í skólakerfinu. Ráðstefna á vegum Skóla- og frístundasviðs, Landssamtökin Geðhjálp og Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Slóð:

[https://www.facebook.com/events/293439678396987/?acontext=%7B%22event_action_history%22%3A\[%7B%22mechanism%22%3A%22search_results%22%2C%22surface%22%3A%22search%22%7D\]%7D](https://www.facebook.com/events/293439678396987/?acontext=%7B%22event_action_history%22%3A[%7B%22mechanism%22%3A%22search_results%22%2C%22surface%22%3A%22search%22%7D]%7D)

Ráðstefnan átti að vera 9. september 2020, en vegna kórónuveirunnar var henni skipt upp á fjóra daga frá kl. 14 til 16 hvern dag. Dagarnir voru 9. september, 5. nóvember, 21. janúar og 18. mars. Þær sem mættu voru Hafdís, Linda, Eva Dögg, Þorbjörg og Jóhanna

Taktu eftir mér, hlustaðu á mig – málþing um börn foreldra með geðrænan vanda. Ráðstefna á vegum Landssamtakanna Þroskahjálp haldin 19.11 kl. 12:30 til 16:30. Þeir sem mættu voru Linda, Þorbjörg og Jóhanna. Slóð:

[https://www.facebook.com/events/406414437428923/?acontext=%7B%22event_action_history%22%3A\[%7B%22mechanism%22%3A%22search_results%22%2C%22surface%22%3A%22search%22%7D\]%7D](https://www.facebook.com/events/406414437428923/?acontext=%7B%22event_action_history%22%3A[%7B%22mechanism%22%3A%22search_results%22%2C%22surface%22%3A%22search%22%7D]%7D)

Ekki keyra þig út. Eva Rós Gunnarsdóttir sálfræðingur. Haldið af Háskólanum í Reykjavík í tilefni af Geðheilbrigðisviku HR. 26. janúar 2021. Tímalengd var 40 mínútur. Linda sótti.

„Ég má vera öðruvísi.“ Margbreytileiki einhverfurófsins. Árleg ráðstefna Barna- og unglingageðdeildar Landspítala haldin föstudaginn 29. janúar kl. 12:30 til 16:00. Þeir sem mættu voru Linda og Jóhanna.

Fjölbreyttar kennsluáðferðir fyrir fjöruga krakka – fyrirlestur Hlínar Magnúsdóttur. Haldið af íslenska söfnuðinum í Noregi. 4. febrúar 2021. 1,5 klst. Linda sótti.

Málþing um hamingju, svefn og velsæld. Haldið af Endurmenntun HÍ 19. mars 2021 kl. 12-14. Linda sótti.

Börn með fatlanir – Viðhorf og valdefling. Vorráðstefna GRR haldin 29. og 30. apríl í streymi. Mætt voru Alma, Aðalbjörg, Lovísa, Berglind, Eva Dögg, Guðmundur Björgvin, Hafdís, Linda, Þorbjörg og Jóhanna.

Fræðsla fyrir foreldra í Árborg: Kynfræðsla - Sigga Dögg. Streymi í gegnum facebook, haldið 11. maí af forvarnarteymi Árborgar í samstarfi við SAMBORG. 1,5 klst. Eva Dögg og Hafdís sóttu. Slóð:

[https://www.facebook.com/events/845198652739012/?acontext=%7B%22ref%22%3A%2252%22%2C%22action_history%22%3A%22\[%7B%22surface%22%3A%22share_link%22%2C%22mechanism%22%3A%22share_link%22%2C%22extra_data%22%3A%7B%22invite_link_id%22%3A145086044258085%7D%7D\]%22%7D](https://www.facebook.com/events/845198652739012/?acontext=%7B%22ref%22%3A%2252%22%2C%22action_history%22%3A%22[%7B%22surface%22%3A%22share_link%22%2C%22mechanism%22%3A%22share_link%22%2C%22extra_data%22%3A%7B%22invite_link_id%22%3A145086044258085%7D%7D]%22%7D)

Sköpunarkraftur og svefn. Námskeið á vegum EHÍ, haldið 20. og 21. maí. Hafdís og Linda sóttu.

Margbreytileiki, áskoranir og tómstundir hjá 16-20 ára nemendum á starfsbrautum - Fyrir framhaldsskólakennara. Námskeið á vegum EHÍ í samstarfi við Félag starfsbrautakennara, haldið 3. og 4. júní frá kl. 8:10 til 16:10 báða dagana. Skráðir eru Linda, Þorbjörg, Guðmundur Björgvin, Berglind, Hafdís og Eva Dögg.

Tilfinningavandi og líðan nemenda á starfsbrautum - Fyrir framhaldsskólakennara. Námskeið á vegum EHÍ í samstarfi við Félag íslenskra sérkennara, haldið 7. og 8. júní frá kl. 9 til 16 báða dagana. Skráðir eru Linda, Þorbjörg, Guðmundur Björgvin, Berglind, Hafdís og Eva Dögg.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Samfélagsfræðikennarar héldu áfram að útbúa og þróa efni frá grunni í lífsleikni- og mannréttindakennslu. Fyrir mannréttindakennsluna var fjárfest í bókunum Litla Kompás og Vertu þú. Einnig var bókin Óvænt ferðalag keypt sem er ætluð fyrir fólk af erlendum uppruna. Í seinni tíð hafa ávallt verið nemendur með erlendan uppruna á sérnámsbraut.

Íslenskukennarar útbjuggu nýtt kennsluefni í íslensku út frá bókinni Indjáninn eftir Jón Gnarr og bókum Bjarna Fritzsonar; Orri óstöðvandi og Orri óstöðvandi og hefnd glæponanna.

Margskonar skynjunarvörur og kennslugögn voru keypt til að sinna kennslu nýnema með fjölfötun. Ný stærðfræðispil voru keypt.

Sérkennarar og aðrir kennarar sérnámsbrautar ganga ekki að kennsluefni fyrir nemendur á brautinni heldur þurfa að útbúa efni, bæði fyrir fjölbreytta hópa og einstaklinga.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Starfsáætlun sérnámsbrautar er í vinnslu þegar þetta er skrifað. Nú liggur fyrir að 29 nýnemar hefji nám á brautinni á komandi haustönn sem er sögulegt hágmark í seinni tíð. Þá hefja þrír eldri nemendur nám á brautinni í fyrsta sinn. 37 eldri nemendur halda áfram námi. Nemendafjöldi á sérnámsbraut næsta haust stefnir því í 69 sem er í hærri kantinum og mikil fjölgun á milli ára. Kynjahlutfall stúlkna og drengja um halda áfram að skekkjast; stúlkur verða einungis um 23% nemenda. Tveir kennarar verða ráðnir í fullt starf en annar þeirra mun leysa Guðmund Björgvin af í eins árs námsleyfi hans. Á vorönn mun Hafdís Garðarsdóttir leysa sviðsstjóra af í hálfs árs námsleyfi hans. Á þessari stundu er óljóst hvort bæta verði við stuðningsfulltrúa vegna aukningar á nemendafjölda.

Kennslufyrirkomulag næsta skólaárs verður með svipuðu sniði og verið hefur. Það fækkar í þeim nemendahópi sem hefur mestu sérþarfirnar. Þeir voru 14 á þessu skólaári en verða 12 næsta haust. Í haust er áætlað að skýra línur í námsmati nemenda á sérnámsbraut, þ.e. allir fái tölur í lokaeinkunn eins og áfangastjóri hefur lagt línur um.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Ný, samstæð húsgögn í stofu 316.

Bæta hljóðvist í stofu 316 – það er rennihurðin sem reynist illa. Spurning um að fá hefðbundna hurð og veggstúf í stað rennihurðarinnar!

Annað

Á haustönn var innra viðveruherbergið á 1. hæð austast í Odda endurbætt til að hægt yrði að sinna kennslu nýnema með fjölfötun. Útbúin var skynhreyfiaðstaða þar sem sett voru myrkrunartjöld, myndvarpi og tölvuaðstaða. Vegna skertar kennslu og hólfaskiptingar skólans vegna covid-19 var lítið hægt að nýta herbergið á haustönn en þess í stað var aðstaðan færð upp í stofu 316.

Haustönnin hófst í 100 manna samkomubanni vegna kórónaveirunnar. Þar sem verknámskennarar í Hamri tóku upp kennslufyrirkomulag sem féll ekki saman við stundatöflurnar í INNU var ekki hægt að kenna eftir stundaskrá INNU á sérnámsbraut. Stundatöflur sérnámsbrautarnemenda voru handunnar af sviðsstjóra. Nemendur mættu í tveimur hópum í skólann annan hvern dag frá 8:15 til 12:20 og fengu kennslu í íslensku, ensku, stærðfræði og mannréttinum. Skipulagið var með þeim hætti að það gat gengið í 50 manna samkomubanni og það var virkt frá 24. ágúst til og með 15. september. Þegar verknám í Hamri hófst eftir stundaskrá INNU frá og með 14. september þá opnaðist sá möguleiki að hefja fulla kennslu á sérnámsbrautinni samkvæmt stundaskrá INNU. Þar sem nemendur koma af

stóru svæði og sum hver eru í þjónustuakstri þurfti undirbúningstíma áður en kennsla fór af stað en það tókst frá og með 16. september og stóð til og með 2. október.

Þann 7. október var tekin upp kennsla annan hvern dag á ný þar sem 30 manna samkomubann hafði tekið gildi. Þá varð að endurvinnna handgerðu stundatöflurnar og færa nokkra nemendur á milli daga. Nemendur fengu kennslu frá 8:15 til 12:20. Frá og með 21. október bættist við verkgreinakennsla eftir hádegi að hluta í íþróttum, myndlist, textíl, reiðmennsku, rafmagni, matreiðslu, smáréttum, hárgreiðslu og trésmíði auk spila, tölvufræði, braga, kvikmyndaáhorfs og félagsfærnikennslu. Það var misjafnt hve mikið kennsludagur nemenda lengdist af þessum sökum.

Þann 3. nóvember var sett á 10 manna samkomubann og 2m fjarlægðarmörk tekin upp á ný. Þessi þrenging á sóttvarnareglum setti meginþorra sérnámsbrautarnemenda í fjarnám. Aðeins nemendur sem flokkuðust undir flokk 10 samkvæmt reiknilíkani ráðuneytisins gátu haldið áfram staðnámi með örlitlum breytingum. Kennslan hélst áfram annan hvern dag í stærðfræði, íslensku, ensku og félagsfræði. Valgreinar féllu út og því var flest allri kennslu lokið kl. 12.20.

Þann 18. nóvember og til annarloka voru fjöldatakmarkanir rýmkaðar í 25 manna hámark. Þá gátu allir nemendur stundað staðnám annan hvern dag á ný í kjarnagreinum. Reyndar urðu sumir nemendur að stunda fjarnám innan skólans þar sem tvískipta varð hólf sérnámsbrautar annan hvern dag þar sem nemendafjöldi alls var yfir 25 með kennurum og stuðningsfulltrúum.

Kennsla á vorönn hófst 11. janúar með fullri dagskrá í staðnámi í gegnum stundatöflur INNU. Það var seinkunn upp á tvo daga. Páskafrí nemenda hófst skyndilega þann 24. mars þar sem 10 manna samkomubann með lokun framhaldsskólanna hófst á miðnætti þann sama dag. Þá misstu nemendur aftur tvo kennsludaga.

Sérkennarar lögðu í fjórða sinn fyrir nýnemakönnun á brautinni um leið og valdagur fór fram þann 10. mars. Þar sem nýnemar haustannar voru óvenju fáir, skiluðu fá svör sér. Niðurstöður voru almennt jákvæðar. 85% nýnema líkar vel við námið og finnst mikilvægt að standa sig vel. Sama hlutfall, 85%, á góða vini í skólanum og hlakkar til að hitta félagi sína í skólanum.

Sökum samkomutakmarkanna var ekki hægt að halda nýnemaviðtölin í F.Su heldur fóru þau fram í gegnum Teamsfjarfundarbúnað sem var mikið notaður til fundahalda allt skólaárið og er líklega kominn til að vera í sumum tilfellum.

Þann 4. mars kom Frímann Birgir Baldursson ökukennari og lögregluþjónn í heimsókn til nemenda í áfanganum ÖKUN1SX01. Frímann sagði nemendum frá ökunáminu og svaraði spurningum sem þeir höfðu undirbúið. Almenn ánægja var með heimsóknina og telur kennari áfangans mikilvægt að fá slíkar heimsóknir í áfangann ásamt því að fara í heimsóknir.

Lögreglan heimsótti hluta nemenda í lífsleikni, litlu hópanna, þann 22. mars og ræddi meðal annars um vespur, hjálmsnotkun og ökunám. Einnig að hún væri til hjálpar og aðstoðar í erfiðum aðstæðum. Því miður fannst engin lausn á heimsókn lögreglunnar til stóru hópanna.

Íslenskukennarar á sérnámsbraut þáðu boð Rithöfundarsambands Íslands og fengu tvo rithöfunda í heimsókn í gegnum Teams. Jón Gnarr hitti um 30 nemendur í gegnum Teams þann 13. apríl og Bjarni Fritzson hitti 11 nemendur þann 19. apríl. Báðar heimsóknirnar voru vel undirbúnar og heppnuðust vel.

GNOK könnun var í fyrsta sinn lögð fyrir nemendur í stóru hópunum í lífsleikni og stærðfræði. Vegna dræmrar þátttöku nemenda fengu kennarar ekki að sjá niðurstöðunar og höfðu því lítið gagn af könnuninni.

Álag á sviðsstjóra sérkennslu var mikið á haustönn sökum breytinga á skólahaldi sökum samkomubanna og á vorönn var aukið álag vegna nýnemanna. Ekki aðeins vegna mikils fjölda þeirra, heldur líka vegna þess að sumir grunnskólar óskaðu eftir aðkomu hans að ákvörðunartökunni um hvaða námsbraut hentaði verðandi nýnemum best. Þá var einnig nokkur hluti forráðamanna sem óskaði eftir kynningarfundum með sviðsstjóra og námsráðgjafa um sama efni. Sviðsstjóri átti í fyrsta sinn annað samtalið við forráðamenn nemenda, sem hafa sögu um slakar mætingar í grunnskóla, til að ræða hvort ekki væri of mikið að ætla þeim að geta staðið undir fullu námi á sinni fyrstu önn í framhaldsskóla. Langflestir foreldrar töldu rétt að ungmennið þeirra hæfi nám á sérnámsbraut í skertu námshlutfalli, eða allt niður í hálft nám.

Hæfileikakeppni starfsbrauta var ekki haldin vegna samkomutakmarkanna. Það kom hins vegar ekki í veg fyrir að þrír nemendur í leiklist unnu handrit að stuttmyndinni *Morð* sem fjallaði um morð á stærðfræðikennara í F.Su. Nemendur voru allt í öllu, tóku upp, léku, sáu um hljóðvinnslu og klippingu. Það reyndi á mörg færnisvið hjá nemendum sem blómstruðu í leik og úrvinnslu.

Útskriftarferð sérnámsbrautar var í fyrsta sinn haldin á Selfossi vegna samkomutakmarkanna. 13 nemendur tóku þátt, þar af voru fjórir útskriftarnemendur af fyrra skólaári. Nemendurnir sáu kvikmynd í Bíóhúsinu, snæddu pizzur í hlýlegu umhverfi fyrir framan stofu 201 í Odda og sumir sáu einnig fyrrgreinda stuttmynd *Morð*.

Á vorönn kom á ný upp umræða um skerðingaákvæði í kjarasamningi kennara meðal sérnámsbrautarkennara. Það er ef kennari er með sama áfangaheiti á tveimur nemendahópum þá kemur til 8% skerðingar á kennslumati. Þessi staða hefur komið upp áður og hefur í öllum tilvikum snúist um það mat kennara að þegar þeir kenna sama áfanga í svokölluðum litlu hópum (nemendur sem tilheyra flokki 10 samkvæmt reiknilíkani ráðuneytisins) og stóru hópum (nemendur sem tilheyra flokki 8 og 9) þá sé svo mikill getumunur á milli nemendahópanna að enginn möguleiki sé á samnýtingu kennsluefnis og því rangt að skerða kennslumatið. Einn kennari leitaði eftir aðkomu Kennarasambands Íslands á vorönn og var niðurstaða sambandsins sú að forsendur skerðingar áfanga vegna endurtekningar námsefnis eigi ekki við á sérnámsbrautum þar sem nemendur séu mjög misjafnlega staddir námslega. Fyrrgreint skerðingarákvæði geti þó mögulega átt við í einhverjum undantekningartilvikum. Ekki er komin lokaniðurstaða í málið frá stjórnendum F.Su þegar þetta er ritað.

2.4 Bókasafn

Forstöðumaður: Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir

Starfsfólk:

Starfsmenn bókasafnsins eru tveir. Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir, forstöðumaður var í 100% stöðu allt skólaárið og Ingvaldur Jónsdóttir, bókaforstöður einnig í fullri stöðu að undanskildu veikindaleyfi 25. janúar til 5. febrúar og svo í 50 % fram til 19. mars.

Opnunartími:

Á haustönn var bókasafnið opið mánudaga til föstudaga frá kl. 8:00-16:00. Á vorönn var opnunartíma breytt vegna styttingar vinnuvikunnar og því lokar safnið fyrr á föstudögum, kl. 14:30.

Útlán:

Útlán eru færð á fjóra vegu: í fyrsta lagi í útlánaþátt Gegnis, í öðru lagi eru skammtímalán innan skólans handskráð og talin eftir hvern dag, í þriðja lagi eru fartölvuútlán skráð á sérstakt blað sem nemendur undirrita og í fjórða lagi eru tvær bækur í afgreiðslu sem útlán eru handfærð í. Önnur bókin er á afgreiðsluborði og þar skrá notendur safnsins útlán sín sjálfir þegar starfsmenn eru fjarri og í hina bókina eru handfærð útlán á safnefni eftir atvikum. Tímarit eru alla jafna ekki lánuð út nema til kennara eða í tengslum við verkefnavinnu nemenda.

Skammtímalán innan skólans eru aðallega á útlán á kennsluefni og fartölvum í eina kennslustund.

Útlán:	Haust 2020	Vor 2021	Samtals:
Í Gegni	489	699	1188
Í bók	17	22	39
Innan skólans	169	847	1016
Fartölvuútlán	117	497	614
SAMTALS:	792	2065	2857

Millisafnalán:

Alls voru millisafnalán 54 á skólaárinu, á móti 103 veturinn 2019-2020. Þessi 54 lán voru fengin frá 18 bókasöfnum, bæði almennings- og framhaldsskólasöfnum. Flest safngögn voru fengin að láni frá Bókasafni Árborgar, 28 talsins.

Millisafnalán frá:	Haustönn 2020	Vorönn 2021	Samtals:
Bækur frá söfnum	5	16	21
Mynddiskar frá söfnum	14	10	24
Kökuform frá söfnum		4	4
SAMTALS:	19	30	49

Millisafnalán til:	Haustönn 2020	Vorönn 2021	Samtals:
Bækur til safna	1	4	5
SAMTALS:	1	4	5

Gegnir:

Bókasafn Fjölbrautaskóla Suðurlands er aðildarsafn að Gegni, samskrá íslenskra bókasafna. Nánast allt efni sem berst á safnið er skráð og tengt í Gegni. Einstaka tímarit og fréttabréf sem berast stopult eru skráð í excel-skjal inn á OneDrive í Office 365.

Kostnaður við þátttöku í Gegni var kr. 388.284 á árinu 2020 eða kr. 32.357 á mánuði. Skólinn greiðir fyrir alla mánuði ársins.

Gagnasöfn:

Framhaldsskólarnir hafa frá upphafi tekið þátt í kostnaði við landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum á vefnum hvar.is. Greiðsluupphæð miðast við fjölda ársnema. Á árinu 2020 greiddi FSu kr. 101.721. Framhaldsskólarnir auk almenningsbókasafna, háskólabókasafna, stjórnsýslusafna, fyrirtækja og samtaka greiða hluta aðgangs að

samsöfnum EBSCOhost Premier og ProQuest Central, aðgang að gagnasöfnum Encyclopedia Britannica og greinasafn Morgunblaðsins en í því síðast nefnda er þriggja ára birtingartöf.

Veforðabækur Snöru eru opnar á skólanetinu og eru þær mikið notaðar af nemendum og kennurum. Kennurum og starfsfólki skólans býðst heimaaðgangur að Snöru og eru fjölmargir sem nýta sér hann.

Opið er inn á Greinasafn Morgunblaðsins á skólanetinu á starfstíma skólans en lokað er fyrir aðgang yfir sumarmánuðina. Í kaupbæti fær skólinn pappírseintak af blaðinu.

Safnfræðsla:

Nýnemadagar voru haldnir dagana 18. og 19. ágúst. Vegna covid-19 voru þeir með breyttu sniði sem þýddi að nýnemar fengu ekki kynningu á bókasafninu eins og vant er. Hins vegar komu nemendur og fengu aðstoð við að endurstilla lykilorðið sitt upp í 12 stafi inn í Office365 en sama lykilorð gildir inn í Office 365 og tölvukerfi skólans. Þessi undirbúningur átti eftir að koma að góðum notum síðar þegar kennslan á haustönn færðist að mestu leyti yfir í fjarkennslu og nemendur þurftu að nota Teams í kennslustundum.

Haldnar voru kynningar fyrir nemendur í heimildaritun í íslensku, ÍSLE3HR05. Mikil áhersla er lögð á notkun gegnir.is við heimildaleitir og að nemendur séu sjálfbjarga með að finna efni. Þeim eru kenndar ýmsar leitaraðferðir á vefnum: setja saman leitarorð, mínusa frá leitarorð (NOT), víkka út leitir (OR), nota stjörnuleit * þ.e. leita að öllum orðum sem byrja t.d. á stang*, gæsalappaletir o.s.frv. Þetta eru svonefndar boolean-leitir sem nýtast vel þegar viðfangsefnið er orðið nokkuð afmarkað. Einnig er vefurinn timarit.is kynntur sem og Google Scholar. Fjallað er um upplýsingalæsi og mikilvægi þess að vitna rétt í heimildir.

Þann 3. október voru settar á 20 manna samkomutakmarkanir sem þýddi að kennsla færðist að mestu yfir í fjarkennslu. Af þessum sökum fékk aðeins einn hópur í FÉLA1SA05 safnkynningu á haustönn. Á þessu var ráðin bót á vorönn þegar kennsla færðist aftur yfir í staðnám. Safnkynningin er ein kennslustund (55 mín.) og er kynning á safninu, safnkosti og þjónustu sem í boði er. Áhersla er lögð á að kenna notkun Gagnis og hvernig er hægt að leita eingöngu að safnefni í FSu. Einnig er kynning á heimasíðu bókasafnsins og vefnum timarit.is. Þetta árið fengu nemendur einungis fyrirlestur upp í stofu en venjan hefur verið að þeir hafa einnig unnið verkefni á bókasafni og fengið ákveðna þjálfun í að finna heimildir á Gagnir.is. Ákveðið var að draga úr smíðum og fækka sameiginlegum snertiflötum eins og lykilorðum við tölvur o.s.frv.

Af sömu ástæðum lagðist samstarf við sögukennara af, en gott samstarf hefur verið við sögukennara undanfarin ár. Vonandi rís fuglinn Fönn úr öskunni þegar skólastarf kemst í lag að nýju.

Á vorönn voru fundnar til heimildir fyrir verkefni í uppeldisfræði og lífðlisfræði. Passað var vel upp á alla sóttþreinsun og notuðu nemendur hanska við handfjötul bóka. Í raun má segja að nemendur hafi staðið sig ótrúlega vel í að fylgja fyrirmælum um sóttvarnir. En því miður hefur öll verkefnavinna á safninu verið í hálfgerðu skötulíki þetta skólaár miðað við síðustu ár, en öll el birtir upp um síðir og vonandi eykst samstarf við kennara og stuðningur við námsgreinar að nýju.

Skráning:

Skráning og skipulagning safnkosts er stór þáttur í daglegu starfi á bókasafninu. Nýtt safnefni er skráð eins fljótt og mögulegt er, en eldra efni eftir því sem tími vinnst til.

Á skólaárinu var farið kerfisbundið yfir kennslubækur í ensku og töluvert grisjað. Einnig voru gömul og úrelt fræðslumyndbönd grisjuð. Færslur yfir skráðar kvikmyndir á myndböndum sem enn voru skráðar í hliðargrunni Gagnis voru teknar úr grunninum og útbúinn sérstakur listi sem er til bæði á rafrænu formi og útprentuðu. Það er ástæðulaust að leggja vinnu í að skrá þetta efni í Gagni þar sem myndbönd eru að verða úrelt efnisform.

Á skólaárinu 2020-2021 nýttist tíminn vel í ýmsa tiltekt sem hefur setið á hakanum. Farið var í gegnum gamlar bókaþjafir og efnið ýmist skráð á safnið eða sent eitthvert annað. Mikið af ævisögum var geymsluskráð, einnig skáldsögur útgefnar 2005 og fyrr.

Tímarit:

Bókasafnið er áskrifandi að um 27 tímaritum og einu dagblaði. Eldri tímarit eru geymd í geymslu í kjallara en þau nýrri í gryfju bókasafnsins. Á heimasíðu bókasafnsins er að finna lista yfir tímaritaeign safnsins og vefslóðir þeirra tímarita sem eru aðgengileg á rafrænu formi.

Töluverð vinna var lögð í að fara yfir tímaritalistann á skólaárinu, lagfæra upplýsingar og grísa eldri tímarit sem finna má rafrænt á timarit.is. Alls voru 45 eldri tímarit afskrifuð á skólaárinu.

Gjafir:

Bókasafninu barst 71 bók á skólaárinu og eitt tímarit á skólaárinu. Aðallega eru það kennarar og aðrir starfsmenn skólans sem hugsa til safnsins í bókatiltektum heima við. Nokkrar hestabækur fengust gefins á Facebook síðunni, Hér seljum við, skiptum og gefum' og sýnir það að víða er hægt að leita fanga að vandfundnum bókum. Öllum þessum aðilum eru færðar bestu þakkir fyrir hlýhug í garð bókasafnsins.

Safnið áskilur sér rétt til að taka við gjöfum án kvaða og ráðstafa þeim eins og hentar best notendum og starfsemi.

Aðföng og skráning 2020-2021:

Aðföng	Haustönn 2020	Vorönn 2021	Samtals
Bækur	231	107	338
Mynddiskar (DVD)	7	2	9
Tölvugögn (CD-ROM)	1		1
Spil	2	3	5
SAMTALS	241	112	353

Skráður safnkostur bókasafns FSu:

Bækur og nýsigögn (eintakafjöldi)	Maí 2020	Afskr. haust 2020	Aðföng haust 2020	Uppfærður eintakafjöldi skv. Gegni í árslok 2020	Afskr. vor 2021	Aðföng vor 2021	Maí 2021
Bækur	17.318	133	231	16.901	185	107	16.823
Nótur				48			48
Myndbönd	238	16		91	20		71

Mynddiskar (DVD)	579	1	7	574		2	576
Mynddiskar (Blu-ray)				13			13
Hljómplötur	130			10			10
Geisladiskar (tónlist)	131	23		87			87
Geisladiskar (hljóðbækur)	180			166			166
MP3 hljóðbækur				9			9
Snældur	1			5			5
Margmiðl.diskar (tölvugögn)	39	2	1	28			28
Skyggjur og glærur	1			10	7		3
Forrit	5						
Leikjakassar og spil	90		2	90		3	93
Möppur				1			1
Gagnasett	4			5			5
Kort	29			28			28
SAMTALS	18.764	175	241	18.066	212	112	17.966

Rekstrarkostnaður 2020:

Bækur	724.093
Tímarit og blöð	207.659
Myndefni	3.199
Kostnaður vegna Gagnis, landskerfis bókasafna	388.284
Landsaðgangur að gagnasöfnum	101.721
Snara, veforðabækur	130.000
Greinasafn Morgunblaðsins	123.430
Styrkur til faglegs starfs bókasafns- og uppl.fræðinga í frh.skólum	10.000
Tæknaðstoð vegna strikamerkjaprentara	7.900

Blek í litaprentara	21.769
Hreinsivörur	1.699
Viðgerð á safnefni	10.000
Bókaplast	52.120
Heyrnartól	13.311
Tölvutöskur	7.641
Minnislyklar	3.052
Skúffueining (kommóða)	15.950
Opinber gjöld og dráttarvextir	5.135
Afskriftir á húsgögnum og innréttingum	46.831
Afskriftir á prenturum og ljósritunarvélum	31.992
	1.905.786
Sala Lestrardagbókar (2009-2017) og gamallar borðtölvu	12.700
	1.893.086

Tæki og búnaður:

Á bókasafninu eru 10 borðtölvur, átta fartölvur, skanni, litaprentari (í afgreiðslu), laserprentari (nemendaprentari), skrifari fyrir CD og DVD er í tölvu í kjallara, lítið stafrænt upptökutæki, sjónvarp, myndbandstæki, DVD-spilari, fimm litlir DVD-spilarar (lánaðir í kennslustundir), ritvél, leturvél, vifta og sími. Gömul ljósritunarvél var tekin úr notkun á skólaárinu. Ljósritun fyrir nemendur heyrir raunar eiginlega sögunni til því mun auðveldara (og umhverfisvænna) er að skanna eða taka myndir af heimildum sem nýtast við ritgerðasmíðar.

Keyptur var nýr laserprentari á safnið í janúar, af gerðinni HP LaserJet Managed MFP E52645. Í honum er bæði hægt að skanna og ljósrita.

Alls eru átta fartölvur lánaðar nemendum í kennslustundir. Þær eru allar af gerðinni DELL Latitude, þrjár með týpunúmer E7270, þrjár 7280 og tvær 7490. Útlán á þeim voru samtals 614 á skólaárinu.

Vinnuaðstaða:

Vinnuaðstaða starfsmanna samanstendur annars vegar af afgreiðslurými og hins vegar af vinnurými inn af afgreiðslu. Í afgreiðslurými er litaprentari sem nemendur og starfsmenn hafa aðgang að. Aðalprentari nemenda, laserprentari af gerðinni HP LaserJet Managed MFP E52645 er við hringstigann. Geisladiskar og hljóðbækur eru staðsettar í hillum við afgreiðslu.

Í vinnurými inn af afgreiðslu er vinnuaðstaða forstöðumanns til skráningar og annarrar undirbúningsvinnu. Þar er úrklippusafn sem inniheldur aðallega bæklinga og ýmislegt fræðsluefni. Í vinnurýminu eru geymdar kvikmyndir og kennslubækur sem kenndar eru hverju sinni, auk þess sem fartölvur eru geymdar í hillum og hægt að hlaða þær milli útlána.

Í minni geymslunni í kjallaranum er sjónvarp, myndbandstæki og DVD spilari sem nýtist m.a. við yfirfærslu myndefnis af myndböndum yfir á mynddiska. Í hópinnuaðstöðu í kjallaranum er tölva sem er aðallega notuð til skönnunar og til að skrifa mynd- og hljóðdiska. Í kjallaranum er auk þess stærri geymsla fyrir bækur og eldri tímarit.

Fundir, námskeið og ráðstefnur:

Forstöðumaður safnsins sótti kennarafundi á skólaárinu og fundi með stýrihópi um upplýsingatækni sem haldnir eru að jafnaði hálfsmánaðarlega.

Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum (SBF) fundar reglulega yfir vetrartímann. Fyrsti fundur skólaársins var haldinn á Teams 16. september. Hefðbundinn jólafundur með upplestri rithöfundar féll niður. Þann 15. mars hittist hópurinn loksins í raunheimum í FÁ, en þá var liðið tæpt ár frá síðasta fundi. Þegar þetta er ritað er fyrirhuguð vorferð SBF á Akranes þann 3. júní. Elín er gjaldkeri hópsins. Undanfarin ár hafa framhaldsskólarnir styrkt faglegt starf samstarfshópsins með því að greiða 5.000 kr. árgjald fyrir hvern starfandi bókasafns- og upplýsingafræðing, þetta gjald var hækkað upp í 10.000 kr. árið 2020.

Hópur skjalastjóra sem vinna við skjalamál í framhaldsskólunum heldur úti virkum póstlista og hittist nokkrum sinnum á skólaárinu á Teams. Elín náði ekki að sækja fund sem haldinn var 9. desember. Næsti fundur var haldinn 26. febrúar og var þar skipaður stýrihópur sem á að starfa með Hugviti að því að bæta upplýsingastreymi t.d. um nýjungar í uppfærslum en mikil óánægja hefur verið með þjónustu Hugvits við framhaldsskólana. 7. maí hittust skjalastjórar aftur á fundi og fóru yfir stöðu mála.

Hugvit hélt námskeið fyrir skjalastjóra framhaldsskólanna um miðjan september þar sem farið var yfir ýmsar stillingar í kerfisstjórnborði GoPro, notendaumsjón og umsjá með lykilorðum, aðgangsstýringar, virkni og notkun. Því miður náðist ekki samband við fundinn af tæknilegum ástæðum.

Forstöðumaður safnsins sótti um aðild að Félagi um skjalastjórn sl. haust og sótti tvo fyrirlestra á vegum félagsins. Sá fyrri var 13. október þar sem Kristín Ósk Hlynsdóttir fjallaði um skýjalausnir í skjalavörslu og sá seinni 17. nóvember þar sem Jón Kristinn Ragnarsson fræddi um persónuvernd og áhættumat sem þarf að framkvæma í tengslum við m.a. tölvuforrit eða öpp sem vinsælt er að nota við kennslu. Báðir fundirnir voru á netinu.

Þjóðskjalasafn Íslands bauð upp á eins til tveggja klukkutíma ókeypis námskeið um ýmsa þætti skjalavörslu. Námskeiðin sem voru á Teams voru gagnleg og svöruðu mörgum spurningum og vangaveltum. Fyrsta námskeiðið sem Elín sótti var 26. janúar, „þarf að bæta skjalavörslu og skjalastjórn? Átak í skjalavörslu og gerð skjalavistunaráætlunar“. Umsjón með námskeiðinu hafði

Árni Jóhannsson. Þann 9. febrúar fjallaði S. Andrea Ásgeirsdóttir um „Rafræna skjalavörslu. Afhending rafræna gagna til Þjóðskjalasafns, undirbúningur og góð ráð“. Árni Jóhannsson fjallaði svo um frágang, skráningu og afhendingu pappírsskjala þann 23. febrúar. Síðasta námskeiðið var svo 23. mars um afhendingu á eldri rafrænum gögnum og hafði S. Andrea Ásgeirsdóttir umsjón með því.

Skjalastjórnun er mjög víðfeðmt svið og endalaust er hægt að víða að sér meiri fróðleik sem veitir meiri innsýn og þekkingu.

Skjalamál

Vorið 2018 sömdu fjölmargir framhaldsskólar við fyrirtækið Hugvit um aðgang að skjalastjórnarkerfinu GoPro. Lokið var við gerð málalýkils fyrir FSu haustið 2018 og hann sendur Þjóðskjalasafni til samþykktar. Gildistími hans er frá 1. september 2018 til 31. ágúst 2023.

Kerfið var sett upp í FSu vorið 2019 og fengu starfsmenn stutta kynningu og kennslu í júní 2019. Alls eru 13 starfsmenn með aðgang að GoPro.

Síðastliðna tvo vetur hefur innleiðing og kennsla á kerfið staðið yfir. Fólki er kennt að stofna mál og setja skjöl og tölvupósta eftir atvikum undir mál. Áhersla hefur lögð á að bregðast skjótt við þegar spurningar hafa vaknað hjá starfsmönnum um hvernig skjala eigi ákveðin mál og eins hvað eigi að skjala. Á vorönn var gert átak í fræðslu á GoPro. Á þriðjudagsmorgnum milli 8 og 9 var boðið upp á leiðbeiningar og fræðslu um skjalamál. Yfirleitt voru tveir til þrír starfsmenn boðaðir í hvert skipti. Það er von mín að þessir stuttu vinnufundir hafi hvetjandi áhrif á starfsmenn að nota GoPro.

Haldið var áfram að skjala ýmis gögn í persónumöppum starfsmanna, eins og ráðningarsamninga, prófskírteini og leyfisbréf og hafa aðeins skólameistari, aðstoðarskólameistari og fjármálastjóri aðgang að þessum málum. Einnig er skólanum skylt að halda utan um allar umsóknir um störf og komst góður skriður á þá vinnu á skólaárinu. Flestallar fundargerðir eru nú skráðar í GoPro og annast viðkomandi starfsmenn þá vinnu.

Grisjunarbeiðni vegna prófurlausna var send til þjóðskjalasafns og fengum við þau svör að skylt væri að varðveita prófurlausnir frá árum sem enda á 0 frá nemendum sem bera nöfn með bókstafnum A. Um þessar mundir er unnið að reglum um eyðingu námsmatsgagna hjá afhendingarskyldum aðilum og með þeim mun sú breyting verða að afhendingarskyldir aðilar þurfa ekki lengur að sækja sérstaklega um eyðingu námsmatsgagna.

Smám saman er komast mynd á hvaða skjöl skuli færa inn í skjalakerfið. Eftir því sem notendur öðlast meira öryggi og þjálfun í notkun GoPro verður vinnan léttari. Og auðveldara verður að átta sig á hvað er mál og þurfi þar af leiðandi að skjala. Lagabókstafurinn kveður skýrt á um að framhaldsskólum líkt og öðrum ríkisstofnunum ber að viðhafa góð vinnubrögð í skjalastjórnun.

Faraldurinn

Covid-19 heimsfaraldurinn setti svo sannarlega mark sitt á allt skólastarf á skólaárinu. Í upphafi haustannar máttu 50 manns koma saman og eins metra reglan var í gildi. Bókasafnið var í sóttvarnahólfi með salnum (stofu 106) og þurftu nemendur að ganga þar inn til að komast á safnið. Aðeins var boðið upp á helming lessæta á safninu og skýrar leiðbeiningar um sóttthreinsun borða, stóla og lyklaborða eftir notkun. Frá miðjum september var grímunotkun gerð að skyldu. Þrátt fyrir allt voru nemendur duglegir að koma á safnið, bæði til að læra og sækja kennslustundir í fjarkennslu.

Þann 3. október var sett á 20 manna samkomubann og allt bóknám færðist yfir í fjarkennslu. Ákveðið var að halda safninu opnu í þessu ástandi og reyndin varð sú að alltaf komu nokkrir nemendur á bókasafnið á hverjum degi. Það hélst alveg út alla haustönnina, líka eftir að samkomutakmarkanir voru hertar þann 30. október en þá máttu aðeins 10 manns koma saman. Haustönnin var býsna strembin, stöðug óvissa og mikið álag á bæði nemendur og kennara.

Á nýju ári 2021 var ákveðið að færa allt skólalæsið yfir í staðbundið nám. Í ljósi þess að aðeins 30 manns máttu vera saman í rými var ákveðið að bjóða bara upp á lesrými á 1. hæð bókasafnsins. Þegar reglurnar voru rýmkaðar seinnipartinn í febrúar var opnað upp á svölum og í vinnurými í kjallara. Aftur var svölunum og kjallaranum lokað eftir páskafríð (7. apríl) eftir að samkomutakmarkanir voru hertar aftur. Þrátt fyrir allt var mjög góð nýting á bókasafninu á vorönn, nemendur sem áttu lengra heim voru duglegir að koma á safnið milli kennslustunda.

2.5 Skýrsla félagslífs- og forvarnafulltrúa

Félagslífs- og forvarnafulltrúar: Ingunn Helgadóttir og Tómas Davíð Ibsen Tómasson

Áherslur skólaárið 2020-2021

Starfsárið 2020-2021 var frábrugðið öllum öðrum starfsárum NFSu frá upphafi í ljósi aðstæðna í samfélaginu. Þegar skólaárið gekk í garð voru stjórn nemendaráðs og félagslífs- og forvarnafulltrúar full eftirvæntinga um að rífa í gang félagslíf nemenda eftir erfið annarlok vor 2020. Hins vegar koma það mjög fljótt í ljós að þetta skólaár kæmi með

nýjar áskoranir og þyrfti að leggja áherslu á fjarviðburði. Hér að neðan má sjá helstu viðburði sem nemendafélagið stóð fyrir á þessu skólaári:

- Hlaðvarpsþættir - 6 talsins
- Spurningakeppni á Teams með Audda og Steinda
- Nýtt Sælu lag - [Sælan - Suðurlandsins Bestu](#)
- Kvöldvaka - Góí sportrönd og Tinna héldu uppi fjörinu
- Nýnemaviðburður á skólatíma - Raftónlistartvíeykið Clubdub
- Forvarnarfyrirlestur online – KMS
- Vöflukaffi - miðvikudagsgat
- Forprufur fyrir söngkeppni
- Skólablað - Notabene

https://sites.google.com/view/notabenefsu/heim?fbclid=IwAR2k5ddbpZiSraIWjtRSKJ4uHpYBUtBZIsfXihxU8FD4kCMGGkNEoOEQ_Fc

Stjórn NFSu 2020-2021 var skipuð:

Aðalstjórn

Formaður: Jón Karl Sigurðsson

Varaformaður: Einar Ísak Friðbertsson

Gjaldkeri: Hlynur Héðinsson

Miðstjórn

Markaðs- og kynningarfulltrúi: Íris Arna Elvarsdóttir

Formaður rit- og málfundafélags: Guðný Von Jóhannesdóttir

Formaður skemmtinefndar: Árni Ísleifsson

Formaður íþróttaráðs: Sólbjörg Lind Björgvinsdóttir

Formaður nýnema: Benedikt Snær Tómasson

Samskiptafulltrúi: Guðmundur Bjarni Brynjólfsson

Viðburðir:

Böll

Í ljósi aðstæðna vegna covid 19 og sóttvarnaráðstafanna var ekki hægt að halda böll á þessu skólaári.

Góðgerðarvika

Engin góðgerðarvika var þetta árið.

Söngkeppni

Forprufur fyrir söngkeppni NFSu voru haldnar þann 5. mars og vegna fráberrar framistöðu þátttakanda þurfti að kalla stóran hluta hópsins aftur í prufur 9. mars og var þar komin ný dómnefnd. Sjaldan hafa verið jafn frambærileg atriði sem kepptust um að komast í keppnina. Hins vegar vegna aðstæðna og hertra aðgerða þá var ekki unnt að halda keppnina í ár. Greinilegt er að skólinn er stútfullur af miklum söng- og tónlistarhæfileikum og hlökkum við til að sjá keppnina á næsta ári.

Við látum hér fylgja með þann punkt sem var í skýrslu síðasta árs sem ekki var unnt að framkvæma: Félagslífs- og forvarnarfulltrúar ásamt nemendaráði telja breytingar á Söngkeppninni mikilvægar til þess að geta sinnt öðrum hliðum starfsins betur og munum við ræða það í loka kaflanum.

Leikrit

Ekki var hægt að vera með leikrit í ár þar sem sviðslistir voru bannaðar stóran hluta skólaársins.

Miðvikudagsgöt

Miðvikudagsgötin voru í höndum formanns íþróttaráðs, Sólbjargar Lind Björgvinsdóttur. Hún gerði sitt besta til að skipuleggja dagskrá þegar hægt var vegna Covid takmarkana en þar sem félagslífsgatið var sett í lok dags á þessari vorönn þá var þátttaka fremur dræm. Við fögnum því að á næsta ári verði miðvikudagsgatið á betri tíma og þar af leiðandi betur nýtt

Morfís

Í ár var enginn áhugi á morfís meðal nemenda þrátt fyrir að reynt hafi verið að safna í lið. Ekki var nægur áhugi á því.

Gettu betur

Gettu betur lið FSu starfaði undir leiðsögn Stefáns Hannessonar líkt og síðastliðið skólaár. Stefán hafði sér til halds og traust gott þjálfarateymi sem saman stóð af kennurum og fyrrum nemendum skólans. Gettu betur lið skólans var eftirfarandi Ásthildur Ragnarsdóttir, Hlynur Héðinsson og Ásrún Aldís Hreinsdóttir. Liðið féll út í fyrstu útvarpskeppninni þrátt fyrir góða frammistöðu. Mun liðið nýta reynsluna og koma sterkt inn að ári liðnu.

SKOH

Félagslífs- og forvarnarfulltrúar störfuðu með SKOH fulltrúa, jafnréttisfulltrúa og bragastjóra í SKOH hópnum. SKOH hópurinn stóð fyrir ýmsu á önninni t.d. mánudagspóstum sem höfðu það að markmiði að hvetja starfsmenn áfram. Einnig fékk hópurinn fyrirlestur frá Sigrúnu Birnu Björnsdóttur sérfræðing í vinnuumhverfi og jafnréttismálum hjá KÍ en hún fjallaði um hvernig sálrænt öryggi bæti heilbrigði vinnustaða. Sjá nánar skýrslu SKOH fulltrúa.

Flóafár

Ekki gafst tækifæri til að halda Flóafár.

Kátir dagar

Ekki gafst tækifæri til að halda Káta Daga.

Forvarnir

Forvarnarfulltrúarnir störfuðu með SKOH hópnum í tengslum við forvarnir innan skólans. Einnig fóru forvarnarfulltrúar á þrjá þriggja klukkustunda fundi í Ráðhúsi Árborgar sem snérust um stefnumótun í forvörnum í sveitarfélaginu og aðra styttri fundi. Forvarnarfulltrúar fengu rafrænan fyrirlestur frá Litlu kvíðameðferðastöðinni 16. febrúar og var hann sýndur í öllum stofum í stokknum klukkan 10:20-12:10. Fyrirlesturinn fjallaði um að hlúa að andlegri líðan á tímum Covid 19 og samfélagstakmarka.

Lokaorð

Starf okkar með þessu nemendafélagi hófst vorið 2020 þar sem við settumst niður með þeim og lögðum drögin að skólaárinu 2020-2021. Fyrir skólaárið var stjórn nemendafélagsins stórhuga í því að efla félagslíf skólans á skólatíma, minnka umfang söngkeppninnar með það fyrir augum að geta nýtt fjármagn félagsins til fleiri mikilvægra verkefna þar má meðal annars nefna vilja til að setja upp leikrit, hópastarf og fá meira líf inn í skólann á skólatíma. Hins vegar kom covid, sóttkvíar, einangranir, fjöldatakmarkanir, hólfaskipting skólans, grímunotkun og aðrar sóttvarnarráðstafanir í veg fyrir flest af þessu.

Eftir þennan vetur höfum við starfað sem félagslífs- og forvarnarfulltrúar í þrjú ár með þremur mismunandi nemendaráðum. Öll þessi ár hafa verið einstök á sinn hátt þó svo að árið í ár eigi sér enga hliðstæðu. Starfið er fjölbreytt og krefjandi en á sama tíma mjög gefandi. Það er einstaklega gefandi að fá að starfa með nemendum utan kennslu. Allan þennan tíman höfum við lagt áherslu á að nemendaráðið haldi sjálfstæði sínu þó svo að við séum alltaf til staðar, styðjum við bakið á þeim og leiðbeinum þeim án þess þó að skipta okkur of mikið af ákvörðunum og gjörningum.

Líkt og kom fram hér að ofan teljum við mikilvægt að nemendafélagið reyni að höfða til sem flestra nemenda með starfsemi sinni. Mikilvægt er að okkar mati að dreifa fjármunum félagsins í fleiri körfur meðal annars með því að minnka umfang Söngkeppinnar, efla miðvikudagsgötin til að fá meira líf í skólann á skólatíma og setja á stökk leikrit. Að okkar mati er einnig mikilvægt að nemendafélagið virkji fleiri nemendur utan stjórnarinnar í hin ýmsu störf sem til falla svo álagið verði ekki alltaf of mikið á sama fólkinu.

2.6 SKOH - Skólinn í okkar höndum

Verkefnastjórn: Guðbjörg Grímsdóttir

Eyrún Björg Magnúsdóttir: Jafnréttisfulltrúi

Ingunn Helgadóttir: Félagslífs- og forvarnarfulltrúi

Tómas Davíð Ibsen Tómasson: Félagslífs- og forvarnarfulltrúi

Ægir Sigurðsson: Bragastjóri

Jón Karl: Fulltrúi nemendafélagsins

Þetta skólaár hefur verið snúið að mörgu leyti. Náms og kennsla fór að mestu leyti fram í fjarkennslu á haustönn og félagslíf og aðrir viðburðir engir. Ástandið lagðist þungt á marga og SKOH lét lítið í sér heyra á haustönn og beðið var eftir betri tíð til að framkvæma eitthvað fyrir nemendur og starfsfólk. Vorönnin var aðeins bjartari en eftir sem áður var félagslíf nánast ekkert og ástandið óöruggt og stöðugt verið að gefa í eða draga úr. gestir höfðu ekki aðgang að skólanum og allir orðnir leiðir á fjarfundum og slíku. Markmiðið varð eiginlega það að klára önnina og gefa allt í botn þegar ástandið yrði eðlilegra.

Heilsueflandi framhaldsskóli - HEF

FSu er hluti af verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli sem er á vegum Landlæknisembættisins. Það hefur verið þannig að hvert skólaár hafi sitt þema sem unnið er eftir með gátlistum og fleirum. Nú hefur það breyst og í undirbúningi hefur verið vefsíða sem á að gefa verkefninu nýja stefnu og meira sjálfstæði hvers skóla. Vefsíðan fór í loftið í september og fór SKOH stjóri á fund þar sem farið var yfir þessi mál, hvernig standa ætti að þessu og útskýrt hvernig skólar ættu að vinna áfram.

Hugmyndin er sú að hver skóli skrái sig þarna inn og einungis einn tengiliður í hverjum skóla hefur aðgang að síðunni, sér um skráningar og fleira. Á bakvið þann einstakling er hópur sem kemur að umræðunni og allri vinnunni sem hér liggur að baki. Í FSu er það SKOH stjóri sem hefur aðgang að síðunni og SKOH hópurinn sem stendur þar að baki og kemur að allri vinnunni sem tengist þessu verkefni. Hver skóli á að skrá sig inn, fylla út helstu upplýsingar um hópinn sem kemur að verkefninu og horfa síðan á gátlistana og fylla þá út. Það er heilmikil vinna en þegar því er lokið á hver skóli að velja sér hvaða atriði af gátlista eigi að vinna með næsta skólaár. Þannig er ekki ein stefna fyrir alla - heldur velja skólar hver fyrir sig. Fundir, upplýsingar, viðhengi og annað sem viðkemur stefnunni og vinnu hópsins er sett inn á þessa síðu. Í lok skólaárs tekur forritið þetta saman fyrir hópinn þannig að ákveðið utanumhald er fólgið í þessari vinnu. Það verður gaman að sjá hvernig gengur að nota síðuna og hvernig heilsustefnur verða áberandi í ólíkum skólum.

Markmiðið er einnig að á hverju skólaári séu vinnufundir þar sem fulltrúar hvers skóla koma saman og fara yfir málin, ræða breytingar og fleira. Þannig að til verður vinnuhópur þvert á alla framhaldsskóla sem vinna saman - en þó hver í sínu lagi að sinni stefnu. Áhugavert og spennandi verkefni.

Í byrjun urðu smá tækniörðugleikar, vantaði lykilorð og svoleiðis en þetta komst loks í gang og við gátum skráð okkur inn á síðuna. Þá tók við að skrá niður helstu upplýsingar um hópinn og fylla út alla gátlista. Það tók tímann sinn og var heilmikil vinna. Margt sem þurfti að athuga og annað sem við vissum hreinlega ekki og þurftum að leita eftir upplýsingum um. En þetta hafðist allt saman. Þá tók við að ákveða hvaða atriði við ætluðum að leggja áherslu á og vinna með sem okkar heilsustefnu í skólanum. Og þar vorum við stödd þegar samkomubann dundi yfir þjóðina og samfélagið lagðist á hliðina - og skólinn með kennara og nemendur innanborðs tókst á við nýjar áskoranir.

Fræðsla og forvarnir

Fræðsla og forvarnir voru ekki á sínum hefðbundnu stöðum vegna aðstæðna.

Á haustönninni lá allt niðri, en venjulega er þetta á dagskrá:

Góðgerðardagar.

Fyrirlestrar í október, bæði í gegnum SKOH hópinn og Braga. Og eins og alltaf er innihald tengt því sem er efst á baugi hverju sinni.

Lögreglan kemur í heimsókn inn í Ergó hópana (nýnemar) reglulega yfir langan tíma. Það form hefur gengið vel. Einnig hefur lögreglan komið á kennarafund og upplýst kennara um stöðu mála.

Á vorönninni voru:

Sævar Helgi Bragason, kom og heilsaði upp á nemendur í Umhverfisfræði og hélt erindi og svaraði fyrirspurnum.

Fyrirlestur fyrir starfsfólk um sálfrænt öryggi, Sigrún Birna Björnsdóttir hjá KÍ. Fyrirlestur á Teams.

Venjulega er þetta á dagskrá, en var ekki núna:

Ástráður (læknanemar) með fræðslu fyrir nýnema.

Hugrún (sálfræðinemar) með fræðslu fyrir nýnema.

Kátir dagar. Sjá sér skýrslu.

Flóafár. Sjá sér skýrslu.

Bragi. Sjá sér skýrslu.

Regnbogadagar ... hefðu verið en samkomubann kom í veg fyrir þá.

Þetta eru allt góðir og gildir viðburðir sem er nauðsynlegt að halda í. Á þessu ári átti að prófa að hafa Káta daga og Flóafár í sitt hvorum mánuðinum (hafa verið hvort á eftir öðru) en því miður varð ekkert af þessum viðburðum. Vonandi verða þeir á dagskrá næsta vetur.

Síðan er alltaf gott að hugsa eitthvað nýtt og gott, það sem hefur gengið vel getur líka gengið sér til húðar og þá er nauðsynlegt að geta breytt til.

Ráðleggingar fyrir haustið

Fara í heilsustefnu FSu. Dusta af henni rykið, skipta þáttum á milli aðila í SKOH hópnum og ákveða hvað eigi að vera aðalatriði.

Kynna heilsustefnu FSu fyrir starfsfólki.

Sýnileiki í orðum og verki. Mánudagspóstar eða annað sem setur SKOH á kortið.

Styðja við nemendafélagið, Braga og Ergó þannig að samvinna verði á milli þessara hópa.

Gott að vinna með braga og nemendafélaginu að fræðslu og forvörnum - gott að fá sem flestar hliðar og hópa að verkefnum.

Halda í þær hefðir sem hafa skapast og eru:

Haustönn

Afmæli FSu

Góðgerðardagar NFSu

Október er forvarnarmánuður

Hópefli eða annað fyrir starfsfólk

á fundatíma á fös

Vorönn

Kátir dagar og Flóafár

Regnbogadagar í mars

Lokahátíð Braga í apríl

Fyrirlestur fyrir starfsfólk

á fundatíma á fös

Stuðningur við NFSU, Braga og Ergó. Aðstoð við viðburði, safna hugmyndum og fleira.

Sýna að þessi hópur virkar.

Rauði veggurinn við Bollastaði var merktur SKOH hópnum. Þar birtist plakat með grunnupplýsingum um SKOH hópinn (hver væri í honum, hvað væri unnið með og fleira). Gott að hugsa um að útbúa hann með einhverju varanlegu til að hengja upp, kennaratyggjó er afskaplega leiðinlegt í þessari vinnu.

Miðar birust á ýmsum stöðum í skólanum, á klósettum, göngum og fleiri stöðum. Þetta voru miðar með skemmtilegum, fræðandi og hvetjandi skilaboðum til nemenda og kennara - og öllum sem áttu leið framhjá.

Mánudagspóstar voru sendir til starfsfólks á mánudögum. Þetta voru stuttir pistlar með upplýsingum og hvetjandi/nærandi skilaboðum til starfsfólks.

Sýnileiki er mjög mikilvægur, sama með hvaða hætti hann er. Gott að halda áfram að senda mánudagspósta (eða finna eitthvað annað) og minna á hópinn með einhverjum hætti. Það er erfitt að átta sig á því hvað angar SKOH teygja sig víða - og þá er gott að upplýsa um það.

SKOH stjóri sér fyrir sér að heilsustefnan verði meira áberandi næsta vetur og hún muni kalla á einhverjar aðgerðir af hendi hópsins. SKOH hópurinn er alltaf breytilegur og mismunandi hvaða þættir verða áberandi, það fer eftir þörfinni hverju sinni og hvað hópurinn ákveður að setja á oddinn. Betra að velja færri hluti og gera vel en að vera með of marga bolta á lofti. Þetta er spennandi hópur sem sinnir mikilvægu starfi sem gott er að halda á lofti og minna á reglulega. Mikilvægt að muna að SKOH hópurinn samanstendur af mörgum hlutverkum og yfirsýn verður því góð og upplýsingaflæði ætti að vera tryggt inn í marga hópa, bæði kennara, nemendur og starfsfólk.

Það er mikilvægt að það komi saman þeir aðilar sem koma að fræðslu, forvörnum, starfi með nemendum, nýnemum og fleira því þá skapast góður grundvöllur til að ræða saman og fá yfirsýn. Þetta er mikilvægur hópur í innra stjarfi FSu. Að auki er nauðsynlegt að hlutir séu ætíð í endurskoðun, bæði hlutverk sem innt eru af hendi, samsetning hópa, innra starf og fleira. SKOH hópurinn er þar ekki undanskilinn og mikilvægt er að þeir sem koma að honum séu sífellt meðvitaðir um gagnrýna hugsun og endurskoðun - ásamt því að hlúa að því sem vel gengur.

2.7 Flóafár

Vegna Covid19 var Flóafári aflýst á vorönn 2021

2.8 Kátir dagar

Vegna Covid19 var Kátum dögum aflýst á vorönn 2021

2.9 Skýrsla jafnréttisfulltrúa

Jafnréttisfulltrúi: Eyrún Björg Magnúsdóttir

Skólaárið 2020 - 2021

Á skólaárinu var aðeins eitt viðfangsefni jafnréttisfulltrúa fyrirferðarmest, það var fyrirlestur sem Skoh hópurinn stóð fyrir um sálrænt vinnuöryggi. Meðal annars var fjallað um jafnrétti á vinnustað og mikilvægi þess að starfsfólk þekki birtingarmyndir kynferðislegar eða kynbundinnar áreitni. Einnig var farið vel yfir verkferla sem tengjast álitamálum tengdum jafnrétti, ofbeldi og áreiti.

Skólaárið var sérstakt að mörgu leyti. Jafnréttisfulltrúi sat ekki lengur í skólaráði og hafði því minni samskipti við nemendaráð en árið áður. Ekki náðist að skipa jafnréttisnefnd eins og stóð til en með henni væri tryggt að jafnréttisfulltrúi væri í reglulegum samskiptum við nemendaráð og að nemendaráð tæki jafnréttismál meira inn í sín störf. Í nýuppfærðri jafnréttisáætlun skólans (28. Janúar 2020) er tekið fram að til standi að skipa jafnréttisnefnd innan skólans í stað þess að áður hefur einungis einn jafnréttisfulltrúi verið starfandi; "Skólameistari skipar jafnréttisnefnd í samræmi við 15. grein jafnréttislaga. Hlutverk nefndarinnar er að koma fram með hugmyndir að markmiðum og leiðum sem stuðla að auknu jafnrétti í skólanum ásamt því að fylgja hugmyndunum eftir í framkvæmd og meta árangur. Nefndin skal skipuð 2 kennurum og 1 úr röðum annarra starfsmanna og er formaður nefndarinnar jafnframt jafnréttisfulltrúi skólans." (Fsu.is., 2020).

Fráfarandi jafnréttisfulltrúi leggur mikla áherslu á að þessari nefnd verði komið á strax í upphafi næsta skólaárs.

Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlunin skal næst vera yfirfarin og uppfærð í samræmi við jafnréttislög nr. 10 frá 2008, vorið 2022.

Það er einnig hlutverk jafnréttisfulltrúa að taka saman jafnréttisvísa til að hafa samanburð á stöðu kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnunarstöðum. Skv. 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem segir að hlutfall kynjanna skuli vera jafnt og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Meðfylgjandi er samanburður frá því í janúar 2020 og janúar 2021.

Yfirstjórn skólans er það svið innan stofnunarinnar sem helst hallar á varðandi jafnt hlutfall. Jafnréttisvísar skulu vera unnir í lok hvers skólaárs áfram.

Mælt er með því að jafnréttisfulltrúi haldi sig við að bera saman tölur miðað við lok janúar ár hvert til að samanburðurinn verði sem marktækastur.

Samanburður jafnréttisvísa jan 2020/jan 2021		
	22.1.2020	28.jan.21
Yfirstjórn (Skólameistari, aðstoðarskólameistari, fjármálastjóri, áfangastjóri).	kk (3) 75% kvk (1) 25%	kk (3) 75% kvk (1) 25%
Sviðsstjórar	kk (1) 33% kvk (2) 66,7%	kvk (2) 100%
Kennslustjórar	kk (3) 33,3% kvk (6) 66,7%	kk (3) 33,3% kvk (6) 66,7%
Fagstjórar	kk (4) 50% kvk (4) 50%	kk (4) 50% kvk (4) 50%
Skólaráð	kk (6) 60% kvk (4) 40%	kk (6) 60% kvk (4) 40%
Skólanefnd	kk (7) 50% kvk (7) 50%	kk (2) 40% kvk (3) 60%
Nemendaráð	kk (4) 44,4% Kvk (5) 55,6%	kk (6) 66,7% kvk (3) 33,3%
Dagskólanemendur	kk (398) 53,2% kvk (349) 46,8%	kk (441) 56,9% kvk (334) 43,1%
Grunnskólanemendur	kk (5) 17,2% kvk (24) 82,8%	kk (12) 36, 4% kvk (21) 63,6%
Kvöldskólanemendur		kk (22) 75,9% kvk (7) 24,1%
Nemendur í fangelsum	kk (44) 100%	KK (35) 97,2% kvk (1) 2,8%
Starfsmannafélag - stjórn	kk (2) 40% kvk (3) 60%	kk (2) 40% kvk (3) 60%
Starfsmenn	kk (46) 39% kvk (71) 61%	kk (35) 39,3% kvk (54) 60,7%

2.10 Skólastarf í fangelsum

Kennslustjóri: Gylfi Þorkelsson

Inngangur

Eftir erfitt vor 2020 hófst skólastarf í fangelsum með nokkuð hefðbundnum hætti um haustið. Kennarar fengu nú aftur að mæta í skólann en sá böggull fylgdi þó skammrifi að ekki mátti fara á milli fangelsa. Það hafði áhrif á kennslustjóra, sem jafnframt er íslenskukennari, og námsráðgjafa, sem þurftu að halda sig í skólanum á Litlahrauni. Að öðru leyti hafði þessi takmörkun ekki áhrif á kennslu og strax við upphaf vorannar var henni aflétt og komst þá skólastarf í hefðbundinn farveg og hélst svo allt til annarloka.

Á vorönn var gleðilegt að hægt var að bjóða upp á aukna fjölbreytni í námi. Kennarar í teikningu og upplýsingatækni bættust við staðkennslu á Litlahrauni og sérkennari kom aftur til starfa í fangelsunum. Vonir standa til að hægt verði að halda þessum starfsmönnum.

Jafnframt voru kennarar F.Su. liðlegir að taka að sér fjarkennslu og hjálpaði það nokkrum nemendum sem lengra eru komnir í námi gríðarlega mikið.

Segja má að í ljósi aðstæðna og margskonar takmarkana á skólastarfi í landinu hafi skólahald í fangelsum gengið framár vonum og ber að þakka yfirvöldum fangelsismála góðan skilning á nauðsyn þessa starfs fyrir þennan nemendahóp.

2. Haustönn 2020

2.1 Starfsfólk

Eftirfarandi störfuðu við skólahaldið á önninni:

- Árni Blandon, félagsgreinakennari, Sogni (fjarnám)
- Eyrún Björg Magnúsdóttir, félagsfræðikennari, LH og Sogni (fjarnám)
- Gylfi Þorkelsson, kennslustjóri og íslenskukennari LH og Sogni (staðnám)
- Helgi Þorvaldsson, enskukennari Sogni (staðnám)
- Ingvar Bjarnason, stærðfræðikennari Sogni (staðnám)
- Klara Guðbrandsdóttir, náms- og starfsráðgjafi LH, Sogni og Hólmsheiði
- Lárus Ágúst Bragason, sögukennari, LH (fjarnám)
- Paola Daziani, enskukennari, LH (staðnám)
- Pelle Damby, dönskukennari, LH (fjarnám)
- Sigurður Grímsson, málmiðngreinakennari LH (staðnám)
- Sigurður Ágúst Pétursson, rafiðnakennari, LH (fjarnám)
- Sólveig Sigmarsdóttir, dönskukennari, LH (fjarnám)
- Sverrir Geir Ingibjartsson, íþróttakennari, LH (staðnám)
- Tómas Davíð Ibsen Tómasson, sögukennari, LH (fjarnám)
- Ægir Sigurðsson, stærðfræðikennari, LH (staðnám)

2.2 Samantekt um skólahaldið

Alls komu 53 nemendur við sögu skólahalds FSu í fangelsunum á vorönn 2020; 43 á Litlahrauni og 10 í Sogni, auk þess sem nokkur hópur á Hólmsheiði naut aðstoðar námsráðgjafa. Af þessum skilaði 31 sér til námsmats, 25 á Litla-Hrauni en 6 í Sogni. Nokkrir nemendur í fangelsunum voru að auki skráðir í fjarnám við aðra skóla á önninni.

Skólahald hófst mánudaginn 17. ágúst með skráningu nemenda. Kennsla hófst miðvikudaginn 19. ágúst á Litlahrauni og í Sogni. Hefðbundin staðkennsla fór fram fimm daga vikunnar á Litlahrauni en, vegna ferðabanns starfsfólks milli fangelsa, aðeins tvo daga í Sogni. Hvorki námsráðgjafi né kennslustjóri gátu því heimsótt nemendur í Sogni á önninni og varð að sætta sig við símasamband.

Tveir kennarar frá FSu sinntu staðbundinni kennslu í Sogni. Á Litlahrauni sinntu 5 kennarar staðbundinni kennslu í ensku, íslensku, íþróttum, stærðfræði og málmiðngreinum, en þar hafa kennslustjóri og náms- og starfsráðgjafi einnig fasta viðveru og starfsaðstöðu.

Að mestu leyti tókst að halda úti hefðbundnu skólastarfi, þrátt fyrir farsótt.

2.3 Yfirlit yfir námsárangur

Á önninni reyndi 31 nemandi við 346 einingar. Þar af stóðust 222 eða 62% en 124 fóru í súginn eða 64%. Einn nemandi lauk 6 áföngum, fjórir nem. 4 en flestir 1-2.

Af þessu kenndu 8 kennarar skólans 6 fjarnámsnemendum á Litlahrauni, Sogni og Kvíabryggju sem luku 14 áföngum, samtals 70 einingum, þar af tveir nemendur 3 áföngum og þrír 2 áföngum. Árangur fjarnámsnemenda var frábær, allar undirlagðar einingar stóðust og af 14 einkunnum voru 8 ýmist 9 eða 10 og engin lægri en 7.

Einkunnadreifing H20

Eink.	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1	L	F
Fjöldi	6	17	14	5	2	5	0	0	0	0	0	25
/74	8,1%	23%	18,9%	6,8%	2,7%	6,8%	0%	0%	0%	0%	0%	33,8%

ALMENNT BÓKNÁM

Danska

DANS-	Fjöldi nem.	Staðið	F	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1DL05	1	1	0	7	5 / 100%
2FJ05	1	1	0	9	5 / 100%

Enska

ENSK-	Fjöldi nem.	Staðið	F	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1HF05	9	3	6	6,7	15 / 33%
1HA05	9	7	2	8,7	35 / 78%
2HB05	5	5	0	8,4	25 / 100%
2HC05	4	1	3	6	5 / 25%
2OR05	1	0	1	F	0 / 0%

Félagsfræði

FÉLA-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	(Meðal)eink.	Staðnar ein. / %
2AF05	4	4	0	8,5	20 / 100%

Íslenska

ÍSLE-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1LR05	2	2	0	7	10 / 100%
3BB05	1	1	0	8	5 / 100%
3NB05	2	2	0	7	10 / 100%
3LX05	1	1	0	7	5 / 100%

Íþróttir

ÍÞRÓ-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	(Meðal)eink.	Staðnar ein. / %
1ÞH03	6	3	3	7,3	9 / 50%
2ÞL03	2	2	0	8,5	6 / 100%

Kvikmyndafræði

KVIK-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	(Meðal)eink.	Staðnar ein. / %
1KH05	1	1	0	8	5 / 100%

Saga

SAGA-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
2YA05	1	1	0	7	5 / 100%
3MS05	1	1	0	8	5 / 100%
3SS05	2	2	0	9,5	10 / 100%

Stærðfræði

STÆR-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1AA05	6	1	5	10	5 / 16,7%
1AJ05	1	0	1		/ 0%
1RU05	1	1	1	9	5 / 50%
2AF05	2	0	2		0 / 0%
2TL05	1	0	1		0 / 0%

GRUNNNÁM BYGGINGAGREINA

Grunnteikning

GRTE-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1PA04	1	1	0	7	4 / 100%

Tækniteikning

TEIK-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
2HH05	1	1	0	10	5 / 100%

GRUNNNÁM MÁLMÍÐNA

Plötuvinna

PLVI-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1PA04	2	2	0	7,5	8 / 100%

Hlífðargassuða

HLGS-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
-------	-------------	--------	------	------------	------------------

1HS03	3	3	0	7,7	9 / 100%
-------	---	---	---	-----	----------

GRUNNNÁM RAFIÐNA

Rafmagnsfræði

RAFM-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1GA05	2	2	0	9	10 / 100%

Vorönn 2021

3.1 Starfsfólk

Eftirfarandi störfuðu við skólahaldið á önninni:

- Ágústa Ragnarsdóttir, myndlistarkennari, LH (staðnám)
- Brynja Ingadóttir, þýskukennari, LH og Sogni (fjarnám)
- Eyrún Björg Magnúsdóttir, félagsfræðikennari, Sogni (fjarnám)
- Gylfi Þorkelsson, kennslustjóri og íslenskukennari LH og Sogni (staðnám)
- Guðfinna Gunnardóttir, enskukennari Sogni (staðnám)
- Guðmundur Björgvin Gylfason, sérkennari, LH og Sogni (staðnám)
- Helgi Hermannsson, félagsgreinakennari, LH (staðnám)
- Ida Lön, dönskukennari, LH (fjarnám)
- Ingvar Bjarnason, stærðfræðikennari, Sogni (staðnám) og Kvíabryggju (fjarnám)
- Klara Guðbrandsdóttir, náms- og starfsráðgjafi LH, Sogni og Hólmsheiði
- Lárus Ágúst Bragason, sögukennari, LH (fjarnám)
- Paola Daziani, enskukennari, LH (staðnám)
- Sigurður Grímsson, málmiðngreinakennari, LH (staðnám)
- Sigurður Ágúst Pétursson, rafiðngreinakennari, Sogn/Kvíabryggja (fjarnám)
- Sólveig Sigmarsdóttir, dönskukennari, LH og Sogni (fjarnám)
- Sverrir Geir Ingibjartsson, íþróttakennari, LH (staðnám)
- Tómas Davíð Ibsen Tómasson, sögukennari, LH og Sogni (fjarnám)
- Ægir Sigurðsson, stærðfræðikennari, LH (staðnám)

3.2 Samantekt um skólahaldið

Alls voru 72 nemendur skráðir í 936 einingar við FSu í fangelsunum á vorönn 2021; 56 á Litlahrauni og 16 í Sogni, auk þess sem nokkur hópur á Hólmsheiði naut aðstoðar námsráðgjafa. Nokkrir nemendur í fangelsunum voru að auki skráðir í fjarnám við aðra skóla á önninni.

Skólahald hófst miðvikudaginn 6. janúar með skráningu nemenda. Kennsla hófst fimmtudaginn 7. janúar skv. stundaskrá.

Í Sogni sinntu 3 kennarar frá FSu staðbundinni kennslu í ensku, íslensku og stærðfræði einu sinni í viku. Á Litlahrauni sinntu 7 kennarar staðbundinni kennslu í ensku, íslensku, íþróttum, stærðfræði, teikningu, upplýsingatækni og

málmiðngreinum. Sérkennari fer auk þessara á hvorn stað einu sinni í viku. Kennslustjóri og náms- og starfsráðgjafi eru með fasta viðveru og starfsaðstöðu á Litla-Hrauni og heimsækja hin fangelsin eftir þörfum.

Skólastarf í fangelsunum var hefðbundið á vorönn, þrátt fyrir farsótt. Mikil hreyfing er á nemendum og þeir staldra mislengi við en af 72 nemendum á önninni gengust 35 undir námsmat, eða 48,6%.

Átta kennarar kenndu 6 fjarnámsnemendum 13 mismunandi áfanga, alls 90 einingar og stóðust 70 af þeim, eða 78%. Tveir nemendur luku 60 af þessum fjarnámseiningum.

3.3 Yfirlit yfir námsárangur

Námsárangur var góður á önninni. Af 426 einingum sem komu til námsmats stóðust 369 eða 86,6% en 57 fóru í súginn. Alls voru gefnar 95 einkunnir og stóðst 81 en 14 féllu. Einn nemandi lauk 11 áföngum, 55 einingum, annar 40 einingum, geri aðrir betur! Nemendur koma og í skólann á öllum tímum, og eru fluttir burt án fyrirvara. „Brottfall“ 37 nemenda með 510 einingar skýrist að nokkrum hluta af því og liggur ljóst fyrir að ekki er raunhæft að allt nám sé metið til einkunna af þessum sökum.

Einkunnadreifing V21

Eink.	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1	L	F
Fjöldi	6	18	20	20	12	5	2	4	0	2	0	6
/95	6,3%	18,1%	21,1%	21,1%	12,6%	5,3%	2,1%	4,2%	0%	2,1%	0%	6,3%

ALMENNT BÓKNÁM

Danska

DANS-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1DL05	1	1	0	7	5 / 100%
2FJ05	1	1	0	6	5 / 100%
2YL05	1	1	0	9	5 / 100%

Enska

ENSK-	Fjöldi nem.	Staðið	F	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1HF05	8	8	0	7,25	40 / 100%
1HA05	8	8	0	8,38	40 / 100%
2HB05	6	6	0	9,2	30 / 100%
2HC05	2	2	0	8	10 / 100%
2OR05	2	2	0	6,5	10 / 100%
3YL05	2	2	0	8	10 / 100%

Félagsfræði

FÉLA-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
2AF05	1	1	0	9	5 / 100%

Íslenska

ÍSLE-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1LR05	5	5	0	8	25 / 100%
1MR05	3	3	0	8,3	15 / 100%
2VÍ05	1	1	0	8	5 / 100%
3LX05	1	1	0	8	5 / 100%

Íþróttir

ÍÞRÓ-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	(Meðal)eink.	Staðnar ein. / %
1ÞH03	2	1	1	8	3 / 50%
2ÞL03	4	3	1	6,75	9 / 75%
2AL02	1	1	0	9	2 / 100%

Myndlist

TEIK-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
2SF03	6	3	3	8	9 / 50%
2TK05	2	2	0	8	10 / 100%
3TK05	1	1	0	7	5 / 100%

Saga

SAGA-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
2SÍ05	1	1	0	7	5 / 100%
2YA05	1	1	0	7	5 / 100%
3MS05	2	2	0	6,5	10 / 100%
3SS05	2	2	0	7,5	10 / 100%

Stærðfræði

STÆR-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1BB05	1	1	0	10	5 / 100%
1AJ05	2	2	0	6	10 / 100%
2HV05	1	1	0	6	5 / 100%

Upplýsingatækni

TÖLN-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1GR05	7	2	5	5	10 / 29%

Þýska

ÞÝSK-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1AA05	2	2	0	5,5	10 / 100%
1BB05	2	2	0	5,5	10 / 100%

GRUNNNÁM BYGGINGAGREINA

Teikning

TEIK-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
2HS05	7	2	5		0 / 0%
3HU05	1	0	1		0 / 0%

GRUNNNÁM RAFIÐNA

Rafmagnsfræði

RAFM-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
2GB05	2	0	2	1	0 / 0%

GRUNNNÁM MÁLMÍÐNA

Plötuvinna

PLVG-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1PA04	7	7	0	6,9	28 / 100%

Hlífðargassuða

HLGS-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1HS03	5	5	0	7,2	15 / 100%

Almennt um nám og kennslu á skólaárinu

4.1 Danska

Kennslan var í fjarnámi sem gekk fínt fyrir sig og sum próf voru tekin á pappír og önnur rafrænt. Munnlegu prófin fóru fram á SKYPE sem var mjög fínt og gagnlegt. Tæknin er sannarlega að hjálpa til við að geta verið með námsmat í öllum færnipáttunum. Þetta gekk vel, verkefni unnin af kappsemi og sumir búnir að skila öllu af sér um miðja önn. Nemendur hefðu gjarnan viljað taka fleiri áfanga en því miður var ekki hægt að koma til móts við þá ósk.

4.2 Enska

Á Litlahrauni var góð mæting í tímum bæði á haustönn og vorönn og upp í sex áfangar í gangi. Sumir nemendur voru á byrjunarstigi en aðrir lengra komnir.

Fjöldi nemenda tók stöðupróf og var í kjölfarið metinn og raðað í viðeigandi áfanga. Margir luku þannig áföngum og fengu einingar metnar.

Vinna fór vel fram í tímum. Stundum var fjöldi það mikill að nauðsynlegt var að skipta hópnum í tvennt. Nemendur sem mættu reglulega stunduðu námið af samviskusemi og stóðu sig vel.

Í Sogni hófu 10 nemendur nám á vorönn í ensku í áföngum á öllum þrepum. Einn nemandi á Kvíabryggju tók enskuáfanga í fjarnámi. Fjórir nemendur kláruðu samtals 5 áfanga.

Þar sem komið er netsamband í kennslustofu ákvað kennari að hvetja nemendur til að nýta sér þá möguleika sem nám í gegnum Inna felur í sér og hefur það marga kosti. Langflestir ef ekki allir nemendur á Sogni eru með fartölvu og geta því haft stöðugan aðgang að námsefni og verkefnum milli kennslustunda. Þetta er mikill kostur, sérstaklega fyrir þá nemendur sem hafa í hyggju að ljúka áföngum hraðar en ella. Einnig sér kennari mikla möguleika felast í fartölvunotkun nemenda í námi, hægt er að þjónusta þá betur og koma til móts við nemendur með greiningar. Aðgengi að mynd- og hljóðefni verður mun betra og fleiri tækfæri við verkefnavinnslu. Þetta færir nemendur nær því námsumhverfi sem þeir mæta þegar afplánun lýkur.

Eina spurningin er þá hvernig tryggja megi að allir nemendur sitji við sama borð hvað

tölvukost varðar.

4.3 Félagsfræði

Námið gekk vel, nemendur voru mismikið í sambandi við kennara en verkefni þeirra áhugaverð og tveir voru mjög áhugasamir og mikið í sambandi. Kennari hafði gaman af þessu og er tilbúinn að taka að sér fjarkennslu aftur þegar óskað er eftir.

4.4 Íslenska

Ágætur gangur var í námi í íslensku. Eins og jafnan eru flestir nemendur í grunnáfanga en einn og einn er kominn á annað og þriðja þrep. Alls luku 10 nemendur einingum í íslensku og annar eins hópur er í miðju kafi við annarlok. Dæmi eru um að nemendur biðji um les- og verkefni til að fást við yfir sumartímann, þegar lítið er annars um að vera í fangelsunum, og orðið er við þeim óskum eins og hægt er.

4.5 Íþróttir

Eins og oft var nokkuð um breytingar á nemendahópnum á önninni sem skýrist af því að menn eru að fara á milli fangelsa og koma og losna úr fangelsi óháð því hvernig skólaárinu líður. Á haustönn stunduðu nokkrir námið af kappi þann stutta tíma sem þeir voru á Litlahrauni en stoppuðu of stutt til að ná að klára áfanga. Samt sem áður kláruðu 5 nemendur íþróttáfanga sem er alveg í meðallagi, jafnvel rúmlega það. Oftast voru 6-10 nemendur mættir í hvern tíma, allir áhugasamir og virkir.

Heldur fækkaði í hópi virkra nemenda á vorönn, sérstaklega þegar líða tók á önnina. Undir lokin má segja að aðeins þrír nemendur hafi mætt reglulega í tíma þrátt fyrir að fleiri hafi verið á skrá. Það vantaði samt ekkert uppá dugnaðinn hjá þeim og einn nemandi kláraði tvo íþróttáfanga.

Eins og áður voru tveir íþróttatímar í viku, annar bóklegur og hinn verklegur. Í bóklegu tímum lagði kennari áherslu á að kynna hvað líkamleg áreynsla, skynsamleg næring og reglulegar svefnvenjur hafa mikið að segja hvað varðar líkamlegt og andlegt heilbrigði. Einnig var farið yfir mismunandi aðferðir við að æfa þol, styrk og liðleika.

Í verklegu tímunum var megin áherslan lögð á þol og styrktarþjálfun í formi stöðvapjálfunar. Í lok hvers tíma var svo oft farið í badminton, bandy eða einhverja boltaíþrótt.

4.6 Málmíðngreinar

Skólaárið sem nú er að líða er eitthvað það best heppnaða sem kennari man eftir, eftir langan starfsaldur í fangelsum. Fer þar saman stöðugleiki, virkni, mæting og almennt góður andi í hópnum. Enda skilar það sér í þrýðisgóðum afrakstri. Það væri því mjög miður ef þessi kennsla legðist af eða gert yrði hlé tímabundið.

Nýr, duglegur og áhugasamur kennari þarf að bæta um betur og þrýsta á aukinn tækjakost. Einnig þarf að athuga hvort kennslustundafjöldi er í samræmi við breytt áfangaheiti, einingafjölda og innihald.

Við starfslok þakkar kennari kærlega fyrir sig, og óskar öllu samstarfsfólki sínu velfarnaðar í framtíðinni.

4.7 Myndlist

Teikning var aftur kennd á Litlahrauni á vorönn, bæði á 2. og 3. þrepi. Sú nýlunda varð að búnir voru til tveir áfangar, annar 3 eininga og hinn 2 eininga, sem saman eru þá ígildi MYNL2TK05 sem inniheldur skyggingar, tvívíða og þrívíða formskynjun og -teiknun, mikilvægi línu, myndbyggingu og fjarvídd. Áfangarnir heita MYNL2SF03 og MYNL2FV02.

Með þessu móti eru miklu meiri möguleikar fyrir nemendur að ljúka einingum og einhverju markmiði heldur en ef eingöngu er 5 eininga áfangi þar sem einungis 2 kennslustundir eru í viku hverri. Það var virkilega ánægjulegt að tilkynna nemendum þessa breytingu og nokkrir þeirra lönduðu sínum fyrstu 3 einingum, tveir kláruðu 5 einingar á öðru þrepi og einn lauk þriðja þrepi í teikningu, MYNL3TK05.

Það var gott andrúmsloft í tímum, léttur andi og gott spjall samhliða vinnu. Aldrei urðu nein vandræði í tíma, hvorki á milli mín og þeirra eða þeirra á milli.

4.8. Rafmagnsfræði

Á haustönninni stóðu nemendur sig vel, skiluðu öllum verkefnum nema einu, sem telst bara nokkuð gott.

Framan af vorum þeir bara í sambandi við kennara í gegnum tölvupóst en síðar á Skype. Þá urðu skamskiptin mun einfaldari og auðveldara var að leiðbeina. Kennari fann fyrir áhuga hjá þeim og þakklæti fyrir hvert skipti í Skype samtali. Nemendur voru fluttir á Kvíabryggju á miðri önn sem kom í veg fyrir möguleika kennara að hitta þá a.m.k. einu sinni, sem hefði verið gott.

Mjög mikilvægt er að veita þessum einstaklingum sem besta þjónustu í námi og er kennari tilbúinn að halda áfram að starfa með þeim, ef það er í boði.

4.9 Saga

Þrír nemendur luku söguáföngum skólaárið 2020-21, þar af tveir nemendur þremur áföngum hvor. Námið var byggt upp með verkefnafavinnu og lotuprófum. Nám þeirra gekk vel undir öruggri leiðsögn kennslustjóra. Þeir skiluðu góðum verkefnum. Sýndu framfarir í námi. Skiluðu ágætum prófum. Ljóst má vera að þetta nám gengur vel.

4.10 Stærðfræði / Grunnteikning

Stærðfræðinám á Litlahrauni á haustönn 2020 gekk vel. Margir nemendur luku við hluta af áföngum en aðeins tveir áfanga að fullu. Nemendur hafa margir sýnt miklar framfarir og er líklegt að einhverjir ljúki áföngum í upphafi næstu annar. Nokkuð hefur verið um það að nemendur sem hafa staðið sig vel hafa lokið afplánun eða verið fluttir í annað fangelsi áður en þeir hafa náð að ljúka áfanga.

Einnig hefur það aukist í stærðfræðinámi á Litlahrauni að nemendur eru þar í námi til að ná góðum tókum á einhverjum hluta stærðfræðinnar án þess að vera með það sérstaklega að markmiði að klára áfanga. Nemendur hafa jafnvel notað mikinn tíma til að ná betri tókum á efni áfanga sem þeir hafa lokið á fyrri önnum. Þessir nemendur hafa sýnt mikinn áhuga, verið vinnusamir og haft góð áhrif á aðra nemendur. Vinnuandi hefur verið góður og er það mat kennara að áhugi nemenda á stærðfræðinámi hafi aukist á síðustu önnum.

Áfangarnir sem kenndir voru á Sogni á haustönn 2020 voru grunnteikning (GRT1FA05) og stærðfræði (STÆR1AA05, STÆR1AJ05, STÆR2AF05 og STÆR2RU05). Einnig var einn nemandi í fjarnámi í tölvuteikningu (TEIK2HH05) í gegnum Innu. Fjöldi skráðra nemenda alla önnina var breytilegur, á bilinu 5-7 nemendur. Mætingin hjá þeim var þökkaleg í upphafi annarinnar en þegar á leið þá var hún orðin léleg, mættu 1-2 nemendur, oftast þó einn en tveir. Þessir tveir sem mættu best (annar var í 2 áföngum) voru duglegir í tímunum en ná samt ekki að klára sína áfanga á þessari önn. Sá sem er í fjarnáminu í TEIK2HH05 var mjög duglegur og lauk áfanganum með glans.

Áfangarnir sem nemendur voru skráðir í á vorönn 2021 voru grunnteikning (GRT1FA05) og stærðfræði (STÆR1AA05, STÆR1AJ05, STÆR2RU05, STÆR2AF05 og STÆR2HV05). Einnig voru tveir nemendur á Kvíabryggju í fjarnámi í gegnum Innu í fagteikningu húsasmíða (TEIK2HH05 og TEIK3HU05). Fjöldi skráðra nemenda yfir alla önnina var breytilegur, yfirleitt 6-7 nemendur og mættu þeir nokkuð vel alla önnina og voru ágætlega virkir í tímunum.

Nemendurnir í fjarnáminu fóru hægt af stað í verkefnavinnunni í upphafi annarinnar og voru mjög lítið virkir út önnina og skiluðu engum verkefnum. Skýr breyting varð á virkni þeirra vkið flutninginn á Kvíabryggju. Aðeins einn nemandi á Sogni kláraði sinn áfanga en hann var í STÆR2HV05. Þrátt fyrir strangar sóttvarnarreglur í skólum og fangelsum á skólaárinu þá mátti alltaf mæta í kennslu á Sogni með ákv. skilyrðum svo að aðeins einn tími féll niður vegna þessa.

4.11 Upplýsingatækni

Nokkur hópur nemenda skráði sig áhugasama um nám í upplýsingatækni og ákveðið var að bjóða upp á kennslu í greininni í staðnámi. Kennari kom einu sinni í viku á Litlahraun og kenndi í tölvuveri skólans.

Töluverðar hræringar voru í nemendahópnum en sjö nemendur voru nógu lengi við nám til að gangast undir námsmat. Aðeins tveir af þeim luku öllum skylduverkefnum, báðir með afbragðsárangri, en nokkrir eiga tiltölulega lítið eftir til að fá einingarnar sínar.

Þá er þess að geta að tækjabúnaður til kennslunnar var ófullnægjandi og tafðist að bæta úr því, en kennari leysti það með því að taka tvær tölvur úr FSu með sér og uppfæra tölvurnar á staðnum með viðeigandi forritum.

Óskandi væri að þessi kennsla öðlaðist fastan sess, þetta er afar hagnýtt nám „á gervihnattaöld“, og væri upplagt að bjóða upp á það líka í Sogni.

4.12 Þýska

Tveir nemendur stunduðu fjarnám í þýsku á vorönn. Luku þeir tveimur áföngum hvor. Um var að ræða tvo fyrstu áfangana. Verkefni og próf voru ýmist rafræn eða á pappír.

Námsbækur í þýsku eru vel upp byggðar og henta vel til fjarnáms. Í Innu er einnig mikið af efni sem notað er til viðbótar námbókum. Fjarnám veður þó aldrei eins og staðnám og eru leiðbeiningar kennara og talþjálfun, eðli málsins samkvæmt, þeir þættir sem helst verða útundan í fjarnámi en mest er þörfin fyrir slíkt í byrjunaráföngunum.

Hins vegar er mikið til af góðu hlustunarefni á netinu sem nýtist einkar vel í fjarnámi. Ekki hafa allir fangar jafnan aðgang að neti og setur það nemendum ákveðnar skorður.

Áhugavert verður að þróa áfram þýskukennslu í fangelsum. Vonandi sýna fleiri fangar þýskunni áhuga.

Náms- og starfsráðgjöf

Eins og verið hefur undanfarin misseri starfar náms- og starfsráðgjafi í 100% starfi við fangelsin á Litlahrauni, Sogni, Hólmsheiði og á Akureyri. 10% stöðugildi er í fangelsinu á Kvíabryggju. Náms- og starfsráðgjafi er 3x í viku á Litlahrauni, 2x í viku á Hólmsheiði og 1x í viku á Sogni.

Verkefni náms- og starfsráðgjafa eru fjölbreytt og mismunandi eftir fangelsum. Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa eru viðtöl við nemendur, skráning í nám innan og utan fangelsis, stuðningur í námi, námsferilsáætlanir, áhugasviðsgreiningar, prófseta og eftirfylgni. Fræðsla um náms og starfsval, ráðgjöf um vinnubrögð í námi og skipulag náms ásamt námstækninámskeiðum. Mikið og gott samstarf er við kennslustjóra, kennara, starfsfólk fangelsis, stofnanir og alla skóla sem nemendur í fangelsum eru skráðir í.

Í fangelsinu á Litlahrauni og á Sogni er rekinn skóli eins og margtítt hefur verið um en í fangelsinu á Hólmsheiði er enn lágmarksaðstaða til náms. Frá upphafi var ekki var gert ráð fyrir hefðbundnu skólanámi þar eins og verið hefur á Litlahrauni lengi.

Skráningar í fjarnám haustönn 2020 sem náms- og starfsráðgjafi sinnir sjást hér:

Skráningar í fjarnám:	Fangelsið Hólmsheiði	Fangelsið Litla-Hrauni	Fangelsið Sogni
Nám frá FÁ	6	1	1
Nám frá FSu	1		
Nám frá Keili	2		
Nám frá Prómennt	1		1
Nám frá Háskóla Íslands	1		1

Skráningar í fjarnám vorönn 2021 sem náms- og starfsráðgjafi sinnir:

Skráningar í fjarnám:	Fangelsið Hólmsheiði	Fangelsið Litla-Hrauni	Fangelsið Sogni
Nám frá FÁ	7	2	1
Nám frá FSu	2	Sjá hjá kennslustjóra	Sjá hjá kennslustjóra
Nám frá Keili	2	1	
Nám frá Prómennt	1	1	1
Nám frá Háskólanum í Reykjavík			2

Skráningar í fjarnám sumarönn 2021 sem náms- og starfsráðgjafi sinnir:

Skráningar í fjarnám:	Fangelsið Hólmsheiði	Fangelsið Litla-Hrauni	Fangelsið Sogni
Nám frá FÁ	6	8	3

Nám frá Keili		2	
Nám frá Prómennt			1
Nám frá Háskólanum í Reykjavík			1
Nám frá Háskóla Íslands			1

Sem fyrr fengu þeir nemendur sem þurftu hljóðbækur frá Hljóðbókasafni Íslands en bókasafnið krefst ekki greininga fyrir nemendur í fangelsum eins og almennt þarf.

Lokaorð

Segja má að skólaárið 20-21 hafi lengst af verið mjög góður andi í skólanum og gáfust lengri friðsælar lotur, þar sem námi var sinnt af kappi. Rekja má þetta að hluta til þess að í skólanum var gríðarlega kappsamur og áhrifamikill nemandi sem tvímælalaust dreif aðra áfram, bæði leynt og ljóst. Einnig hafði góð áhrif á skólahaldið að heimsóknabann var við líði og mun minni neysla í fangelsinu á Litlahrauni, sem í venjulegu árferði truflar mjög allt uppbyggilegt starf þar innan veggja.

Ánægjulegt var að fá á skólaárinu aftur til starfa sérkennara. Engum blöðum er um það að fletta að staða sérkennara er með þeim mikilvægustu í skólanum. Þá ber að fagna því að námsframboð var fjölbreyttara á vorönninni með tilkomu upplýsingatækni- og myndlistarkennslu. Vonandi er þetta fyrsta skrefið í stöðugri sókn skólastarfsins til betri vegar. Enn er þó beðið eftir auknu framboði verklegra áfanga.

Viðlok skólaárs þakkar undirritaður öllum viðkomandi kærlega fyrir afar gott og ánægjulegt samstarf. Það er uppörvandi að finna bæði meðal stjórnenda og samkennara skilning á mikilvægi þess starfs sem fram fer í skólanum í fangelsunum.

2.11 Náms- og starfsráðgjöf

Starfslið

Skólaárið 2020- 2021 störfuðu þrír náms- og starfsráðgjafar við skólann Agnes Ósk Snorradóttir í 75% stöðuhlutfalli, Anna Fríða Bjarnadóttir í 100% stöðuhlutfalli og Bjarney Sif Ægisdóttir í 50% starfshlutfalli. Auk þess var Bjarney í störfum við kennslu og umsjón grunnmenntabráar ásamt því að kenna einn áfanga í uppeldisfræði eftir áramót.

Símenntun, fundir og samstarfsverkefni

Náms- og starfsráðgjafar sátu tvo rafræna hádegisfyrirlestra frá Háskólanum í Reykjavík. Annar hét „Eru íþróttir barna orðnar að keppni fullorðinna“ og hinn bar heitið „Stelpur og ADHD“.

Anna Fríða og Bjarney hlustuðu á rafrænan fyrirlestur um málþroskaraskanir í haust

Agnes hlustaði á rafrænan fyrirlesturinn undir Bláhimni um áhrif nærumhverfis og náttúru á heilsu og líðan.

Agnes hlustaði á rafrænan fyrirlestur um stöðu drengja í skólakerfinu

Agnes sat réttindanámskeið fyrir áhugasviðskönnunina Bendil.

Agnes situr fyrir hönd námsráðgjafa í neyðarstjórn skólans sat fundi með þeim á skólaárinu.

Í lok janúar boðuðu námsráðgjafar alla námsráðgjafa í grunnskólum á Suðurlandi á rafrænan fund vegna fyrirhugaðra kynninga í grunnskóla svæðisins á námi í FSu. Ljóst var að breyting yrði á þessum kynningum í vetur vegna Covid og var það umræðuefni fundarins.

Í vetur funduðum við reglulega með sálfræðingum HSU sem að sinna nemendum okkar samkvæmt samstarfssamningi. Í vetur voru það Hrafnhildur og Silja.

Í vor funduðum við með Guðrúnu Svölu deildarstjóra fjölskyldusviðs Árborgar og Ingu Þórs, nýráðnum ungmenna og unglingaráðgjafa Árborgar. Við ræddum mögulegt samstarf með unglingaráðgjafa fyrir næsta skólaár.

Anna Fríða sat fund með fjölmenningsarteymi Árborgar þar sem kynnt var ný vefsíða og stöðumat fyrir nemendur af erlendum uppruna.

Á þessu skólaári funduðum við reglulega með Elínu skjalastjóra vegna GoPro.

Móttökuviðtöl við nemendur með íslensku sem annað móðurmál

Samkvæmt reglugerð um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku eiga framhaldsskólar að vera með móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Í haust kom einn nemandi í innritunarviðtal. Frá og með vori 2021 færast móttökuviðtöl til umsjónarmanns nemenda með annað móðurmál. Sá umsjónaraðili hefur sent grunnskólum póst vegna þessa nemendahóps.

Eftir áramót sat Bjarney námsráðgjafi tvo teymisfundi vegna nemanda með annað móðurmál í íslensku sem að kemur til okkar í FSu næsta skólaár. Á teymisfundunum var verið að staðsetja hann í námi hér í FSu.

Skiptinemar. Í vetur voru 2 skiptinemar á vegum AFS í skólanum og aðstoðuðum við námsráðgjafar við að staðsetja þau í námi og velja áfanga eftir áhugasviði.

Áhugasviðskannanir

Á skólaárinu voru tveir nemendur sem óskuðu eftir að taka áhugasviðskönnunina í leit að starfi. Áhugasviðskannanir hafa ekki verið auglýstar sérstaklega undanfarin ár sem skýrir að hluta hvers vegna eftirspurnin er ef til vill ekki meiri. Fimmtán nemendur tóku áhugasviðskönnunina IDEAS. Margir taka áhugasviðskannanir við lok grunnskóla áður en þeir hefja nám í framhaldsskóla. Fleiri nemendur komu í viðtal til náms- og starfsráðgjafa vegna vangaveltna um val á námi og framtíðarhugmyndum um vali á námi og störfum.

Nýjungar

Agnes tók þátt í því að umbreyta svæðinu fyrir framan stofu 201 í notalega lærdómsaðstöðu sem að notalegt er að læra í og sérstaklega fyrir hópvinnu, enda tengist stofan kennslustofu nýnemaáfanganna FÉLA og UMHV. Námsráðgjafa langaði að nýta þetta huggulega námsumhverfi betur og buðu upp á „opna vinnustofu“ í miðvikudagsgötum á haustönn (fram að skólalokun). Þá voru námsráðgjafar á staðnum og buðu fram aðstoð sína ásamt því að nemendur fengu notalegt rými til að læra. Það er von okkar að svona vinnustofa – heimanámsaðstoð sé komin til að vera nemendum til stuðnings.

Samband íslenskra framhaldsskólanemenda óskaði eftir því að allir skólar myndu tilnefna tengilið úr stoðþjónustu skólans. Agnes tók það hlutverk að sér. Sem leið til þess að auka sýnileika stoðþjónustu skólans í Covid faraldrinum útbjó Agnes svokallað padlet, þar sem stoðþjónusta skólans var kynnt á myndrænan hátt, auk ýmissa heilræða og leiðbeininga. Áhersla var lögð á aukið aðgegi að upplýsingum fyrir nemendur.

Bjarney bjó til kennslumyndband fyrir nemendur sem sýnir hvernig nemendur velja áfanga í Innu og hvað þarf að hafa í huga við valið. Bragakennarar og umsjónakennarar gátu einnig nýtt sér myndbandið og sent á nemendur sína. Þetta myndband var búið til í haust þegar skólinn var lokaður vegna covid og valvikan fór fram. Myndbandið er aðgengilegt nemendum inn á Innu undir – aðstoð.

Námsráðgjafar báðu Silju sálfræðing um að búa til rafrænan fyrirlestur fyrir nemendur um „líðan í heimsfaraldri“. Fyrirlesturinn var settur inn í nóvember. Námsráðgjafar auglýstu fyrirlesturinn sem er aðgengilegur á Innu undir aðstoð.

Í janúar fór Vinnumálastofnun af stað með nýtt úrræði til þess að mæta auknum fjölda atvinnuleytenda. Náms er tækifæri heitir úrræðið. Hér í FSu var settur á kvöldskóli í verklegum greinum í húsasmíði og rafvirkjun sem liður í þessu úrræði. Bjarney sat fundi með skólameisturum og starfsmönnum Vinnumálastofnunar vegna þessa úrræðis og í framhaldinu tók Agnes við og varð tengiliður skólans við þetta verkefni og kvöldskólanemendur. Hún setti sig í samband við nemendur og veitti ráðgjöf varðandi mat á námi og námsframvindu.

Í vor bjuggu námsráðgjafar til „pepp-miða“ og fengu leyfi hjá Elínu á bókasafninu til að hengja þá upp á vinnuborð nemenda í „básana“. Þannig voru útbúnir 9 mismunandi „post-it“ miðar með ólíkum jákvæðum skilaboðum. Þessi spjöld voru einnig prentuð út í stærri útgáfu og hengd á upplýsingatöflur á 1. og 3. hæð skólans. Í vetur voru ýmskonar „veggspjöld“ útbúin með ýmsum upplýsingum og heilræðum fyrir nemendur og birt á samfélagsmiðlum.

Eftir ábendingu ákváðum við að sýna stuðning fyrir LGBTQ+ nemendur meira áberandi og settum upp „regnboga skraut til þess að auka á sýnileikann.

Á þessu þessu skólaári skráðum við inn í GoPro skjalastjórnunarkerfið greiningar frá öllum skráðum nemendum skólans auk þess sem við erum smám saman að bæta inn fleiri skjölum, t.d. tengdum kynningarmálum, fundargerðir og fleira.

Undir lok skólaárs fengu námsráðgjafar leyfi til þess að setja upp auglýsingar með heilræðum og fleiru á upplýsingaskjá nemenda og pin to mind appið. Það verður gaman að þróa það áfram á næsta skólaári.

Á vorönninni tóku námsráðgjafar saman algengar spurningar og svör við þeim sem að birt var á heimasíðu skólans (forsíðan).

Á þessu skólaári byrjuðu námsráðgjafar að skoða nýtt fyrirkomulag fyrir tímapantanir hjá námsráðgjafa, rafrænt tímapöntunarkerfi. Booking í office 365 sem að virðist einfalt í notkun. Vonandi tekst okkur að taka það í notkun á næsta skólaári.

Kynningarstarf og heimsóknir

Kynningarstarf náms- og starfsráðgjafa er fjórþætt: Kynningar innan skólans og á vegum hans, háskólakynningar, heimsóknir í grunnskóla og móttaka grunnskólanema sem koma í heimsókn. Að auki eru ýmis óregluleg verkefni sem tilheyra þessum flokki.

Foreldrafundur

Foreldrakynningin var haldin rafræn í ár vegna Covid og Agnes kynnti námsráðgjöfina fyrir foreldrum á þessum fundi.

Íslenskir háskólar

Háskóladagurinn var alfarið rafrænn í ár og kynntu námsráðgjafar viðburðinn fyrir nemendum FSu.

Kynningar fyrir nemendur FSu

Námsráðgjafar höfðu milligöngu um kynningu frá þremur aðilum á þessu skólaári.

Dale Carnegie bauð nemendum FSu upp á 75 mínútna „live online“ vinnustofu í nóvember þar sem farið var yfir markmið, minnistækni, samskipti og fleira.

Nord University í Noregi sem kennir aðþjóðlegt nám í tölvuleikjahönnun og sjónvarpsefnið- og kvikmyndaframleiðslu hélt rafræna kynningu fyrir nemendur FSu í mars.

Rannís hélt rafræna kynningu fyrri nemendur FSu í maí þar sem kynnt voru tækifæri til náms og þjálfunar erlendis í gegnum Erasmus+ áætlunina.

Kynningar fyrir grunnskóla

Náms- og starfsráðgjafar kynntu FSu fyrir grunnskólum á Suðurlandi. Vegna covid fór kynningin fyrir Grunnskólana á Kirkjubæjarklaustri, Vík, Hvolsvelli, Hellu og á Laugarlandi fram í gegnum TEAMS.

Opið hús

Í mars var opið hús í FSu. Opið hús er ætlað sérstaklega fyrir foreldra og forráðamenn 10. bekkings. Þar gefst tækifæri til þess að skoða skólann og kynna sér hvað hann býður uppá. Líkt og áður var opið hús tengt áfangamessu skólans sem haldinn er í salnum daginn eftir. Á Opnu húsi gafst gestum því færi á að hitta fleiri kennara en áður og kynna sér áfanga og námsgreinar. Undanfarin misseri hefur áfangamessan (sem er fyrir núverandi nemendur skólans og miðar að því að kynna áfanga í boði) verið nýtt á Opnu húsi. Það hefur gefist vel og var mikil framför á sínum tíma. Námsráðgjafar velja fyrir sér hvort ekki þurfi að leggja meiri áherslu á kynningu á brautum og sérstöðu skólans á Opnu húsi. En Opið hús hefur það að markmiði að kynna skólann og brautarframboð fyrir 10. bekkjum. Það mætti jafnvel líka leggja meiri áherslu á brautir á áfangamessu þar sem núverandi nemendur skólans eru ekki endilega með það á hreinu hvaða brautir skólinn býður uppá.

Að auki tóku náms- og starfsráðgjafar á móti einstaklingum á skólaárinu sem komu til að kynna sér skólann og námsframboð hans.

Greiningalisti

Nemendur á greiningarlista, það er nemendur við skólann sem skilað hafa inn greiningum voru 149 á haustönn en 151 á vorönn. Ekki er eingöngu um nemendur með námsörðugleika að ræða heldur einnig nemendur sem mikilvægt er að hafa yfirlit yfir s.s. nemendur með bráðaofnæmi og fleira en sá hópur er samt sem áður ekki stór.

Þegar nemandi skilar inn greiningu, skráir náms- og starfsráðgjafi það í Innu, Excel og í Go Pro ásamt því að afrit af gögnum eru geymd í skjalaskáp. Mikilvægt er að þessar upplýsingar komist sem fyrst til kennara viðkomandi nemenda. Upplýsingar um greiningar eru skráðar í athugasemdir í Innu og fara sjálfkrafa á hópalista kennara. Komi nýjar greiningar í hús eftir að skólastarf byrjar, eru kennarar látnir vita af því sérstaklega. Með þessu móti er tryggt að kennarar hafa upplýsingarnar nálægar og þær eru vel sýnilegar fyrir kennarana. Allir nemendur á greiningarlista, og forráðamenn þeirra ef nemandi er undir 18 ára aldri, fá sendan tölvupóst þegar líður að prófatíma til að minna á að sækja um sérúrræði fyrir próf.

Tilhliðrun í prófum

Náms- og starfsráðgjafar auglýstu til nemenda á greiningarlista hvenær og hvernig sækja þurfi um sérúrræði á prófatíma í desember. Sérúrræði á prófatíma eru skráð beint í Innu. Nemendur geta sótt um sjálfir, eða með aðstoð náms- og starfsráðgjafa sem síðar þarf að samþykkja umsóknina. INNA hefur ekki alveg unnið með okkur hvað varðar skráningu sérúrræða og aðgengi kennara að þeim. Prófstjóri tekur saman sérúrræðin og vinnur við að koma þeim í framkvæmd, í samvinnu við kennara.

Náms- og starfsráðgjafar senda jafnframt vinsamleg tilmæli til allra kennara skólans um að taka tillit til nemenda á greiningarlista eins og kostur er í símatsáföngum.

Opin vottorð

Eitt af verkefnum náms- og starfsráðgjafa er að halda utan um nemendur sem eru með opin vottorð vegna langvarandi veikinda sem hafa áhrif á skólagöngu þeirra og mætingar. Nemendur skila inn opnu vottorði til náms- og starfsráðgjafa og skrá veikindi í Innu þá daga sem þeir geta ekki mætt í skólann vegna veikinda sinna, eða forráðamenn í þeim tilvikum þar sem um er að ræða nemendur yngri en 18 ára. Veikindi eru skráð jafnóðum fyrir hvern dag. Náms- og starfsráðgjafar sjá um að merkja viðkomandi nemanda með opið vottorð í Innu.

Þessi flokkun gefur aðeins vísbendingar því að flokkarnir geta skarast talsvert. Til dæmis geta langvinn veikindi líka verið andleg. Í töflunni hér að neðan eru ástæðurnar sem eru gefnar upp á opnu vottorðunum:

	H'20 KVK	KK		V'21 KVK	KK
Ástæður					
Andleg veikindi	1	0		5	2
Líkamleg/andleg veikindi	1	0		0	1
Líkamleg veikindi	9	4		7	3
Mígreni	0	0		1	0
Aðrar ástæður	8	1		9	1
Fjöldi	19	5		22	7

	Haut'20	Vor'21
Samtals opin vottorð	24	29

Sálfræðipjónusta

Á þessu skólaári gerðu námsráðgjafar 42 tilvísanir til sálfræðinga HSu sem að sinntu nemendum skólans í samræmi við samstarfssamning. Biðtími eftir viðtalstíma hjá sálfræðing varð langur sérstaklega eftir áramótin. Undir lok vorannar þurftu námsráðgjafar að hætta að gera tilvísanir vegna þess að ljóst var að sálfræðingar næðu ekki að sinna fleiri skjólstæðingum fyrir skólalok.

Á þessu skólaári komu einnig upp nokkur barnaverndarmál sem að þurfti að tilkynna til barnaverndar.

Tilvísanir og samskipti við stofnanir og sérfræðinga utan FSu

Náms- og starfsráðgjafar áttu í samskiptum við eftirfarandi stofnanir og sérfræðinga:

- Barnavernd.
- Barnahús
- Barna- og unglingageðdeild Landspítalans (BUGL)
- Birta starfsendurhæfing
- Félagsmálayfirvöld
- Fjölmenningateymi Árborgar
- Fósturheimili á vegum félagsmálayfirvalda
- Heilsugæslan
- Sjónarhóll

- Vinnumálastofnun
- Prestur
- Lögreglan

Kannanir

Námsráðgjafar lögðu tvær kannanir fyrir nemendur á skólaárinu. Í október var lögð fyrir könnun sem bar yfirskriftina Könnun á námi og líðan nemenda í bóklegum áföngum og á vorönn lögðum við fyrir könnunina: Könnun fyrir nemendur vor 2021, þar sem spurt var m.a. um nýju stokkatöfluna (fleiri tvöfalldar kennslustundir). Námsráðgjafar tóku saman niðurstöður úr fyrri könnuninni en sjálfsmathópurinn tók saman niðurstöður úr seinni könnuninni.

Viðtöl

Skráning viðtala hjá náms- og starfsráðgjafa er vinnuregla sem yfirleitt tekst að hafa í heiðri. Upplýsingar um fjölda viðtala standa þó einungis fyrir fjöldanum, en ekki því sem fer fram í viðtalinu. Stundum eru heimsóknir nemenda stuttar og um afgreiðslumál er að ræða eða vísanir á aðra starfsmenn skólans. Önnur viðtöl taka lengri tíma, þarfnast úrvinnslu og eftirfylgni og í kjölfarið undirbúnings og fleiri viðtala við nemendur. Oft þarf ráðgjafi að afla sér upplýsinga hjá mörgum aðilum við undirbúning og vinnslu slíkra viðtala. Ekki má gleyma símtölum, viðtölum við kennara, foreldra og aðra sem er líka stór þáttur í starfinu. Einnig eru ráðgjafar í margvíslegri undirbúningsvinnu t.d. fyrir námskeið, fundi og annað sem óskað er eftir. Við teljum því að upplýsingar um fjölda viðtala gefi ekki rétta mynd af starfi náms- og starfsráðgjafa.

Þegar skólanum var lokað í haust vegna covid tóku námsráðgjafar viðtöl í gegnum síma eða á Teams. Eitthvað var um það að ráðgjafar tóku teamsviðtöl við nemendur eftir að skólinn opnaði aftur. Þau viðtöl voru þá við nemendur sem af einhverjum ástæðum gátu ekki mætt í skólann.

Önnur verkefni

Ýmis verkefni náms- og starfsráðgjafar eru einstök og tilfallandi og falla ekki undir ákveðinn kafla. Til dæmis eftirfarandi atriði. Náms- og starfsráðgjafar:

- Uppfærðu og viðhéldu framboði upplýsingabæklinga um háskólanám sem í boði er á Íslandi, auk upplýsinga um starfsnám og sýnishornum af erlendum skólum.
- Uppfærðu glærukynningu fyrir kennara þar sem fram koma upplýsingar um greiningar sem algengar eru meðal nemenda og hvernig er hægt að koma til móts við þarfir nemenda með þessar greiningar.
- Vorum beðnar um að hringja í nemendur sem sótt höfðu um í Tækniskólanum en fengið höfnun. Þetta kom til vegna þess að til stóð að bjóða upp á nám í tækniteiknun, húsasmíði og rafvirkjun í kvöldskóla til að koma til móts við aukið atvinnuleysi í samvinnu við Vinnumálastofnun. Þetta verkefni var á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytis. Þetta var dálítið skrítið verkefni þar sem þessir nemendur bjuggu út um allt land og huggðust flestir alls ekki stunda nám á Selfossi, því kom lítið út úr þessum hringingum.
- Uppfærðu facebook og instagram síður fyrir náms- og starfsráðgjöf FSu þar sem sett voru vikulega eða oftar ýmis heilræði og ábendingar og einnig er hægt að senda skilaboð þar með beiðni um viðtal eða fyrirspurnir.
- Aðstoðuðu og komu að innritun eldri nemenda og nýnema sem eru að koma úr grunnskóla gegnum menntagátt, bæði haust og vor meðan opið er fyrir umsóknir um skólavist.
- Voru eins og áður milligöngumenn nemenda með greiningu vegna hljóðbóka og talgerfla sem þeir eiga rétt á að fá frá Hljóðbókasafninu.
- Voru í stundatöflubreytingum.
- Breyta vali nemenda vegna niðurstöðu prófa á haustönn.

- Agnes er í Neyðarstjórn skólans fyrir hönd náms- og starfsráðgjafar.
- Unnu við innleiðingu GoPro skjalastjórnunarkerfið í samvinnu við Elínu sem umsjónaraðili þess hér innan skólans.
- Lögðu fyrir tvær kannanir
- Buðum uppá rafrænt námskeið í samstarfi við Dale Carnegie.
- Uppfærðum glærusýningu annarlok fyrir Braga hópana.

Umræður og lokaorð

Í síðustu ársskýrslum hefur okkur verið tíðrætt um aðstöðu náms- og starfsráðgjafa í skólanum. Við höfum núna tvær skrifstofur á þriðju hæð og eina skrifstofu út í Hamri. Skrifstofunni út í Hamri deilum við með sálfræðingunum. Með því leysist vandinn ekki að fullu þar sem við höfum að sjálfsögðu ekki aðgang að skrifstofunni þegar sálfræðingarnir eru að nýta hana. Við erum þá að hluta til enn í þeim sporum að hafa ekki aðstöðu þegar við erum í undirbúning eða þegar við höfum ekki aðgang að skrifstofu þegar námsráðgjafastofurnar eru í notkun.

Í haust var nýnemadagur á sama tíma og töflubreytingar fyrir nemendur. Við sendum ábendingu til stjórnenda um að þetta fyrirkomulag væri ekki gott þar sem við erum uppteknar í að taka á móti nýnemum. Best er að hafa nýnemadaginn fyrst og töflubreytingar daginn eftir. Af ýmsum ástæðum þurfa nýnemar stundum líka að breyta sínum töflum og það skapar óöryggi og stress þegar að þeir upplifa að þeir séu búnir að missa af töflubreytingardeginum. Þegar nýnemadagurinn var upphaflega settur á laggirnar var það til þess að mæta kvíðnum nýnemum betur og bæta aðlögun þeirra í nýjum skóla og á nýju skólastigi. En niðurstaða úr könnun um einelti leiddi það í ljós að nýnemar og sérstaklega stelpur væru kvíðnar fyrir því að byrja í skólanum. Það skýtur því skökku við að þessum nemendahópi sé ekki gert kleift að vinna í og breyta stundartöflunum þar sem ætlast er til að þeir mæti á nýnemadag.

Við höfum töluvert velt fyrir okkur hvernig betur má styðja bæði kennara og nemendur í tengslum við valvikurnar, þegar nemendur velja áfanga fyrir næstu annir. Einnig höfum við hugsað um hvernig hægt er að auka tengingu nemenda við sinn umsjónakennara. Með þetta í huga sendum við hugmynd vegna braga fyrir næsta skólaár á sviðsstjóra og stjórnendur í lok janúar. Hugmynd okkar er sú að braganemendum verði skipt í hópa eftir námsbrautum og að kennari á þeirri braut verði bragakennarinn. Þannig teljum við að efla mætti báða þessa þætti, þ.e. gera valið markvissara þar sem að faggreinakennarar þekkja sína braut og þurfa ekki að setja sig inn í allar námsbrautir skólans, ásamt því að þannig teljum við að betri tenging og skuldbinding náist milli umsjónarkennara (bragakennara) og braganemenda. Við teljum að þetta verði hugmynd sem að áhugavert væri að prófa í eitt skólaár og vonum að vel verði tekið í hugmyndina, en við höfum þó ekki fengið nein viðbrögð við henni.

Við teljum að það sé mikilvægt að gera átak í að efla kynningarmálin hér innan skólans, bæði hvað varðar skólann sem heild og þær námsbrautir sem í boði eru við skólann. Langflestir skólar hafa útbúið mjög flott kynningarmyndbönd og við þurfum að passa okkur að sitja ekki eftir í þessum efnum og fá fagaðila í lið með okkur til að vinna þessa vinnu. Við brennum fyrir þessu málefni þar sem kynningar fyrir grunnskólanemendur hafa verið á okkar könnu. Við funduðum með skólastjórnendum og kynntum okkar hugleiðingar í þessum málaflokki.

Síðastliðin skólaár hefur skólinn verið með samstarfssamning við HSU um sálfræðipjónustu fyrir nemendur skólans. Nú er sá samningur á enda og óvissa hvernig sálfræðipjónustu fyrir nemendur skólans verður háttað á næsta skólaári. Mikilvægt er að þessi mál skýrist sem fyrst. Ekki síst þar sem afleiðingar af covid eiga eftir að koma enn betur í ljós. Þörfin fyrir sálfræðipjónust er mikil. Okkar skoðun er sú að best væri ef sálfræðingur væri ráðinn við skólann. Sálfræðingur sem ráðinn væri við skólann gæti nýst vel í öðrum verkefnum en viðtölum eins og t.d með námskeiðum og stuðning við starfsfólk. Persónulegur vandi nemanda virðist vera vaxandi. Við sjáum það á mikilli aðsókn í sálfræðiaðstoð auk þess sem tilkynningum til barnaverndanefnda hefur fjölgað mikið.

Við teljum mikilvægt að koma á frekari stuðningsúrræðum fyrir nemendur skólans. Við höfum skoðað hvað aðrir framhaldsskólar bjóða upp á í þeim efnum. Flestir framhaldsskólar eru með eitthvað úrræði til þess að styðja við nemendur í námi. Það sem við myndum vilja sá er einhverskonar námsver sem er opið til dæmis hálfan daginn 2-3x í viku þar sem nemendur geta mætt og fengið námsaðstoð frá kennurum og einnig úrræði í formi jafningjafræðslu. Í tilraunastarfi mætti skoða að hafa námsaðstoð fyrir kjarnagreinar þar sem stærðfræði, ensku, dönsku og íslenskukennari séu til aðstoðar. Sem leið til þess að mæta þessu ákváðum við námsráðgjafar að taka af skarið og bjóða upp á „opna vinnustofu“ fyrir framan stofu 201 á miðvikudögum. Þetta náðum við að bjóða upp á í nokkrar vikur í haust áður en að loka þurfti skólanum vegna Covid. Það er okkar von að skólinn sjái hag sinn í að taka við boltanum og útfæra námsaðstoð þar sem kennarar geta aðstoðað nemendur. Reglulegir stoðtímar í stærðfræði var góð framkvæmd í þessa átt í vetur og vonandi verður framhald á þeim og útvíkkun yfir í fleiri námsgreinar, þverfagleg námsaðstoð fyrir nemendur. Mikilvægt er að átta sig á því að breytingar taka tíma til þess að festa sig í sessi og mikilvægt að hafa þolinmæði að vopni þegar nýjar leiðir eru reyndar.

Til þess að styðja við nemendur með námserfiðleika teljum við mikilvægt að sérfræðingur á sviði sérkennslu hafi þennan málaflokk undir sinni umsjón. Um 20% nemenda okkar hafa skilað inn greiningum um námserfiðleika (fyrir utan nemendur á sérnámsbraut) svo það er töluvert hátt hlutfall nemenda skólans sem fellur undir þennann málaflokk. Nemendur eiga rétt á að fá þá þjónustu sem þeim ber, af þar til hæfum sérfræðingi. Sumir skólar hafa t.d. sérstakan dyslexíu ráðgjafa sem nemendur með lestrarerfiðleika geta leitað til. Einnig teljum við að í ljósi þessa stóra nemendahóps sem hér um ræðir, sé nauðsynlegt að kennarar hafi aðgang að þar til hæfum sérfræðingi til skrafs og ráðagerða um þjónustu við ólíka nemendahópa. Námsver gæti einnig gagnast þessum hópi vel, þar sem þeir gætu fengið auka stuðning við nám sitt.

Nemendur með annað móðurmál eru okkur ofarlega í huga í þessari árskýrslu eins og áður. Okkur finnst að það vanti markvissari stefnu í þeim málum. Okkur finnst ekki góðar heimtur á upplýsingum frá grunnskólum, þrátt fyrir að við óskum eftir þeim. Tungumálaörðugleikar nemenda með annað móðurmál en íslensku geta valdið því að þeir eiga í erfiðleikum með að standast námskröfur og ljúka skilgreindum námsbrautum. Þessi nemendahópur þarf fjölbreyttari námstilboð og meiri stuðning í námi, til dæmis varðandi ritgerðarvinnu og verkefnaskil. Nauðsynlegt er að þessi hópur fái markvissari umsjón í skólanum og skilgreina þarf hlutverk starfsfólks betur. Lykilatriði er að leggja meiri áherslu á aukna íslenskukennslu með áherslu á samskipti, kennsluumhverfið þarf að bjóða upp á það auk þess sem nemendur þurfa aukna aðstoð við heimanám, yfirlestur á verkefnum og fleira. Námsver með áherslu á þennan málaflokk, líkt og t.d. finna má í MH væri framfaraskref. Einnig vantar frekari stuðning við félagslega aðlögun, til dæmis með mentora hlutverki eða liðveislu jafningja. Á þessum málaflokki eru breytingar í sjónmáli sem við bindum miklar vonir til.

Námsmat hefur aðeins verið okkur í huga þetta skólaár. Það virðist vera þannig að lokapróf eru haldin í sumum greinum í síðustu kennsluviku en ekki á prófatíma. Nemendur hafa mikið að gera í verkefnaskilum og kaflaprófum svo það er mikið álag á þau að taka lokapróf (próf úr miklu efni) í síðustu kennsluviku. Að okkar mati þyrfti að skerpa á þessu. Einnig hefur borið á því að nemendur geti ekki sinnt eða klárað verklega áfanga í síðustu kennsluviku þar sem álag vegna lokaprófa í öðrum áföngum er mikið. Þróunin í einhverjum áföngum er því sú að fyrri prófavikan fer undir verkefnavinnu í verklegum fögum. Einnig hefur borið á að nemendur fá að vita með mjög litlum fyrirvara hvort þeir eigi að fara í lokapróf eða ekki, t.d. á síðasta kennsludegi (föstudagur) varðandi próf á mánudegi. Mikilvægt er að nemendur sem að þurfa að fara í lokapróf fái síðustu kennsluviku með kennara í upprifjun á námsefni vetrarins og undirbúning undir lokapróf. Í þessum hópi eru t.d. nýnemar sem að hafa aldrei farið í lokapróf áður og vita ekki hvers þeir eiga að vænta né hvernig undirbúningi skuli háttað.

Covid hafði mikil áhrif á starf námsráðgjafa þetta skólaár. Í haust var skólinn lokaður í nokkar vikur og reyndi mjög á að finna leiðir til að geta stutt við nemendur svo þeir héldust í námi. Margir kennarar höfðu samband við okkur vegna nemenda sem að þeir höfðu áhyggjur af að væru óvirkir í náminu. Það gekk vel að ná í okkur símleiðis og

nemendur voru þakklátir með að fá símtal frá skólanum í þessari skólalokun. Margir foreldrar höfðu einnig samband og leituðu eftir stuðningi hjá okkur.

Í draumaskólanum okkar er framsýn og leiðandi stuðningsþjónusta sem inniheldur náms-og starfsráðgjafa, kennsluráðgjafa (sérkennari fyrir nemendur og kennara), sálfræðing, fjölmennningarfulltrúa, skólahjúkrunarfræðing og tómstunda- og félagsmálafræðing sem myndi m.a. sinna starfi félags-og forvarnarfulltrúa. Með þannig þjónustu væri komið til móts við námslegar, líkams-, félags-og tilfinningarlegar þarfir nemenda. Nemendur hefðu jafnari tækifæri til náms.

2.12 Grunnmenntabré

Umsjón: Bjarney Sif Ægisdóttir

Inngangur

Grunnmenntabré (GRB) hefur verið starfrækt, með því fyrirkomulagi sem hún byggir á í dag, í fimm skólaár. Fyrstu tvö skólaárin var verkefnið þróað og fjármagnað með styrkveitingu frá Menntamálaráðuneytinu sem leið til þess að sporna við brotthvarfi. Þegar átaksverkefninu á vegum ráðuneytisins lauk ákvað skólinn að halda verkefninu áfram að einhverju leiti, en stöðugildi umsjónarmanns (sem í upphafi voru tveir) hefur verið minnkað töluvert.

Markmið grunnmenntabráar eru meðal annars að aðstoða nemendur við að byggja upp trú á eigin getu og seiglu í námi, auk þess að efla sjálfsmynd og sjálfsskilning þeirra. Nemendur eru fræddir um mismunandi leiðir í menntakerfinu og aðstoðaðir við að marka sér stefnu í námi og starfi. Til þess að uppfylla þessi markmið voru þróaðir áfangarnir NÁSS1GA05 (haustönn) og NÁSS1GB05 (vorönn). Áfangarnir eru skylduáfangar á grunnmenntabré. Í þessum áföngum er áhersla lögð á kennslu í námstækni, sjálfsstyrkingu og starfsfræðslu. Kennsla í þessum efnisþáttum fer fram 2x í viku og 2x í viku eru nemendur í heimanámsaðstoð, þar sem þeir fá sérstakan stuðning í námi. Í heimanámsaðstöðinni eru tveir kennarar þar sem að minnsta kosti annar þeirra er umsjónaraðili grunnmenntabráar. Með þessu móti kynnist umsjónaraðili brautarinnar námsstíl nemenda og hefur góða yfirsýn á námsframvindu nemenda á brautinni.

Brautarstjórn og sérstaða brautar

Verksvið umsjónaraðila grunnmenntabráar er að halda utan um brautina, eiga regluleg samskipti við nemendur, kennara og forráðamenn nemenda, þróa námsbrautina og meta árangur námsins. Einnig fylgist umsjónaraðili reglulega með mætingu nemenda á brautinni og kemur upplýsingum þar að lútandi til forráðamanna og nemenda. Brautarstjóri hittir nemendur í fylgd með forráðamönnum við upphaf náms (vorið áður eða um haustið) þar sem markmið og fyrirkomulag náms á grunnmenntabré er kynnt, farið er yfir skólasóknarreglur, stöðu nemenda og mikilvægar persónulegar upplýsingar. Utanumhald með nemendum felur einnig í sér símtöl og viðtöl við forráðamenn og nemendur, teymisfundi og fleira, en reynslan sýnir að þörfin er mismikil milli nemenda.

Umsjónaraðili með grunnmenntabré skólaárið 2020-2021 var Bjarney Sif Ægisdóttir. Nýnemar og nemendur sem eru nýir á grunnmenntabré, en koma af sérnámsbraut skólans voru í sérstöku utanumhaldi í áföngunum NÁSS1GA05 (haust) og NÁSS1GB05 (vor). Vegna fjölda nemenda voru tveir námshópar í hvorum hóp á haustönninni. Eftir áramót voru hóparnir sameinaðir í einn stærri hóp. Þess má geta að fleiri nemendur eru skráðir á grunnmenntabré, en það eru nemendur sem hafa áður verið í sérstöku utanumhaldi og lokið NÁSS áföngunum en uppfylla ekki inntökuskilyrði á aðrar brautir skólans.

Námsframvinda nemenda haustönn 2020

Haustið 2020 hófu 22 nemendur nám á grunnmenntabré. Nemendahópurinn sem var í sérstöku utanumhaldi í áfanganum NÁSS1GA05 samanstóð af 17 nýnemum og fimm eldri nemendum, þar af þrír sem að höfðu stundað nám

á sérnámsbraut en voru að færa sig yfir í almennt nám. Vegna fjölda nemenda voru tveir hópar í NÁSS áfanganum. Einn nemandi hætti námi á önninni (nýnemi), en hann hafði nánast aldrei mætt og því má segja að hann hafi ekki gefið náminu tækifæri.

Þessir 21 nemendur sem að luku námi á haustönn 2021 voru samtals skráðir í 652 einingar og luku 482 einingum eða 74% af þeim einingum sem þeir voru skráðir í.

Námsframvinda nemenda vorönn 2021

Á milli anna hætti einn nemandi námi og annar nemandi (eldri) valdi að hætta í NÁSS áfanganum og sérstöku utanumhaldi. Á vorönn bættust tveir nemendur við nemendahópinn á grunnmenntabré. Einn sem að hugðist ljúka námi af grunnmenntabré og útskrifast frá skólanum undir lok vorannar og annar nemandi sem að hafði tekið sér fri frá námi eftir grunnskóla.

Við upphaf vorannar voru því 21 nemendur í sérstöku utanumhaldi í NÁSS1GB05 áfanganum. Í samráði við stjórnendur var tekin sú ákvörðun að sameina námshópana sem að höfðu verið tveir á haustönn yfir í einn á vorönn. Fjórir af þessum nemendahópi hættu í skólanum á vorönninni, en þessir nemendur áttu erfitt með mætingar af ýmsum ástæðum. Það voru því 17 nemendur sem voru í sérstöku utanumhaldi alla önnina og kláruðu vorönn 2021

Nemendurnir 21 voru skráðir í 498 einingar í upphafi annar og stóðust 399 einingar við annarlok, eða 80% af þeim einingum sem lagt var upp með. Það er gaman að vekja athygli á því að 8 nemendur náðu öllum sínum einingum og 3 nemendur til viðbótar náðu öllum sínum einingum nema einum áfanga. Einn nemandi útskrifaðist af grunnmenntabré og úr FSu eftir vorönn 2021. 14 nemendur ná að uppfylla inntökuskilyrði inn á aðrar brautir eftir önnina og þar með ljúka námi á grunnmenntabré við lok vorannar 2021.

Þegar horft er fram á næsta skólaár, þá eru líklegt að tveir nemendur haldi áfram námi á grunnmenntabré og styrkja færni sína í kjarnagreinum. Fjórir nemendur stefna á stúdentsbraut, bóknaðsleið. Tveir nemendur stefna á stúdentbraut, listalínu. Þrír nemendur sækja um á húsasmíðabraut, tveir í vélvirkjun, einn á sjúkraliðabraut. Einn nemandi stefnir á nám í leikskólaliða.

Umræður og framtíðarsýn

Skólaárið 2020-21 var eins og flestir vita mjög sérstakt ár. Skólinn var lokaður stóran hluta haustannar svo það voru krefjandi aðstæður að reyna að viðhalda þeim stuðningi og aðhaldi sem nemendur á grunnmenntabré hafa fengið við hefðbundið skólahald. Það reyndi mjög á sjálfstæð vinnubrögð nemenda í fjarkennslunni og það var erfitt að veita heimanámsaðstoð og námsstuðning í gegnum fjarkennslubúnað þó vissulega höfum við reynt okkar besta með samtali við nemendur í gegnum Teams. Það var ekki mikið brotthvarf frá námi af nemendum grunnmenntabráar á haustönn en fleiri hættu námi á vorönninni þegar staðkennslan byrjaði aftur. Á því geta verið ýmsar skýringar, t.d. að sumum nemendum hentaði betur að vera í fjarkennslu, aðrir voru kannski búnir með námskraftinn og öðrum reyndist erfitt að mæta.

Á þessu skólaári var námshópurinn í meðallagi hvað varðar fjölda nemenda miðað við fyrri ár. Stundum hafa verið um 15 á grunnmenntabré og þá hafa nemendur verið saman í einum NÁSS hópi og stundum höfum við verið með upp í hátt í 30 nemendur og þá með tvo NÁSS hópa. Á þessu skólaári voru 22 nemendur (haust) og 21 nemandi (vor). Á haustönninni vorum við með tvo fámenna námshópa sem við sameinuðum yfir í einn námshóp á vorönninni. Það fyrirkomulag gekk vel. Það var betra að hafa færri í hóp á haustönninni þegar við erum að kynna nemendum og þeirra námsaðferðum. Stærri hópur á vorönninni gekk vel því að nemendahópurinn var þannig samsettur. Æskilegur fjöldi nemenda í hóp í NÁSS áfanga eru 15 nemendur.

Nemendahópurinn á grunnmenntabré var fjölbreyttur að venju. Síðustu ár hefur það færst í aukana að nemendur innritast á brautina sem eiga sögu um skólaforðun og hafa lítið stundað nám í efstu tveimur bekkjum grunnskólans. Staða þess nemendahóps er töluvert önnur en nemenda sem hafa lokið námi í 10. bekk og hafa mætt vel og sinnt námi. Vandí þessa nemendahóps er oft á tíðum fjölþættur, þar sem félagslegir og persónulegir erfiðleikar, ásamt greiningum um námserfiðleika koma yfirleitt við sögu. Það er mat umsjónaraðila grunnmenntabráar að huga þurfi vel að þessum nemendahóp sem virðist fara stækkandi og skoða þurfi hvort þróa þurfi námsúrræði sem hentar þessum nemendahóp enn frekar.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku er annar nemendahópur sem huga þarf sérstaklega að á grunnmenntabré. Þar erum við einnig með fjölbreyttan hóp nemenda, sem sumir hafa fæðst og búið alla ævi á Íslandi en aðrir hafa búið styttra á landinu. Nemendur með annað móðurmál en íslensku sem stunda nám á grunnmenntabré eiga það sameiginlegt á grunnmenntabrénni að uppfylla ekki inntökuskilyrði á aðrar brautir. Það er mikilvægt að huga að íslenskukennslu þess nemendahóps. Í ljós hefur komið að sumir þessara nemenda ráða ekki við fornámsefnið í íslensku en eru of sterkir í talmáli fyrir 1. þreps ÍSAN áfanga að mati kennara þess áfanga. Brýnt er að bjóða þessum nemendahóp sem einnig virðist fara stækkandi upp á einstaklingsmiðaða íslenskukennslu (ÍSAN) og þróa áfram stuðning við nám þeirra eftir að námi á grunnmenntabré lýkur.

Langflestir nemendur ljúka námi á grunnmenntabré eftir einn vetur. Þá innritast nemendur inn á aðrar brautir eftir áhugasviði. Á þessu fyrsta ári hafa nemendur fengið mikið aðhald og stuðning meðan þeir eru að venjast nýjum aðstæðum og ná upp námshæfni um leið og þeir taka framhaldsskólaáfanga eins og félagsfræði, umhverfisfræði og íþróttufræði. Því má segja að flestir nemendur á grunnmenntabré fái frekar mjúka byrjun á framhaldsskólagöngunni. Það væri gott ef hægt væri að fylgja nemendunum betur eftir þegar þeir hafa lokið náminu á grunnmenntabré, en hingað til hefur lítt tími gefist til þess. Ákveðinn hópur nemenda leitar sjálfur til námsráðgjafa að loknu námi á brautinni en það væri gott ef hægt væri að fylgjast markvissara með öllum hópnum því stundum reynist stökkið á milli fornámsáfanga í kjarnafögum og fyrstu framhaldsskólaáfanganna töluvert. Það væri mikið framfaraskref ef þessir nemendur, líkt og aðrir nemendur skólans, hefðu aðgang að námsveri þar sem þeir gætu fengið aðstoð með verkefni og heimanám í töflugötum. Slíkt námsver myndi einnig nýtast nemendum með annað móðurmál en íslensku vel og væri mikilvægur þáttur í að styðja við nám þess nemendahóps.

Ég sem umsjónaraðili með nemendum á grunnmenntabré er sífellt að ígrunda hvernig má auka þjónustu og efla nám nemenda á brautinni. Ég hef áður rætt í ársskýrslum að ég sakna þess að vinna þessa vinnu í teymi með öðrum líkt og var í upphafi þegar tveir umsjónaraðilar voru með brautinni. Í umræðum og samvinnu fá hugmyndir frekar vængi ásamt því að um leið eru fleiri augu opin fyrir breytingum, nýjungum, því sem vel er gert og hvernig megi sem best styðja við nám nemenda. Grunnmenntabré var upphaflega þróunarverkefni og líkt og nafnið gefur til kynna ætti hún að vera í sífelldri þróun. Ein þeirra hugmynda og nýjunga sem ég fékk í vetur og ræddi við hina námsráðgjafa skólans var í tengslum við Braga-umsjónarkerfið. Við útfærðum hugmyndina nánar og komum henni svo áleiðis til stjórna. Nemendur á grunnmenntabré eru í rauninni tvöföldu umsjónarkerfi, bæði hjá bragakennara og umsjónaraðila á grunnmenntabré. Þetta getur valdið ruglingi hjá bæði nemendum og forráðamönnum, ásamt því að ákveðinn tvíverknaður á sér stað hjá bragakennara og umsjónaraðila á grunnmenntabráar. Hugmyndin laut því að gera tilraun næsta skólaár með það að raða nemendum í bragahópa eftir námsbraut og þannig yrðu t.d. nemendur á grunnmenntabré saman í bragahóp. Þetta gæti verið áhugavert að prófa í eitt skólaár til þess að sjá hvernig þessi hugmynd virkar í raun.

Það er mikilvægt að áfram sé markvisst unnið að því að halda sérstaklega utan um þann nemendahóp sem að innritast á grunnmenntabré. Ástæður þess hvers vegna nemendur ná ekki hæfniskröfum grunnskólans í kjarnafögum og geta þar af leiðandi ekki innritast inn á aðrar námsbrautir skólans eru jafn margar og nemendurnir eru margir. Hver nemandi hefur sína sögu. Flestir nemendur eru með einhverjar greiningar um námserfiðleika, en það er þó ekki í öllum tilfellum. Það er mikilvægt að hafa það í huga að það er einhver ástæða fyrir því að nemandinn náði ekki

markmiðum grunnskólans og því er mikilvægt að hann fái auka aðstoð fyrst um sinn í framhaldsskólanum til þess að aðstoða nemandann við að ná markmiðum sínum. Það er mismunandi hvaða leið nemendur velja að loknu námi á grunnenntabré, en markmiðið á þessu fyrsta ári er að efla náms hæfni nemandans, aðstoða hann við að byggja upp trú á eigin getu og seiglu í námi, auk þess að efla sjálfsmýnd og sjálfsskilning þeirra og stuðla um leið að ígrundaðra náms- og starfsvali í framtíðinni.

Það að starfsfólk grunnskólanna á svæðinu er farið að þekkja grunnenntabréna og hugmyndafræðina á bak við hana hjálpar til við að ná markmiðunum með brautinni, því nú er orðið algengara að nemendur velji grunnenntabré sem námsleið að loknum grunnskóla. Margir nemendur fara í viðtal ásamt forráðamönnum sínum fyrir tilstilli námsráðgjafa grunnskólans til umsjónaraðila grunnenntabréar undir lok grunnskólagöngu. Það fyrirkomulag hentar vel til þess að ræða t.d. staðsetningu nemandans í námi á framhaldsskólastigi, útskýra mun á grunnenntabré og öðrum námsbrautum, kynna námsbrautina, mynda tengsl, draga úr kvíða svo nokkur atriði séu nefnd. Þetta verður til þess að fleiri nemendur byrja á brautinni á haustin eftir að hafa valið hana sem námsleið að loknum grunnskóla, í stað þess að sækja um á annarri námsbraut, komast ekki inn og vera ósáttir með að byrja á grunnenntabré. Með þessu eru nemendur því oft sjálfir upplýstari um námstilboðið og hafa tekið ákvörðun um að hefja nám á brautinni.

Í lokin vil ég þakka þeim kennurum sem að komu að heimanámstímunum í vetur á brautinni, þeim kennurum sem kennt hafa fornámsáfangana í kjarnagreinum ásamt kennurum sem kenna nýnemaáfangana, FÉLA, UMHV, ÍPRÓ, BRAG og öðrum kennurum sem hafa komið að námi nemenda á grunnenntabré fyrir gott samstarf í vetur.

2.13 Kerfisstjóri og tölvuþjónusta

Skýrsla kerfisstjóranna Ragnars Geirs Brynjólfssonar og Helga Hermannssonar

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn okkar er að vinnsla upplýsinga í FSu sé örugg og skilvirk og komi ávallt til móts við þær kröfur sem gerðar eru.

Upplýsingaöryggi og persónuvernd

Vegna breytts verklags vegna sóttvarna og samkomubanns lá vinna við áhættumat verkferla m.t.t. persónuverndar niðri á skólaárinu. Vinnu við gerð upplýsingaöryggisstefnunnar miðaði vel áfram. Þó stefnan hafi ekki enn verið samþykkt er innleiðing hennar á lokametrunum og eru lokadrög hennar nú í kostnaðarmati hjá fjármálastjóra og er unnið samkvæmt henni á margan hátt.

Leyfamál

Á önninni var undirbúningur hafinn að flutningi Office365 aðgangs skólans til Háskóla Íslands. Ennfremur mun HÍ taka við umsýslu Microsoft leyfamála. Áætlað er að flutningurinn fari fram eftir 20. júní 2021.

Staða og þróun tækjakosts

Stöðugt er unnið að því verkefni að halda búnaði uppfærðum svo hann standist væntingar. Á vorönn 2021 stóðst þráðlausa netið vel þær kröfur sem til þess voru gerðar. Líklegt er að það hafi verið nýrri gerð UniFi senda, nánar tiltekið nanoHD Compact 802.11ac Wave2 MU-MIMO gerðin sem gerði útslagið hvað þetta varðar, einnig er líklegt að hugbúnaðaruppfærslur sem og þróun í fartölvum og snjallsímum hafi átt sinn þátt í þessu líka.

Í lok janúar 2021 voru keyptar 15 nýjar tölvur af gerð Dell Optiplex 5070 og þeim komið fyrir í stofu 306 Odda. Þar voru þær nýttar í fagteiknikennslu og eru tveir skjáir við hverja tölvu.

Tölvubúnaður sem tekinn er úr notkun í skólanum vegna þess að hann stenst ekki lengur kröfur er boðinn starfsfólki ef hann er talinn nothæfur í heimaumhverfi. Nytjamarkaðurinn hefur einnig fengið tæki. Biluðum búnaði eða sundurrifnum t.d. vegna varahluta er fargað á viðeigandi hátt á gámostöð. Geymslumiðlar fara í gagnatætingu áður en þeir fara úr húsi.

Í eftirfarandi töflum má sjá kaupár og einingafjölda búnaðar í notkun. Tölur innan sviga eru tölur fyrra árs og af þeim má ráða hvað tækjum af tiltekinni árgerð hefur fækkað eða fjölgað frá gerð síðustu skýrslu.

Netþjónar

Kaupár	Fjöldi
2014	1 (1)
2015	1 (1)
2016	1 (1)
2017	2 (2)
Samtals	6 -

Þráðlausir sendar

Kaupár	Fjöldi
2016	11 (16)
2017	6 (7)
2018	16 (18)
2019	22 (32)
2020	20 (13)
2021	6 -
Samtals	86 -

Nettengieiningar (svissar)

Kaupár	Fjöldi
2014	2 (2)
2016	2 (2)
2017	7 (7)
2018	2 (2)
2019	4 (4)
2020	4 (2)
Samtals	19 -

Borðtölvur

Kaupár	Fjöldi
2011	3 (*2)
2012	1 (3)
2013	1 (2)

2014	1 (*0)
2015	7 (8)
2016	22 (22)
2017	27(*26)
2018	0 (0)
2019	10 (10)
2020	4 (0)
2021	15 -
Samtals	91 -

(*) Ranglega talið í síðustu skýrslu.

Á vorönn 2021 var nýtt kerfi fyrir upplýsingaskjái tekið í notkun. Það heitir PinToMind og býður einnig upp á að birta upplýsingar í appi á snjallsímum. Ráðgert er að nýta það betur á næsta skólaári til að koma boðum til nemenda.

Endurmenntun, ráðstefnur, námskeið og kynningar

Kerfisstjóri sat fjarnámskeiðið "Persónuvernd: Hvaða réttindi hafa einstaklingar gagnvart stofnunum, fyrirtækjum og öðrum aðilum sem vinna með persónuupplýsingar?" sem haldið var miðvikudaginn 27. maí 2020 á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands.

Skýrsla aðstoðarkerfisstjóra: Helgi Hermannsson

Yfirlit:

- Tölvuþjónusta
Aðstaða tölvuþjónustu
Heimasíða FSu
- Fartölvur og vagnar
- Viðhald fartölva
- Fartölvukaup á árinu
- Skjávarpar og önnur tæki
- Endurmenntun, ráðstefnur
- Námskeið og kynningar
Fylgiskjal 1: Yfirlit yfir fartölvur í FSu

Tölvuþjónusta

Viðtalstímar tölvuþjónustu hafa verið 8 sinnum í viku, 55 mínútur hver tími, í stofu 306B. Þessir tímar eru aðallega hugsaðir fyrir nemendur og kennara. Kennarar koma einnig í þessa viðtalstíma en þeir geta leitað til tölvuþjónustunnar þegar þeir þurfa á því að halda eða eftir samkomulagi. Reynt er að hafa einn þjónustutíma í hverjum stökk þannig að allir nemendur ættu að hafa lausan tíma en stundum rekst það á við kennslu aðstoðarkerfisstjóra.

Nemendur leita til tölvuþjónustu til að fá úrlausn á vandamálum tengdum netsambandi og vírusvörn. Einnig eftir ráðgjöf og aðstoð með bilaðar tölvur og lykilorð í Innu og Office 365.

Kennarar leita eftir ýmiskonar aðstoð bæði er varða kerfismál, notkun hugbúnaðar, gagnavistun, Innu notkun, uppsetningu á hugbúnaði og vegna bilana og vírusa í fartölvum. Smávægileg vandamál með fartölvur kennara eru yfirleitt leyst samdægurs og jafnvel stærri vandamál, eins og kerfisuppsetning yfirleitt leyst eins fljótt og auðið er.

Aðstaða tölvuþjónustu

Tölvuþjónustan hefur undanfarin ár verið með aðstöðu í stofu 306B, þar sem er vinnuaðstaða fyrir aðstoðarkerfisstjóra. Vinna aðstoðarkerfisstjóra við uppsetningar og viðgerðir á borðtölvum og prenturum fara að mestu fram á þeim stað.

Stofa 306 hefur verið tekin í þau verkefni eftir að kennslu lýkur.

Í stofunni er prentari fyrir hæðina og þar eru geymdir tveir fartölvuvagnar sem kennarar nýta í tímum.

Heimasíða FSu

Tæknileg umsýsla heimasíðu FSu er í höndum Helga Hermannssonar en fréttaritstjóri er Guðfinna Gunnarsdóttir. Vefsíðan er hýst hjá Stefnu og er notað Moya vefsíðukerfi. FSu er einnig með Facebook síðu og Youtube síðu sem hægt er að nálgast af heimasíðu FSu.

Fartölvur og vagnar

Lítill eftirspurn hefur verið eftir tölvum á fartölvuvögnum, sérstaklega vegna COVID varúðarráðstafana þar sem dregið hefur verið úr útleigu. Einnig eru 8 tölvur staðsettar á bókasafni og hafa nemendur aðgang að þeim í verkefnavinnu og í kennslustundum. Í Hamri er vagn með öflugum ASUS PRO fartölvum sem keyptar voru haustið 2016.

Starfsbraut er með fartölvuvagn fyrir sína deild með 6 Dell 5470 fartölvum sem keyptar voru haustið 2017.

Viðhald fartölva

Lítið viðhald hefur verið á fartölvum FSu þetta skólaár vegna nýlegra tölva en þó hefur borðið á því að DELL 5470 tölvurnar eru með lélegan kassa og vilja brotna við lamir og skjá.

Fartölvukaup á skólaárinu

Keyptar 7 HP Elitebook 830 G7 tölvur og 3 HP Elitebook x360 G7 fyrir nýja kennara og einnig til endurnýjunar hjá nokkrum stærðfræðikennurum.

Skjávarpar og önnur tæki

Keyptur var 1 EPSON skjávarpi og gerðar tilraunir með Lan tengimöguleika við tölvur. Það gæti verið ágæt framtíðarlausn í kennslustofum þar sem þráðlausa lausnin virkar ekki alltaf.

Endurmenntun, ráðstefnur

Engar ráðstefnur en nokkur námskeið í UNITY leikjagerðarforritinu vegna kennslu í tölvuleikjagerð.

Námskeið og kynningar

Eins og undanfarin ár skipulagði tölvuþjónustan námskeið fyrir nýnema á Nýnemadegi í byrjun haustannar og einnig í byrjun vorannar.

Fartölvur í notkun – maí 2021

4 st. HP ELITE BOOK. 1 hjá kennara og 3 á skrifstofugangi.

7 st. HP ELitebook 830 G7 hjá kennurum

3 HP Elitebook x360 G7 hjá kennurum.

4 st. ThinkPad Yoga hjá stjórnendum og kennurum og ein í tölvuþjónustu.

13 st. ASUS PRO fartölvur á vagni út í Hamri. 9 í fartölvuvagni og 4 hjá kennurum í Hamri. (Tölva nr. 12 er ónýtt og er hjá tölvuþjónustu)

18 Dell Latitude 5470. 7 hjá kennurum, 6 á starfsbraut og 5 í tölvuþjónustu / bilaðar

18 Dell Latitude 7270. 6 á bókasafni. 12 hjá kennurum.

6 Dell Latitude 7470. 5 hjá kennurum og ein í tölvuþjónustu.

9 Dell Latitude 7480/7490 . 7 hjá kennurum og tvær á bókasafni.

18 Dell Latitude 5480. Hjá kennurum

15 Dell Latitude 5490. Hjá kennurum.

1 Dell Latitude 5289 hjá skólameistara.

Fartölvuvagnar

Fartölvuvagn 8 Hamar – 9 stk. ASUS PRO. Keyptar fyrir 2016.

Fartölvuvagn 9 (starfsbraut) – 6 stk. Dell Latitude 5470

Spjaldtölvukassi á starfsbraut. 8 st. Ipad.

Aðrir vagnar verða lítið í boði en eitthvað verður sett í þá af DELL tölvum sem voru teknar úr notkun hjá kennurum.

2.14 Prófstjórn

Prófstjóri: Kristjana Sigríður Skúladóttir

Haustannarpróf 2020

Aðstoðarskólameistari skipuleggur uppröðun prófa og sendi kennurum drög að próftöflu haustannar þann 11. nóvember 2020, þá óskaði hann einnig eftir ábendingum og athugasemdum varðandi próftöfluna. Endanleg próftafla var svo gefin út 17. nóvember (sjá töflu). Prófatími stóð nú yfir frá mánudeginum 7. desember til mánudagsins 14. desember en þann dag voru sjúkrapróf. Náms- og starfsráðgjafar sendu nemendum í nóvember upplýsingar um umsóknir um sérúrræði s.s. að taka próf í fámenni og/eða fá upplestið próf, taka próf í tölvu, o.fl. Umsóknarfrestur

nemenda til að sækja um sérúrræði í prófi var auglýstur tímanlega og spannaði tæpar tvær vikur, frá mánudeginum 16. nóvember til föstudagsins 27. nóvember. Þá fengu allir nemendur upplýsingapóst um fyrirkomulag prófa, prófreglur, aðgengi að eldri prófum og fleira áður en prófatörn hófst.

Próftafla í dagskóla 2020 haust

[illegible]

Yfirsetutafla kennara var send út að morgni föstudagsins 4. desember að teknu tilliti til séróska kennara. Hún var unnin út frá fjölda nemenda sem komu til með að taka próf í áföngum, en oft berast þær fjöldatölur ekki fyrr en í blálók annarinnar. Þá er hægt að raða nemendum í stofur og sjá hversu mikil þörf er fyrir yfirsetu. Yfirsetutaflan var send kennurum í tölvupósti og hengd

upp við kaffistofu kennara í Odda. Flestir kennarar voru einu sinni í yfirsetu, sumir tvisvar. Próftíminn var yfirleitt klukkutími, stundum 90 mínútur, en honum til viðbótar fá allir nemendur 45 mínútur til að ljúka við úrlausn. Því er ekki lengur þörf fyrir að sækja sérstaklega um lengri próftíma. Í mörgum áföngum er sá háttur hafður á að nemendur þurfa ekki að þreyta lokapróf hafi þeir staðist námsmat annarinnar með fullnægjandi árangri. Fáir áfangar eru þess eðlis að allir nemendur taki lokapróf, þá eru sum þessara prófa svokölluð skrappróf, þar sem nemandi hefur tækifæri til að taka upp próf eða verkefni sem hann hefur misst af á önninni vegna ýmissa ástæðna eða staðið sig illa í.

Vegna Covid-aðstæðna á haustönn, fjöldatakmarkana sóttvarnaryfirvalda og fjarnámsumhverfis sem einkenndi önnina luku margir kennarar sínu námsmati í fjarkennslu. Á haustönn 2020 voru 26 áfangar með próf í próftöflu. Af þeim voru sex lokapróf á sérnámsbraut. Að auki fóru fram munnleg próf í tungumálum. Þær umsóknir um sérúrræði í prófi sem voru samþykktar snéru aðallega að því að nemendur óskuðu eftir því að taka próf í fámenni, fá prófin upplestin, fá að taka þau í tölvu, fá stærra letur eða dyslexiuletur. Þá voru nokkrir nemendur sem lentu í prófaklemmu sem var leyst með sjúkraprófi. Aðstoðarkerfisstjóri hefur umsjón með upptökum á lokaprófi en einnig aðstoðar bókavörður kennara við upptökur. Að þessu sinni voru stofur 207 og 208 notaðar fyrir sérúrræði í prófum.

Vorannarpróf 2021

Aðstoðarskólameistari sendi kennurum drög að próftöflu vorannar þann 18. apríl. Í framhaldinu var hún svo birt á heimasíðu skólans. Próftíminn stóð frá mánudeginum 10. maí til þriðjudagsins 18. maí, en þá var sjúkraprófsdagur. Náms- og starfsráðgjafar sendu þann 14. apríl nemendum upplýsingar um umsóknir um sérúrræði s.s. að taka próf í fámenni og/eða fá uppleið próf, taka próf í tölvu, o.fl. Umsóknarfrestur nemenda til að sækja um sérúrræði í prófi

Áfangar sem stóðu til boða á haustönn 2020 voru: ENSK2OL05, DANS2FJ05, ÍSLE2OS05 og STÆR2AR05. Ekki var eftirspurn eftir fjarnámi í íslensku en hinir áfangarnir voru kenndir.

Áfangar sem stóðu til boða á vorönn 2021, voru framhaldsáfangar í yndislestri í ensku og dönsku, ENSK2YL05 og DANS2YL05, STÆR2AF05 og aftur var boðið upp á grunnáfangann ÍSLE2OS0. Ekki var eftirspurn eftir íslensku eða stærðfræði, en yndislestraráfangarnir í ensku og dönsku voru báðir kenndir.

Á haustönn 2020 byrjaði í fjarnámi 31 nemandi frá 7 grunnskólum á Suðurlandi. Þrír nemendur hófu nám í tveimur áföngum. Í ensku byrjuðu 15 nemendur, 14 luku áfanganum og einn féll. Í dönsku byrjuðu 14 nemendur, 13 luku áfanganum með fullnægjandi einkunn, einn féll. Í stærðfræði byrjuðu 5 nemendur, þrír luku áfanganum og tveir féllu.

Á vorönn 2021 hófu 23 nemendur frá 6 grunnskólum á Suðurlandi fjarnám í framhaldsáföngum í yndislestri í ensku og dönsku. Tveir nemendur voru í tveimur áföngum. 9 nemendur hófu nám í ensku og luku þeir allir áfanganum. Í dönsku hófu 16 nemendur fjarnám, 9 hættu á önninni og 5 luku áfanganum.

Mikilvægt er að þeir grunnskólanemendur sem hyggjast stunda fjarnám frá FSu hafi lokið námsmarkmiðum 10. bekkjar með B+ eða A í einkunn. Að auki krefst námið sjálfsstæðra vinnubragða, sjálfsaga og skipulagshæfni og einungis þeir nemendur sem standast þessar kröfur eiga erindi í fjarnámið. Þá er nauðsynlegt að nemendur hafi góðan stuðning í grunnskólunum og að hver grunnskóli tilnefni tengilið sem hefur umsjón með náminu og er í sambandi við kennara fjarnámsins í FSu. Grunnskóli sér um að sækja um áfanga fyrir hönd nemenda. Kennarar FSu hafa umsjón með fjarnáminu og sjá um allt námsmat sem tengist áfanganum. Í áföngum með lokaprófum er prófað í grunnskólum viðkomandi nemanda og sér kennari FSu um að senda tengiliðum grunnskóla prófin sem þeir leggja svo fyrir. Þetta getur líka átt við um stöðu-/lotupróf. Úrlausn nemanda er svo send kennara FSu sem sér um námsmatið. Greitt er innritunargjald fyrir þessa nemendur sem annaðhvort sveitarfélag eða forráðamenn greiða.

Samráðsfundur FSu með grunnskólakennurum af Suðurlandi í ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði var haldinn þann 17. mars 2021. Góð mæting var á fundinn úr grunnskólum á Suðurlandi og þátttakendur voru sammála um að fundur sem slíkur bjóði upp á nauðsynlegan vettvang til uppbyggilegs samtals og samstarfs er varða skil skólastiga, fjarnám, námsmat, kennsluaðferðir og fjölmarga aðra afar gagnlega þætti.

Næsta haust verður sama fyrirkomulag haft á fjarnámi frá FSu. Grunnáfangarnir ENSK2OL05, DANS2FJ05, ÍSLE2OS05 og STÆR2AR05 standa þeim nemendum til boða sem lokið hafa hæfnimarkmiðum 10. bekkjar með B+ eða A í einkunn. Tölvupóstur þess efnis verður sendur grunnskólum nú í vor. Aftur á móti verður skilgreint nánar að nemendur þurfa að standast grunnáfanga með a.m.k. 8 í einkunn til að eiga kost á því að halda áfram í fjarnámi á vorönn. Að auki þarf að endurskoða framhaldsáfangann sem er í boði í ensku og dönsku, nú er það yndislestur sem nemendum gefst kostur á að taka, en þar sem sá áfangi er ekki í kjarna á námsbrautum þá voru margir fjarnámsnemendur sem ákváðu að halda ekki áfram í fjarnámi frá FSu, eða byrjuðu og hættu svo þegar þeir áttuðu sig á þessu.

Hugleiðing frá enskukennara fjarnámsins:

Fjarnám: Enska 2020-2021

Kennari: Guðfinna Gunnarsdóttir

Áfangar:

Haust ENSK2OL05 15 nemendur

Vor ENSK2YL05 9 nemendur

Þátttaka í fjarnámi í ensku var góð, þá sérstaklega góð á haustönn.

Námsmat og námsefni var með hefðbundnu sniði.

Einn féll á haustönn, það er mjög óalgengt og þrír fengu einkunnina 5 sem er mjög óalgengt. Að hluta til má rekja þessar einkunnir til þess að nemendur voru ekki að sinna náminu og hefðu mögulega grætt á því að fá meiri stuðning. Mögulega spilar COVID eitthvað þarna inn í.

Mikilvægt að við tökum ekki inn nemendur nema þeir bæði séu með B+ eða A úr grunnskóla og að það sé alveg tryggt að þau hafi sannarlega lokið efni tíunda bekkjar við lok þess níunda með þessa einkunn.

Alltaf þarf ítreka við grunnskólann að íhuga vandlega hvort nemendur séu tilbúnir í þessa tegund náms, þetta hentar alls ekki öllum. Góður fundur sem haldinn var með grunnskólakennurum á vorönn ætti að ýta undir að þessu sé vel fylgt eftir þeim megin.

Einnig tók kennari þá föstu ákvörðun að eingöngu nemendur sem fá einkunnina 8 á haustönn fái að taka yndilestur á vorönn. Kennari telur ekki ástæðu til að verðlauna nemendur með meira aðgengi að fjarnámi ef að námárangur er ekki sem best verður á kosið.

Enginn féll á vorönn.

2.16 Sjálfsmat

Sjálfsmatshópur: Ida Iðn, Kristjana Sigríður Skúladóttir og Sigursveinn Már Sigurðsson

Inngangur

Fjölbrautaskóli Suðurlands var stofnaður árið 1981 og hefur því verið starfandi í 40 ár á haustdögum 2021. Á heimasíðu skólans er sýn hans sett fram, en hún byggir á því að leggja áherslu á að allir séu metnir að verðleikum, njóti skilnings og beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Að sama skapi segir að skólinn stefni að árangursríku og fjölbreyttu skólastarfi þar sem áhersla er lögð á fagþekkingu, sköpunarhæfni og metnaðarfullt þróunarstarf.



Hlutverk skólans er að búa nemendur undir frekara nám, að bjóða upp á fjölbreytt starfsnám í góðum tengslum við atvinnulífið og að búa nemendur undir daglegt líf í lýðræðisþjóðfélagi.

Nemendafjöldi er orðinn nokkuð stöðugur en nemendum fækkaði nokkuð fyrst eftir að nám til stúdentsprófs var stytta um eitt ár. Nú eru hins vegar vísbendingar um að nemendum við skólann fari fjölgandi aftur. Mikill fólksfjölgun hefur orðið á upptökusvæði skólans á undanförunum misserum og sjást þess merki í nemendafjölda sl. skólaár. Í dag þurfa

nemendur 200 framhaldsskólaeiningar til þess að ljúka stúdentsprófi og ljúka flestir þeim einingum á sex til átta önum. Nemendafjöldi á haustönn 2020 taldi 849 og á vorönn 2021 voru nemendur 775. Þetta er sá fjöldi sem stundar nám í dagskóla en einnig fer fram kennsla í fangelsunum á Litla Hrauni, Sogni og Hólmsheiði. Kennarar frá FSu fara á Litla Hraun og að Sogni en fjarkennsla er í gangi á Hólmsheiði. Nokkrir kennarar sinna einnig fjarkennslu nemenda úr 10. bekkjum grunnskóla á Suðurlandi. Þeim nemendum hefur verið boðið upp á nám í íslensku, ensku, stærðfræði og dönsku. Á vorönn bættist við staðkennsla í hárgreiðslu og rafvirkjun fyrir grunnskólanemendur í Árborg. Þá var einnig boðið upp á nám í rafvirkjun og húsasmíði í kvöldskóla á vorönn.

Markmið skólans eru sett fram á heimasíðu FSu, markmiðin eru leið til þess að ná sem bestum árangri, sjá hér: <https://www.fsu.is/is/um-skolann/stefnur/markmid>

Markmiðin eiga að ná yfir alla þætti starfsins. Þau eru endurskoðuð og metin með ákveðnu millibili af starfsmönnum skólans. Þegar þau hafa verið metin eru þau uppfærð eins og við á hverju sinni, en hlut af þeirri vinnu er að gera sér grein fyrir hvort þau séu raunhæf og hvort skólasamfélagið nái þeim. Matsfundir sem haldnir eru gefa ákveðnar niðurstöður sem fara í frekari skoðun til þess að geta ákveðið hvort, hvernig og hvenær þykir hentugt að breyta og bæta.

Sjálfsmatshópurinn sem sinnir þessari vinnu hittist að jafnaði einu sinni í viku í 55 mínútur í senn. Í upphafi haustannar voru línur lagðar og ákveðið hvað ætti að gera á skólaárinu. Ákveðið var að meta sjálfsmatsaðferðirnar sem notast er við í innra mati skólans með starfsfólki. Þá varð snemma ljóst að sjálfsmatshópurinn myndi leggja kannanir fyrir nemendur og starfsfólk yfir veturinn til að meta ýmis áhrif Covid faraldursins á starfsemi skólans. Á vorönn lá fyrir það verkefni að leggja fyrir GNOK könnun, Gæði náms og kennslu, fyrir tiltekna nemendahópa og meta þannig ýmsa þætti ákveðinna áfanga. Þá rýndu starfsmenn einnig markmið skólans í heild sinni og uppfærðu og breyttu þar sem tilefni þótti til.

Markmið og tilgangur matsins

Sjálfsmatinu þetta skólaárið var stýrt af hópi sem Ida Lön, Kristjana Sigríður Skúladóttir og Sigursveinn Már Sigurðsson skipuðu.

Markmið sjálfsmatsins er að rýna til gagns þannig að öll starfsemi skólans sé skoðuð með ákveðnu millibili og leitað sé leiða til úrbóta í framhaldi af rýninni. Vinna sjálfsmatshópsins byggir einmitt á því að stýra vinnunni og leggja fyrir verkefni til að meta, undirbúa fundi og gera aðgerðaáætlanir í framhaldi af matinu. Auk þess hefur hópurinn reynt að sjá hvar skóinn kreppir í einstaka málum og þá skoðað þau mál með aðstoð frá starfsfólki skólans og nemendum. Almennt má segja að starfsfólk komi jákvætt til þeirra funda sem haldnir eru vegna sjálfsmatsins og gleðjist yfir því að fá að hafa áhrif á stefnu skólans í ýmsum málum.

Aðferðir og framkvæmd matsins

Veturinn hefur verið notaður til að rýna verklag sem tengist sjálfsmatinu auk þess að horfa til framtíðar með því að endurskoða markmið skólans. Covid faraldurinn setti okkur ákveðnar skorður og var þá nýrra leiða leitað til að fá fram mat fólks á hinum ýmsu hlutum skólastarfsins. Ein leið var að styðjast við kannanir sem sendar voru út á ákveðna hópa og er ekki ósennilegt að það verði stækkandi hluti af innra mati skólans til framtíðar litið. Sex rafrænar kannanir voru lagðar fyrir í gegnum kennslumhverfi Innu og tengdust þær flestar Covid skipulagi. Niðurstöður voru í kjölfarið rýndar af sjálfsmatshópnum og ræddar á stjórnendafundum og kynntar fyrir starfsfólki.



Skoska sjálfsmatskerfið „How good is our school“ (HGIOS) hefur verið notað þegar hópar koma saman og eru þá metnar fullyrðingar sem tengjast markmiðum skólans. Á fundunum er starfsfólki og nemendum skipt í hópa sem meta ákveðnar fullyrðingar sem þeim er úthlutað og gefa þeim einkunn. Ekki reyndi á þessa tegund funda að þessu sinni en næsta vetur verða ný og uppfærð markmið skólans metin með nemendum og starfsfólki skólans.

Starf sjálfsmatsnefndar á skólaárinu

Stýrihópurinn um sjálfsmat fundaði alls 23 sinnum á skólaárinu. Það voru 12 fundir á haustönn og 11 á vorönn. Miðað var við að fundirnir rúmuðust innan 55 mínútna eins og fram hefur komið en ekki var laust við að stundum teygðist svolítið á þeim 55 mínútum. Fundað var á haustönn á miðvikudögum kl. 11:25 og á vorönn var fundað á þriðjudögum kl. 09:10.

Á haustdögum var byrjað á að yfirfara áætlun vegna sjálfsmatsins og setja inn dagsetningar á fyrirhuguðum fundum með starfsfólki á önninni. Ákveðið var að fara yfir og ræða sjálfsmatskerfið sem við notum á fundi með starfsfólki skólans. Til að byrja með var miðað við að þessi fundur yrði föstudaginn 2. október en sú dagsetning gekk ekki upp vegna samkomutakmarkana. Þegar ljóst var að ekki yrði hægt að halda fundinn í sal skólans var ákveðið að útfærslan yrði með öðrum hætti. Ákveðið var að leggja könnun fyrir starfsfólk til að kanna skoðanir þess á sjálfsmatskerfi skólans og GNOK sem til stóð að leggja fyrir á vorönn. Niðurstöðurnar voru svo nýttar til að skipuleggja framhaldið.

Þá lagði stýrihópurinn fleiri kannanir fyrir á haustönninni, m.a. til að meta áhrif skólalokana og fjarkennslu á nám og líðan nemenda og kennara. Var Inna notuð til þess að leggja þessar kannanir fyrir. Ein könnun var lögð fyrir nemendur fyrstu vikuna í september og svo síðan könnunin fyrir starfsfólk og nemendur í lok október og voru helstu niðurstöður þeirra kynntar starfsfólki á kennarafundum í kjölfarið en það voru náms- og starfsráðgjafar sem útbjuggu könnunina sem var lögð fyrir nemendur.

Í upphafi vorannar var sett niður dagsetningin 5. febrúar þar sem meta átti markmið skólans og uppfæra þau ef tilefni þótti til. Eftir fundinn tók sjálfsmatshópurinn niðurstöðurnar og vann úr þeim ný, uppfærði markmið, sem voru birt opinberlega í byrjun júní á heimasíðu skólans.

Að auk i voru lagðar kannanir bæði fyrir kennara og nemendur um miðbik annarinnar, auk þess sem GNOK var lagt fyrir ákveðna hópa seinni hluta marsmánaðar. Niðurstöður GNOK-sins voru í kjölfarið birtar viðkomandi kennurum í Innu.

Niðurstöður matsins

Á haustönn voru nokkrar kannanir lagðar fyrir nemendur og starfsfólk til að kanna ýmsa þætti í skólastarfinu. Covid faraldurinn hafi setti mikinn svip á allt skólastarf á önninni, og voru nemendur að miklu leyti í fjarnámi meirihluta hennar, með einhverjum undantekningum. Mikilvægt var þar af leiðandi að fá fram upplýsingar um líðan og gengi, bæði kennara og nemenda, í þessum óvenjulegu aðstæðum. Með þessu móti var skólastarfið skipulagt með tilliti til þarfa nemenda og kennara. Sóttvarnarreglur voru afar íþyngjandi fyrir allt skólastarf en með þessum könnunum var hægt að bregðast við ábendingum og laga það skipulag sem farið var eftir hverju sinni. Hér má til að mynda nefna breytingar á fjarkennslu/staðkennslu áfanga, mætingaskráningu og verkefnaskila. Ljóst er að án þessara kannana hefði ekki verið hægt að bregðast við með jafn snöggum hætti og raunin var. Áfram var unnið með þessar kannanir á vorönn, og þá í sama tilgangi. Á vorönn var spurt um nýja eyktaskipan sem tekin var upp á vorönn, meðal annars til

að koma til móts við þarfir nemenda á Covid tímum. Í ljós kom að meirihluti nemenda og kennara var ánægður með skipulagið og var í kjölfarið tekin sú ákvörðun að halda eyktaskipaninni óbreyttri næsta skólaár.

Eins og áður sagði var ekki haldinn fundur á sal með starfsmönnum til að taka út sjálfsmatskerfi skólans í heild sinni. Í stað þess var kannað hvaða hugmyndir starfsmenn hefðu um sjálfsmat og hvaða breytingar fólk vildi gera á verklagi skólans í þessum efnum með því að leggja rafræna könnun fyrir starfsmenn í Innu. Eitt sem kom fram þar var að vilji var til þess að breyta skipulagi GNOK-sins og var sú ákvörðun tekin að í stað þess að leggja GNOK-ið fyrir alla áfanga skólans á tveggja ára fresti, þá yrði það nú lagt fyrir á hverri önn, en þó með þeirri breytingu að ákveðnar greinar og brautir væri teknar fyrir í hvert skipti, samkvæmt eftirfarandi skipulagi sem nær til þriggja anna í senn:

Vor 2021:

- Danska
- Íslenska, goði
- Íþróttir, íþróttافرæði og íþróttagreinar
- Bridge
- Raungreinar þ.e. jarðfræði, eðlisfræði, efnafræði, líffræði, lífeðlisfræði, landafræði, næringarfræði
- Rafvirkjabraut
- Grunnám matvæla- og ferðagreina
- Matreiðsla og bakstur
- Þriðja mál þ.e. spænska og þýska
- Ergó
- Sjúkraliðabraut, LÍOL
- Starfsbraut þ.e. lífsleikni og stærri hópar í stærðfræði, líka RX

Haust 2021:

- Stærðfræði og excel áfangi
- Enska
- Húsasmíðabraut
- Samfélagsgreinar þ.e. félagsfræði, sálfræði, hugi, kína áfangi,
- uppeldisfræði, heimspeki, saga, kvikmyndasaga
- Heilbrigðisfræði
- Ergó
- Umhverfisfræði
- Vor 2022:
- Vélvirkjabraut
- List- og skapandi greinar þ.e. myndlist, leiklist, listir og menning, höte,
- nými
- Grunnám hársnyrtiiðna
- Hestamennska
- Tölvufræði og tölvunotkun
- ÍSAN
- Ergó
- Næringafræði
- Viðskiptagreinar þ.e. bókfærsla, viðskiptafræði, hagfræði, lögfræði

Ein af ástæðunum fyrir þessari breytingu var að auka líkurnar á því að svarhlutfallið yrði ásættanlegt en það hefur gengið erfiðlega síðustu skipti sem könnunin hefur verið lögð fyrir að fá góða svörun. Sem dæmi var heildarsvörun nemenda á vorönn 2019 45% en vorönn 2021 náði sama hlutfall 72% sem verður að teljast afar gott.

Þegar niðurstöður GNOK-sins eru bornar saman við niðurstöður fyrri ára má sjá að þær eru nokkuð líkar og ekki er hægt að greina miklar breytingar. Þó skal þess getið að samanburður milli ára er ekki alveg marktækur sbr. færri námsgreinar og áfangar nú metnir í einu. Það er ánægjulegt að sjá að nemendur eru almennt séð ánægðir með sína kennara og kennsluna. Kennurum var birt niðurstaðan eftir að niðurstöður matsins lágu fyrir og þeir beðnir um að skoða niðurstöður sínar. Aðeins skólameistari og aðstoðarskólameistari hafa aðgang að niðurstöðum allra.

Í byrjun febrúar hittust starfsmenn á sjálfsmatsfundi og fóru yfir markmið skólans, sem höfðu staðið frá árinu 2018. Einhverjar breytingar voru gerðar á þeim en almennt séð voru starfsmenn sáttir með flest af þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér. Uppfærð markmið hafa nú verið birt á heimasíðu skólans og má einnig sjá í fylgiskjöllum þessarar skýrslu.

Samantekt og ábendingar

Það kom sér vel á liðnum vetri að skólinn hafði tekið upp kennslukerfi Innu skömmu áður enda reyndist afar gagnlegt með tiltölulega einföldum hætti að geta nýtt þann möguleika sem kerfið býður upp á til að leggja hinar ýmsu kannanir fyrir starfsfólk og nemendur. Þó má nefna að áfram þarf að minna ekki síst starfsfólk á að svara þessum könnunum til að svarhlutfallið verði ásættanlegt. Ekki var lögð könnun fyrir aðstandendur nemenda en það er á áætlun fyrir næsta skólaár.

Þrátt fyrir að vel hafi tekist að nýta tæknina með ýmsum hætti í skólastarfinu sl. vetur, kom einnig í ljós að fjarfundir og kannanir koma ekki að öllu í staðinn fyrir það samtal sem á sér stað á sjálfsmatsfundum starfsmanna á staðnum. Í starfsáætlun næsta skólaárs verður að búa til pláss fyrir slíka fundi áfram, bæði fyrir og eftir áramót.

Umbótaáætlun

Nýliðið skólaár var sennilega með þeim óvenjulegustu í tæplega 40 ára sögu skólans og er óhætt að segja að Covid faraldurinn hafi haft mikil áhrif á allt skólastarf vetursins. Mikilvægt þótti að hafa virkt samtal við starfsfólk og nemendur til að geta brugðist hratt og vel við hinum ýmsu áskorunum sem sköpuðust vegna Covid. Þetta var meðal annars gert með hinum ýmsu könnunum sem sjálfsmatshópurinn sá um að leggja fyrir í Innu. Niðurstöðurnar voru ræddar meðal stjórnenda og við starfsmannahópinn þar sem við átti og ýmsar breytingar gerðar í kjölfarið, jafnóðum. Það er líklegt að eftir að Covid faraldurinn verði lokið muni sjálfsmatshópurinn áfram styðjast við kannanir í svipuðum dúr og var notast við á liðnu ári og að þær verði hagnýtt verkfæri í verkfærakistu innra mats Fjölbautaskóla Suðurlands.



Hvað hefur verið gert frá vorönn 2012 og hvað er framundan

- ✚ V 2012
 - Nám og kennsla (GNOK) – unnið.
- ✚ H 2012

- Mennska – unnið. Lögð fyrir könnun um líðan nemenda.
- ✚ V2013
 - Starfsumhverfi – þessi liður var ekki skoðaður vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda við verknámshúsið Hamar og breytinga í tengslum við það.
 - Heimasíða skólans var metin.
 - Lögð fyrir könnun tengd heilsueflandi skóla.
- ✚ H 2013
 - Tengsl við samfélagið voru skoðuð og fengu kennarar verkefni til að vinna í tengslum við það. Þeir áttu að reyna að efla tengsl við samfélagið með aðgerðaáætlun þar sem þeir voru framkvæmdaaðilar. Aðgerðaáætlanir voru mikið þannig að aðrir áttu að vinna að þeim en ekki deildirnar sjálfar.
 - Skólapúlsinn var tekinn í notkun og var lögð könnun fyrir úrtak nemenda (160 nem.) í lok nóvember. Alls voru 138 nemendur sem svöruðu. Niðurstöður voru ítarlegar og voru þær skoðaðar betur á næstu fundum sjálfsmatshópsins þ.e. á vorönn 2014.
- ✚ V 2014
 - Unnið með það sem kanna þurfti betur eftir útkomu úr Skólapúlsinum. Það var gert með aðferðum HGIOS (How good is our school). Fullyrðingarnar tengdust **viðhorfi og hollustu gagnvart skólanum**. Aðgerðir eftir þá vinnu: Sendum póst á náms- og starfsráðgjafa og Hörð Ásgeirsson kennslustjóra starfsbrautar þar sem þau voru beðin um að kynna á fundi með kennurum næsta haust, úrræði fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika.
 - Könnun var lögð fyrir nemendur sem komu úr 10. bekk um áramót. Niðurstöður úr þeirri könnun liggja fyrir aftast í fylgiskjöllum.
 - Á áætlun var að leggja GNOK-könnunina fyrir en sökum verkfalls var því frestað.
 - Ætluðum að fá Helga Hermannsson félagsfræðikennara til að aðstoða okkur við að kanna notkun á Strætó en af því varð ekki vegna verkfalls.
- ✚ H 2014
 - Mennskan var könnuð og brugðist við því sem ástæða var til að bregðast við.
 - Skólapúlsinn var lagður fyrir aftur og var þátttaka nokkuð góð.
- ✚ V2015
 - Jafningjamat fór fram.
 - GNOK var lagt fyrir í öllum áföngum
 - Ytra mat var framkvæmt.
 - Ákveðið var að skoða ekki starfsumhverfið þar sem breytingar eru miklar framundan vegna viðbyggingar við verknámshúsið Hamar.
- ✚ H 2015
 - Markmið skólans voru yfirfarin og endurskoðuð.
 - Skólapúlsinn var lagður fyrir í þriðja sinn.
- ✚ V 2016
 - Unnið með niðurstöður Skólapúlsins og markmiðin kláruð.
 - Lagðar fyrir kannanir tengdar grunnþáttunum og bóksölunni.
- ✚ H 2016
 - Byrjað verður að meta nýju markmiðin og verður nám og kennsla metin með „how good is our school“ kerfinu. Í september.
 - Skólapúlsin verður lagður fyrir í fjórða sinn.
- ✚ V 2017
 - Nám og kennsla (GNOK).

- Menntan verður einnig tekin fyrir á þessari önn.

H 2017

- Starfsumhverfi verður metið (H)
- Skólapúlsinn?
- Verkferlar metnir/skráðir/birtir á heimasíðu

V 2018

- Taka fyrir allt sem ekki er merkt í markmiðum með (H)
- Hvernig getum við metið grunnþættina (erum við að sinna þeim?) → setja það inn til kennara á sjálfsmatsfund.

H 2018

- Endurskoða markmið skólans

V 2019

- Náms og kennsla metið?
- GNOK lagt fyrir aftur.

H 2019

- mennta (nemendur, stjórnun og samstarf við aðra).

V 2020

- starfsumhverfi (upplýsingar, rekstur, aðbúnaður o.fl.) og GNOK.

H 2020

- skoða sjálfsmatskerfið með starfsfólki

V 2021

- meta markmiðin
- GNOK endurskoðað og lagt fyrir

Áætlun um sjálfsmat

H 2021

- GNOK lagt fyrir
- náms og kennsla metið

V 2022

- GNOK lagt fyrir
- mennta (nemendur, stjórnun og samstarf við aðra)

Fylgiskjöl

Könnun lögð fyrir nemendur: Þín upplifun í byrjun annar (31.08 – 06.09.)

Spurningar:

1. Lýstu í nokkrum orðum hvernig fjarkennslan gengur í skólanum í upphafi annar.
2. Er eitthvað sem mætti ganga betur í náminu, ef já, hvað?
3. Hvaða kerfi ert þú að nota? Og hvernig gengur það? Innu, Teams, Facebook, tölvupóst, annað?

4. Hvernig upplifir þú mætingarfyrirkomulagið í tvöföldu tímana? Helmingur hópsins í stofu / helmingur heima í tölvu.
5. Er eitthvað óskýrt varðandi námið sem þig vantar aðstoð eða leiðbeiningar með?

Könnun til kennara – haustönn 2020 (20.10. – 22.10.)

Spurningar:

1. Býður þú upp á verkefnaskil sem ígildi mætinga?
2. Myndir þú vilja hafa meira frelsi varðandi mætingaskráninguna?
3. Gætir þú hugsað þér að fækka skilaverkefnum en jafnframt stækka þau á móti?
4. Telur þú að það myndi fela í sér meiri vinnu fyrir þig?
5. Hvernig gengur að mynda tengsl við nemendur?
6. Hver er staðan á námsframvindu nemenda miðað við venjulega?
7. Hefur þú orðið var/vör við aukið svindl í námsmati hjá þér?
8. Sérð þú fyrir þér að gera breytingar á námsmati áfanga í ljósi aðstæðna?
9. Hvernig líður þér í vinnunni?
10. Hvernig er álagið í vinnunni?
11. Finnst þér þörf fyrir aukinn stuðning?

Könnun lögð fyrir nemendur: Könnun á námi og líðan í fjarkennslu í bóklegum áföngum (29.10. – 02.11.)

Spurningar:

1. Hvernig gengur þér að stunda námið í fjarkennslu?
2. Hvað finnst þér um álagið í bóklegum greinum?
3. Hvernig gengur þér að fylgja yfirferð námsins (verkefnaskil og próf)?
4. Hvernig gengur að skila verkefnum á réttum tíma í Innu?
5. Hvernig líkar þér fyrirkomulagið að mæta í fjarkennslustundir samkvæmt stundaskrá?
6. Hvað myndi henta þér best í fjarkennslunni?
7. Ef þú mættir velja, hvernig fyrirkomulag myndir þú vilja hafa?
8. Hvað finnst þér erfiðast við fjarkennsluna?
9. Hvernig metur þú líðan þína í fjarkennslunni?
10. Hvernig finnst þér aðgengi að kennurunum í fjarkennslunni?
11. Hvernig finnst þér aðgengi að námsráðgjöfum í fjarkennslunni?
12. Hvað gætir þú gert til þess að námið þitt gangi betur í fjarkennslunni?
13. Hvað gæti skólinn gert til að námið þitt gangi betur í fjarkennslunni?
14. Notaðu þrjú orð til þess að lýsa líðan þinni í fjarkennslunni.
15. Hvað finnst þér erfiðast við fjarkennsluna?
16. Hvað finnst þér best við fjarkennsluna?
17. Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?

Könnun fyrir starfsmenn um sjálfsmat í FSu (30.11. – 04.12.)

Spurningar:

1. Hvað er sjálfsmat/innra mat – hvað felst í því?
2. Hvernig er það framkvæmt í FSu?

3. Getum við framkvæmt það á annan hátt/betur?
4. Hvað viltu fá út úr GNOK-könnuninni?
5. Hvernig viltu að GNOK-inu sé skipt niður á annir?
6. Hvernig er best að nýta niðurstöðurnar úr GNOK-inu?
7. Vilt þú taka þátt í jafningjamati þar sem kennarar heimsækja aðra kennara og veita og fá endurgjöf á kennsluna?

Könnun fyrir kennara á vorönn 2021 (29.01. – 05.02.)

Spurningar:

1. Hvernig leggst ný stokkatafla í þig?
2. Hvernig nýtast kennslustundirnar í nýju stokkakerfi?
3. Viltu halda sama stokkakerfi á næsta skólaári?
4. Hvernig gengur þér að brjóta upp kennslustundirnar?
5. Hvaða leiðir notarðu til að brjóta upp kennslustundirnar?
6. Hvað gerir þú til að efla samskipti og félagstengsl nemenda?
7. Hvernig gengur þér að mynda tengsl við þína nemendur?
8. Hvað gerir þú til að mynda tengsl við þína nemendur?
9. Hvernig er álagið í vinnunni samanborið við síðustu önn? Hvers eðlis er álagið helst?
10. Hvernig upplifir þú Covid aðstæður (sóttvarnarreglur, smit, og svo framvegis)?

Könnun fyrir nemendur vor 2021 (05.02. – 12.02.)

Spurningar:

1. Hvernig finnst þér nýja stokkataflan (skipulagið á nýju stundatöflunni)?
2. Hvernig finnst þér kennslustundirnar nýtast í nýju stundatöflunni?
3. Viltu hafa sama form á stundatöflunni á næsta skólaári?
4. Hvernig gengur þér að halda einbeitingu í tvöföldum kennslustundum?
5. Finnst þér kennsluaðferðir fjölbreytilegar í kennslustundum? (kennslustundir brotnar upp)
6. Nærðu að klára heimanámið í skólanum (í kennslustund)?
7. Finnst þér heimanám hafa breyst með nýju stundatöflugerðinni? (fleiri tvöfaldar kennslustundir)
8. Hvernig gengur þér að kynna samnemendum?
9. Hvernig er álagið í skólanum miðað við síðustu önn?
10. Hvernig upplifir þú Covid aðstæður í skólanum (sóttvarnarreglur)?

Leiðbeiningar vegna sjálfsmatsfundar með kennurum - 5. febrúar 2021

Þátttakendur: kennarar skólans

Vinnuferli:

Á fundinum í dag á að ræða markmið skólans.

Hver eiga markmið skólans að vera?

- a) Skipt verður í 14 hópa.
- b) Hóparnir ræða mismunandi flokka markmiða (nám, kennslu, stjórnun, o.s.frv.)

- c) Hver hópur fær fyrst 3-5 mínútur þar sem hver og einn skrifar niður a.m.k. þrjár hugmyndir að markmiðum sem tilheyra hans flokki á miða sem fara í sameiginlega hrúgu (líkt og á skólafundi). Athugið að hugmyndin er að skrá niður möguleg markmið, ekki endilega hvernig þau eru í dag.
- d) Hópurinn fer sameiginlega yfir markmiðin sem safnast með gagnrýnum huga og talar sig niður á sameiginlega niðurstöðu hópsins sem ritari skráir niður.
- e) Að lokum eru nýju markmiðin borin saman við þau markmið sem fyrir eru (útprintað af heimasíðu). Sum gömlu markmiðana eru úrelt en mögulegt er að hópurinn vilji nota einhver gömlu markmiðana og bæta þeim í sín eigin, þá má vísa til þeirra með rómversku tölunum.
- f) Skila lokaniðurstöðu í möppu á OneDrive (Upload - File) sem hefur slóðina:

https://fjolbrautsudurlands-my.sharepoint.com/:f:/g/personal/1502803039_fsu_is/EuNxb6svZlJA1goTT9sHcBVbm6t6h80RmAQBXBqwotdg?e=nZbYdR

Merkja skal skjalið (Hópur 1, Hópur 2, Hópur 3, o.s.frv.)

Hópar 1 og 8: Nám

Hópar 2 og 9: Kennsla

Hópar 3 og 10: Nemendur

Hópar 4 og 11: Stjórnun

Hópar 5 og 12: Samstarf við aðra

Hópar 6 og 13: Fjármál, rekstur og aðbúnaður

Hópar 7 og 14: Upplýsingar

Niðurstöður GNOK könnun vor 2021

	Mjög sammála	Sammála	Hlutlaus	Ósammála	Mjög ósammála	Á ekki við
Námsefnið í þessum áfanga er áhugavert	25,8%	36,6%	18,6%	10,9%	7,5%	0,7%
Kennarinn í þessum áfanga kemur vel undirbúinn í tíma	56,3%	33,2%	6,6%	2,2%	1,2%	0,5%
Tíminn nýtist yfirleitt vel í þessum áfanga	36,7%	41,1%	14,3%	4,6%	2,7%	0,6%
Kennarinn í þessum áfanga sinnir mér vel í tímum	49,2%	32,4%	10,7%	4,2%	3,0%	0,5%
Námsefnið í þessum áfanga er gagnlegt	29,7%	35,6%	19,0%	7,4%	7,4%	0,9%
Kennarinn í þessum áfanga kemur með góðar útskýringar	48,5%	33,0%	9,8%	5,1%	3,3%	0,3%
Kennslan í þessum áfanga er fjölbreytt	25,6%	34,9%	20,5%	11,0%	6,3%	1,7%
Kennarinn í þessum áfanga hvetur til umhugsunar um framvindu námsins	43,1%	35,4%	13,8%	4,5%	2,4%	0,8%
Námsáætlun er fylgt í þessum áfanga	32,8%	42,6%	20,9%	0,8%	0,3%	2,6%
Kennarinn í þessum áfanga ber virðingu fyrir nemendum	54,4%	31,6%	8,0%	3,3%	2,2%	0,5%
Kennarinn í þessum áfanga er stundvís	51,1%	36,4%	8,0%	2,7%	1,1%	0,6%
Kennarinn í þessum áfanga er hvetjandi	44,9%	33,3%	14,3%	4,3%	2,6%	0,5%
Kennari skilar niðurstöðum prófa og verkefna innan eðlilegra tímamarka eða u.þ.b. 10 daga	35,6%	34,4%	16,8%	6,2%	2,9%	4,1%
Samskipti mín við kennara áfangans eru góð (samtal, tölvupóstur og fleira).	48,0%	29,3%	14,0%	4,5%	2,3%	1,9%
	Of mikið	Mikið	Hæfilegt	Lítið	Of lítið	Á ekki við
Vinnuálag í þessum áfanga er	10,1%	22,0%	60,7%	4,4%	0,0%	2,8%



Kannanir á kennslu og kennsluháttum í FSu á vorönn 2003, 2005, 2009, 2012, 2015, 2019 og 2021 - NIÐURSTÖÐUR

Þú ert beðin(n) að svara eftirfarandi spurningum af hreinskilni og samviskusemi. Könnunin er nafnlaus.		Mjög samþálað 2003v	Mjög samþálað 2005v	Mjög samþálað 2009v	Mjög samþálað 2012v	Mjög samþálað 2015v	Mjög samþálað 2019v	Mjög samþálað 2021v	Sammála 2003v	Sammála 2005v	Sammála 2009v	Sammála 2012v	Sammála 2015v	Sammála 2019v	Sammála 2021v	Hiðlægt 2003v	Hiðlægt 2005v	Hiðlægt 2009v	Hiðlægt 2012v	Hiðlægt 2015v	Hiðlægt 2019v	Hiðlægt 2021v	Öðrummála 2003v	Öðrummála 2005v	Öðrummála 2009v	Öðrummála 2012v	Öðrummála 2015v	Öðrummála 2019v	Öðrummála 2021v	Mjög samþálað 2003v	Mjög samþálað 2005v	Mjög samþálað 2009v	Mjög samþálað 2012v	Mjög samþálað 2015v	Mjög samþálað 2019v	Mjög samþálað 2021v	A ekki við 2003v	A ekki við 2005v	A ekki við 2009v	A ekki við 2012v	A ekki við 2015v	A ekki við 2019v	A ekki við 2021v	
1.	Námsefnið í þessum áfanga er áhugavert/skemmtilegt	14.8	19.6	22.3	28.1	28.2	32	36	35.4	40.2	39.9	41.1	40.1	34	37	25.5	21.1	21.6	17.4	18.1	17	19	15.2	12.1	10.7	7.5	8.4	10	11	7.7	6	4.6	5.5	4.7	7	8	1.4	0.9	0.8	0.4	0.5	2		
2.	Kennarinn í þessum áfanga kemur vel undirbúinn í tíma	35.1	36.4	44.4	50.3	45.8	55	56	46.4	46.3	41.1	37.2	41.5	30	33	13.4	12.5	10.7	7.9	8.5	10	7	3.5	3.1	2.1	2.7	2.4	3	2	1.2	1.3	1.2	1.2	1.1	2	1	0.5	0.3	0.6	0.7	0.7	1	1	
3.	Tíminn nýttist yfirleitt vel í þessum áfanga	23.4	27.6	34.2	38.8	35.8	39	37	48.4	46.3	44.7	43	43.6	38	41	18.4	16.6	14.4	10.7	13.8	14	14	7.7	7.1	4.1	4.6	4.1	6	5	1.9	2.1	2.3	2.3	2.1	2	3	0.3	0.3	0.6	0.6	1	1	1	
4.	Kennarinn í þessum áfanga sinnir mér vel í tímum	23.3	26.6	32.9	38.3	36.7	48	49	43.1	42.1	40.9	40.4	40.2	30	32	22.4	19.8	17.2	13.4	15.4	12	11	7	7.5	5.3	4.2	4.1	6	4	3.1	3.5	3	2.8	2.7	3	3	1	0.6	0.6	0.9	0.9	1	1	1
5.	Námsefnið í þessum áfanga er gagnlegt (05.09,12,15,19,21vor)	27.2	29.7	31.9	31.5	36	30		39.6	40.4	40.7	39.5	37	36		22.4	18.6	17.3	17.7	15	19		6.4	7.1	5.8	6.3	6	7		3.8	3.5	3.5	4.1	4	7		0.6	0.8	0.8	0.9	1	1	1	
5.	Auðvelt er að skrifa niður glósur í þessum áfanga (2003vor)	17.3							32.1							22.6							9.3							3.5					15.1									
6.	Kennarinn í þessum áfanga kemur með góðar útskýringar	28.7	33.6	38.1	41.1	40.3	48	49	45.1	42.3	39.7	40.9	40.5	30	33	14.3	13.7	12.5	10	10.8	11	10	8.1	6.8	5.6	4.4	4.7	6	5	3.1	3.3	3.4	3	2.8	4	3	0.7	0.3	0.7	0.6	0.9	1	0	
7.	Kennslan í þessum áfanga er fjölbreytt	14.8	17.6	21.4	25.8	23.7	26	26	32.9	35.7	32.3	37.1	38.3	31	35	28.1	24.9	26	20.7	22.6	20	21	15.4	14.3	12.9	10	10	13	11	6.3	6.1	5.8	4.9	3.9	6	6	2.5	1.4	1.6	1.4	1.5	3	2	
8.	Kennarinn í þessum áfanga hvetur til spurninga	17	21	25.3	29.9	27.2	42		34.6	36.8	34.8	38.3	37.4	30		31.7	27.2	26.2	20.8	24.5	17		11	9.8	8.7	5.9	5.9	7		3	3.5	3.3	3.2	2.5	3	2.8	1.6	1.7	1.9	2.5	2			
9.	Kennsluáætlun er fylgt í þessum áfanga	25	30	35	37.8	36.1	38	33	46.8	43.1	42	42.4	41.6	36	43	23.5	22.3	19.1	14.4	17.4	19	21	2.6	2.7	1.6	2.2	1.8	3	1	1	1.1	1.2	1.1	0.8	2	0	1.1	0.8	1	2.1	2.3	3	3	
10.	Kennarinn í þessum áfanga ber virðingu fyrir nemendum	29.2	34.9	40.8	47	44.9	57	54	44.4	39.8	39.1	38.3	39.8	25	32	17.4	16.9	13.6	9.5	10.8	10	8	5.2	5.1	3.3	2.5	2.5	5	3	3	2.8	2.7	2.4	1.7	3	2	0.7	0.5	0.6	0.3	0.3	1	1	
11.	Mér finnst þessi áfangi áhugaverður	17.4	22.2	25.9	29.7	30.7	32		31.8	32.9	31.5	36.8	33.9	31		22.7	23.1	23.1	17	18.7	18		14.8	11.8	10.5	8.8	9.1	9		11.3	8.5	7.5	7.1	7.1	9	2	1.5	1.5	0.5	0.5	1			
12.	Kennarinn í þessum áfanga er stundvís	37.6	42.9	46.2	47.6	44.6	48	51	42.9	40	37.9	40.3	42.1	33	36	12.4	9.4	10.2	8.1	8.8	10	9	5.3	4.2	3.5	2.7	3.2	5	3	1.6	2.8	1.7	1	0.8	3	1	0.3	0.7	0.3	0.3	0.5	1	1	
13.	Kennarinn í þessum áfanga er hvetjandi	20.9	26.3	29.8	35.4	34.2	42	45	40	37.7	37.9	40.8	39.5	30	33	28.2	25.7	22.5	16	18.9	17	14	7	6.4	5	4.1	4.1	5	4	3.4	3.5	3.7	3.4	2.7	4	3	0.6	0.4	1.1	0.3	0.6	1	1	1
14.	Kennarinn í þessum áfanga hvetur til umhugsunar um framvindu námsins							43							35								14							5														
15.	Kennari skilar niðurstöfum prófa og verkefna innan eðlilegra tímamarka (10 daga)							36							34								17							6														
16.	Samspiki mín við kennara áfangans eru góð (samtal, tölvupóstur og fleira)							48							29								14							5														
17.	Í þessum áfanga er skjálvarpi notað (2003vor)	2.6							24.3							14.7														5.1														
18.	Vinnuálag í þessum áfanga er	9.9	8.4	7.7	9.5	6.9	8	10	20.7	23.5	22.4	22	20.1	18	22	59.1	60.5	62.7	60.5	65.1	63	61	8.4	5.9	5.9	5.6	5.4	7	4	0.6	0.6	0.6	0.8	0.6	1	0	1.3	1	0.8	1.6	1.9	2	3	

Uppfærð markmið skólans

1. Nám og kennsla

a. Nám

Markmiðin eru að:

- námsframboð verði endurskoðað á hverri önn, með hliðsjón af aðalnámskrá framhaldsskóla. (H)
- boðið sé upp á fjölbreyttar námsbrautir og áhugaverða áfanga. (H)
- boðið sé upp á nám við hæfi fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku sem undirbýr þá undir nám á öðrum námsbrautum skólans og/eða þátttöku í atvinnulífinu. (H)
- ii. nemendum sem leggja sig fram í námi og/eða sýna árangur sé umbunað. (H)
- iii. nemendur fái nám við hæfi þar sem grunnþættir menntunar eru hafðir að leiðarljósi: Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, sköpun, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi. (H)
- iv. að nám sé í tengslum við þróun í atvinnulífinu. (H)

b. Kennsla

Markmiðin eru að:

- kennsluhættir séu fjölbreyttir, í stöðugri þróun og taki mið af ólíkum þörfum nemenda. (K)
- stuðlað sé að endurmenntun kennara. (H)
- aðbúnaður til kennslu sé sem bestur, hvort sem um ræðir stað- eða fjarkennslu. (H)
- lögð er áhersla á gæðakennslu.
- að 90% nemenda telji að kennslan í skólanum sé mjög góð eða góð. (K)
- stutt sé við faglegt starf og nýbreytni innan námsgreina. (H)
- samstarf sé milli námsgreina. (H)
- v. námsáætlanir séu skýrar, aðgengilegar og uppfærðar. (G)
- vi. niðurstöður námsmats séu rýndar í lok hverrar annar. (G)
- vii. námsmat sé fjölbreytt. (G)
- viii. skólinn býður upp á fjarnám í kjarnagreinum og dönsku fyrir grunnskólanemendur sem náð hafa hæfniviðmiðum 10. bekkjar. (G)
- ix. skólinn sé opinn fyrir nýjungum í kennslu. (H)
- x. boðið sé upp á besta fáanlega námsefnið á hverjum tíma. (H)

2. Mennska

a. Nemendur

Markmiðin eru að:

- i. nemendum líði vel í skólanum. (K)
 - að minnsta kosti 95% nemenda líði vel eða mjög vel í skólanum.
 - að 90% nemenda séu ánægðir með veruna í FSu.
 - að 90% nemenda séu ánægðir með aðstöðuna í skólanum.
 - að 90% nemenda séu ánægðir með félagslífið.
- ii. skólinn stuðli að því að efla gagnrýna hugsun og styrki siðferðiskennd nemenda. (H)
- iii. brotthvarf frá upphafi til loka hvernar annar verði undir 9,0%. (G)
- iv. náms- og starfsráðgjöf:
 - standi vörð um velferð nemenda, styðji þá í námi og aðstoði við val á framhaldsnámi. (H)
 - styðji við nemendur með greiningar og nemendur sem hafa ítrekað fallið í áföngum. (H)
- v. nemendur séu upplýstir um þær námsleiðir sem bjóðast. (H)
- vi. skólinn veiti nemendum með sérþarfir þjónustu. (H)
- vii. skólinn stuðli að heilbrigðum lífsstíl og þroska nemenda. (H)
- viii. stuðlað sé að styrkari sjálfsmynd og sjálfstæði nemenda. (H)
- ix. unnið sé að forvörnum í tengslum við ávanabindandi efni s.s. níkótín, áfengi og fíkniefni. (H)
- x. spornað sé gegn áhættu-, fíkní- og sjálfsskaðandi hegðun. (H)
- xi. stuðla að jákvæðu andrúmslofti í skólanum þar sem gagnkvæm virðing ríkir. (K)
- xii. stuðlað sé að öfluglu félagslífi nemenda á skólatíma. (H)
- xiii. einelti er ekki liðið. (K)

b. Stjórnun

Markmiðin eru að:

- i. lýðræðisleg vinnubrögð séu viðhöfð í skólanum. (H)
- ii. starfsfólk sé ráðið með tilliti til réttinda og hæfni sbr. starfsmannastefnu og jafnréttisáætlun. (H)
- iii. unnið verði eftir gæðamatskerfi skólans. (H)
 - að greina styrkleika/veikleika skólasamfélagsins. (H)
- iv. líðan starfsmanna og ánægja í starfi sé góð. (K)
 - góður starfsandi þ.e. 90% telja hann mjög góðan eða góðan.
 - ánægja í starfi þ.e. 90% eru mjög ánægðir eða ánægðir.
 - góð vinnuaðstaða þ.e. 90% telja hana mjög góða eða góða.
 - ánægja með stjórnun skólans, stjórnendur séu réttlátir, skapi traust og taki tillit til gagnrýni þ.e. 90% eru mjög ánægðir eða ánægðir.
- v. starfsmannasamtöl verði fastur liður í starfi stjórnenda. Stefnt skal að starfsmannasamtali við hvern starfsmann á hverju ári. (G)
- vi. unnið sé að verkefninu „Skólinn í okkar höndum“. (T)
- vii. unnið verði markvisst að þróunarmálum. (H)
- viii. rannsóknnum á skólastarfinu verði haldið áfram. (H)
- ix. gagnkvæm virðing ríki milli stjórnenda, kennara, annars starfsfólks og nemenda. (K)

- x. stjórnendur sýni starfsfólki skólans faglegt traust. (H)
- xi. starfsmannafélag vinni að jákvæðum félagsanda meðal starfsfólks. (H)
- xii. kennarafélag vinni að hagsmunum kennara. (H)
- xiii. skipurit skólans sé skýrt. (G)
- xiv. nýjir starfsmenn skólans fái stuðning í starfi. (H)
- stjórnendur skólans leiðbeini nýjum starfsmönnum. (H)
- fagstjórar sjái um aðlögun nýrra kennara. (H)
- xv. upplýsingaflæði í skólanum sé ávallt skilvirkt og skilaboð skýr. (H)

c. Samstarf við aðra

Markmiðin eru að:

- i. skapaður sé farvegur fyrir tengsl við grunnskóla á svæðinu. (H)
- ii. skólinn hafi skýra forvarnarstefnu og starfi með sveitarfélögum á svæðinu. (H)
- iii. samstarf sé við foreldrafélag skólans. (G)
- iv. þrískólasamstarfi (FVA, FS og FSu) verði haldið áfram. (H)
- v. skólinn eigi faglegt samstarf við aðra framhaldsskóla, sérskóla og háskóla landsins. (H)
- vi. skólinn haldi uppi öflugum tengslum við atvinnulífið/samfélagið. (H)
- vii. skólinn og Hollvarðasamtök skólans vinni í sameiningu að hagsmunum skólans. (H)
- viii. erlend samskipti:
 - veiti nemendum skólans á sem flestum sviðum/brautum tækifæri til að kynnast og upplifa menningu annarra þjóða. (H)
 - auki víðsýni og samkennd nemenda. (H)
 - stuðli að aukinni hæfni nemenda í þeim námsgreinum sem þeir leggja stund á. (H)
 - styrki kennara skólans faglega og efli sjálfstraust þeirra, sjálfstæði og víðsýni. (H)
 - kynni skólann og umhverfi hans. (H)
- ix. stuðlað sé að góðri ímynd skólans. (H)
- x. skólinn sé í samstarfi við ýmis félög og samtök. (H)

3. Starfsumhverfi

a. Fjármál, rekstur og aðbúnaður

Markmiðin eru að:

- i. rekstur uppfylli náms- og uppeldismarkmið skólans og sé innan marka fjárlaga. (G)
- ii. mötuneyti gefi nemendum og starfsfólki kost á fjölbreyttu, næringarríku og hollu fæði. (H)
- iii. mötuneyti skólans verði rekið með sjálfbærni að leiðarljósi. (G)
- iv. nýting og uppbygging húsnæðis sé í stöðugri endurskoðun með tilliti til þarfa nemenda og starfsfólks. (H)
- v. vinnuaðstaða kennara verði ávallt heilsusamleg og í takt við kröfur hvers tíma. (H)
- vi. stefnt skal að því að umgengni í skólanum sé ávallt í góðu lagi. (H)
- vii. fyrirbyggja skal slysaættu af vélum, tækjum og skaðlegum efnum sem notuð eru í skólanum. (H)
- viii. tölvukerfi skólans sé öflugt, öruggt og áreiðanlegt:
 - nemendur og starfsfólk geti nýtt sér upplýsinga- og tölvutækni. (H)
 - auðveldi samskipti nemenda og starfsfólks. (H)

- haldi utan um og varðveiti á öruggan hátt upplýsingar er varða skólann. (H)
- ix. skólinn stuðli að því að nemendur geti stundað nám við skólann með sem minnstri röskun á búsetu. (H)
- x. innkaup skólans séu ávallt með sjálfbærni að leiðarljósi. (G)

b. Upplýsingar

Markmiðin eru að:

- i. vefur skólans sé aðgengilegur, uppfærður reglulega og endurspegli skólanámskrá FSu og að hann sé kynntur nemendum og starfsfólki árlega. (H)
- ii. tímabundnar upplýsingar er varða skólastarfið séu aðgengilegar meðal annars á upplýsingaskjám og heimasíðu skólans. (H)
- iii. skrifstofa annist ýmsa þjónustu, haldi utan um og miðli upplýsingum er varða skólasamfélagið. (H)
- iv. bókasafn veiti nemendum og kennurum góða möguleika til upplýsingaöflunar. (H)
- v. dagatal veiti greiðan aðgang að dagsetningu atburða er tengjast skólalífinu s.s vettvangsferðum og félagslífi nemenda. (H)
- vi. fréttum sé haldið úti á vefmiðlum skólans. (H)
- vii. nemendur og starfsfólk skólans viti hvernig eigi að bregðast við skyndilegum áföllum. (H)
- viii. upplýsingar um hverjir starfa við skólann séu aðgengilegar. (G)
- ix. skýrslur dragi saman upplýsingar um einstaka þætti skólastarfsins og auki upplýsingaflæði. (H)
- x. saga skólans sé sýnileg. (G)